**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1178/2011** **2013/EES/56/11**

**frá 3. nóvember 2011**

**um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 7. gr. (6. mgr.), 8.gr. (5. mgr.) og 10. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er stefnt að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu. Í þeirri reglugerð er kveðið á um leiðir til að ná því markmiði sem og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.

2) Flugmenn, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, sem og flughermisþjálfar (FSTD), einstaklingar og aðilar, sem koma að þjálfun, prófun eða mati á hæfni hjá þessum flugmönnum, skulu uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu flugmenn sem og einstaklingar og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun þeirra, fá vottun þegar staðfest hefur verið að þau uppfylla grunnkröfur.

3) Á sama hátt skal gefa út heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn og votta skal fluglækna, sem bera ábyrgð á að meta heilbrigði flugmanna, þegar staðfest hefur verið að þeir uppfylla viðeigandi grunnkröfur. Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er þó gert ráð fyrir möguleikanum á því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglæknis við sérstök skilyrði og ef landslög leyfa það.

4) Öryggis- og þjónustuliðar, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu öryggis- og þjónustuliðar reglulega gangast reglulega undir mat á því hvort heilbrigði þeirra gerir þeim kleift að gegna störfum sem þeim eru falin með öruggum hætti. Sýna verður fram á að kröfur séu uppfylltar með viðeigandi mati sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði.

5) Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin fyrir vottun flugmanna sem og einstaklinga, sem koma að þjálfun þeirra, prófunum eða mati á hæfni, fyrir staðfestingu öryggis- og þjónustuliða og fyrir mat á heilbrigði þeirra.

6) Mæla skal fyrir um kröfur og málsmeðferð vegna breytingar á þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini til að tryggja að þeir geti sinni þeirri starfsemi við samræmd skilyrði, einnig skal réttindum til reynsluflugs breytt í samræmi við þessa reglugerð.

7) Aðildarríki ættu að geta samþykkt skírteini sem gefin eru út af þriðja landi þar sem hægt er að tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Mæla skal fyrir um skilyrðin fyrir samþykki skírteina sem gefin eru út af þriðja landi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

8) Til að tryggja að tekið verði tillit til þjálfunar, sem var hafin áður en þessari reglugerð var hrint í framkvæmd, í því skyni að fá flugmannsskírteini skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir viðurkenningu á þjálfun sem hefur þegar verið lokið sem og skilyrðin fyrir viðurkenningu á herþjónustuskírteinum.

9) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og yfirvöldum aðildarríkja nægan tíma til að laga sig að þessum nýja regluramma, að veita aðildarríkjum tíma til að gefa út sérstök flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð, sem ekki falla undir JAR-kröfurnar, og til að viðurkenna gildi útgefinna skírteina og vottorða, undir tilteknum skilyrðum, sem og mat á flugheilbrigði sem framkvæmt er áður en reglugerð þessi tekur gildi.

10) Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum ([2]) er felld úr gildi í samræmi við 2. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Ráðstafanir sem samþykktar eru í þessari reglugerð skulu teljast samsvarandi ráðstafanir.

11) Til að tryggja snurðulaus umskipti og samræmt öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu skulu framkvæmdarráðstafanir endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði flugþjálfunar og flugheilbrigði áhafnar. Því skal tillit tekið til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða, sem samþykkt eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) til 30. júní 2009, og núverandi löggjafar, sem varðar tiltekið landsvæði.

12) Stofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni**

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um nákvæmar reglur fyrir:

1) mismunandi áritanir sem eru skráðar í flugmannsskírteini, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinin, réttindi og skyldur handhafa skírteina, skilyrðin fyrir því að breyta núverandi þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannaskírteini sem og skilyrðin fyrir samþykki skírteina frá þriðju löndum,

2) vottun einstaklinga, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi og á að meta færni flugmanns,

3) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða sem og skilyrðin fyrir því að breyta þjóðarheilbrigðisvottorðum í almennt viðurkennd heilbrigðisvottorð,

4) vottun fluglækna sem og skilyrðin fyrir því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglækna,

5) reglulegt mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og færni einstaklinga sem bera ábyrgð á þessu mati.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Skírteini samkvæmt FCL-hluta“: flugliðaskírteini sem uppfyllir kröfur I. viðauka,

2) „JAR-kröfur“: kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu sem samþykktar eru af Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) sem voru í gildi 30. júní 2009,

3) „Flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL)“: flugmannsskírteini til tómstundaflugs sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

4) „Skírteini sem uppfyllir JAR-kröfur“: flugmannsskírteini og tengdar áritanir, vottorð, heimildir og/eða hæfni, sem gefin eru út eða viðurkennd, í samræmi við landslöggjöf, sem endurspeglar JAR-kröfur, og verklagsreglur aðildarríkis sem hefur hrint viðeigandi JAR-kröfum í framkvæmd og sem hefur verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfi Flugöryggissamtaka Evrópu hvað slíkar JAR-kröfur varðar.

5) „Skírteini sem ekki uppfyllir JAR-kröfur“: flugmannsskírteini sem gefið er út eða viðurkennt af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf en hefur ekki verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar hvað viðeigandi JAR-kröfur varðar,

([2]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 21.

6) „Viðurkenning“: viðurkenning á fyrri reynslu eða hæfni,

7) „Viðurkenningarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar viðurkenningu á fyrri reynslu eða hæfni,

8) „Umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skírteini í skírteini samkvæmt FCL-hluta,

9) „Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna, sem uppfylla JAR-kröfur“: vottorð sem gefin eru út eða viðurkennd í samræmi við landslöggjöf, sem endurspeglar JAR-kröfur, og verklagsreglur aðildarríkis sem hefur hrint viðeigandi JAR-kröfur í framkvæmd og sem hefur verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfi Flugöryggissamtaka Evrópu hvað slíkar JAR-kröfur varðar,

10) „Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna, sem ekki uppfylla JAR-kröfur“: vottorð sem gefin eru út eða viðurkennd af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf en hefur ekki verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar hvað viðeigandi JAR-kröfur varðar.

*3. gr.*

**Veiting flugmannsskírteina og útgáfa heilbrigðisvottorða**

Flugmenn loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í I. og IV. viðauka við þessa reglugerð, sbr. þó 7. gr.

*4. gr.*

**Núverandi þjóðarskírteini flugmanna**

1. Skírteini sem uppfylla JAR-kröfur, sem eru gefin út eða viðurkennd af aðildarríki fyrir 8. apríl 2012, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í ARA-hluta eigi síðar en 8. apríl 2017.

2. Aðildarríkið, sem gaf út eða viðurkenndi skírteini sem ekki uppfylla JAR-kröfur, þ.m.t. allar tengdar áritanir, vottorð, heimildir og/eða réttindi, áður en reglugerð þessi tók gildi, skal breyta þeim í skírteini samkvæmt FCL-hluta.

3. Skírteinum sem ekki uppfylla JAR-kröfurnar skal breytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta og tengdar áritanir eða vottorð í samræmi við:

a) ákvæði II. viðauka eða

b) þættina sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu.

4. Umbreytingarskýrslan skal:

a) gerð af aðildarríkinu sem gaf út flugmannsskírteinið að höfðu samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu (stofnunina),

b) lýsa landsbundnum kröfum sem voru til grundvallar útgáfu flugmannsskírteinanna,

c) lýsa umfangi þeirra réttinda sem flugmönnunum voru veitt,

d) tilgreina fyrir hvaða kröfur í I. viðauka er verið að veita viðurkenningu,

e) tilgreina allar takmarkanir sem þurfa að koma fram á skírteini samkvæmt FCL-hluta og allar kröfur sem flugmaðurinn þarf að uppfylla til að aflétta þessum takmörkunum.

5. Umbreytingarskýrslan skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á þættina sem settir eru fram í a- til e-lið 4. mgr., þ.m.t. afrit af viðeigandi kröfum og málsmeðferð hvers ríkis. Við samningu umbreytingarskýrslunnar skulu aðildarríki leitast við að tryggja, eins og unnt er, að flugmenn haldi núverandi umfangi starfsemi sinnar.

6. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. skulu handhafar vottorða sem flokkskennarar eða flokksprófdómarar, sem hafa réttindi fyrir afkastamikil flókin einstjórnarloftför, breyta þessum réttindum í vottorð sem tegundarkennarar eða tegundaprófdómarar fyrir einstjórnarloftför.

7. Aðildarríki getur heimilað flugnema að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en hann/hún uppfyllir allar nauðsynlegar kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför með eftirfarandi skilyrðum:

a) réttindin skulu takmarkast við yfirráðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess,

b) réttindin skulu takmarkast við afmarkað landsvæði og við eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli með hámarksflugtaksmassa sem fer ekki yfir 2000 kg og taka ekki til farþegaflutninga,

c) þessar heimildir skulu veittar á grundvelli einstaks öryggisáhættumats, sem kennari framkvæmir í kjölfar heildar áhættumats sem aðildarríki framkvæmir,

d) aðildarríkið skal leggja reglubundna skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og stofnunina á þriggja ára fresti.

*5. gr.*

**Núverandi þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna í aðildarríkjunum**

1. Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna sem uppfylla JAR-kröfurnar og gefin eru út eða viðurkennd af aðildarríkjum áður en þessi reglugerð tekur gildi skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu skipta heilbrigðisvottorðum flugmanna og vottorðum fluglækna út fyrir vottorð sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í ARA-hlutanum eigi síðar en 8. apríl 2017.

3. Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna sem ekki uppfylla JAR-kröfur, sem gefin eru út af aðildarríkjum áður en þessi reglugerð tekur gildi, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2017, eftir því hvort er á undan.

4. Framlengingin á gildistíma vottorðana sem um getur í 1. og 2. mgr. skal vera í samræmi við ákvæði IV. viðauka.

*6. gr.*

**Umbreyting á réttindum til reynsluflugs**

1. Flugmenn sem framkvæmdu reynsluflug í 1. og 2. flokki, eins og skilgreint er í viðauka við reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ([3]), áður en reglugerð þessi tók gildi, eða sem kenndu reynsluflugmönnum, skulu fá reynsluflugsréttindum sínum breytt í reynsluflugsáritanir í samræmi við I. viðauka þessarar reglugerðar og, þar sem við á, vottorð sem kennari reynsluflugmanna frá því aðildarríki sem gaf út reynsluflugsréttindin.

2. Þessi breyting skal fara fram í samræmi við umbreytingar-skýrslu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 4.gr.

*7. gr.*

**Núverandi þjóðarskírteini flugvélstjóra í aðildarríkjunum**

1. Til að breyta skírteini flugvélstjóra, sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, í skírteini samkvæmt FCL-hluta skal handhafi þess sækja um það hjá aðildarríkinu sem gaf út skírteinið.

2. Skírteini flugvélstjóra skal breytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta í samræmi við umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 4.gr.

([3]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

3. Þegar sótt er um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL) fyrir flugvélar skulu ákvæðin um viðurkenningu í 2. mgr. c-liðar FCL.510.A í I. viðauka uppfyllt.

*8. gr.*

**Skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum**

1. Með fyrirvara um 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og að því tilskildu að Sambandið og þriðja land hafi ekki gert samning sín á milli varðandi leyfisveitingar flugmanna er aðildarríkjum heimilt að taka gilt skírteini frá þriðja landi sem og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út eða fyrir hönd þriðja lands, í samræmi við ákvæði III. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Umsækjendur um skírteini samkvæmt FCL-hluta sem fyrir hafa a.m.k. jafngilt skírteini, áritun eða vottorð, sem gefið var út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins af þriðja landi, skulu uppfylla allar kröfur I. viðauka þessarar reglugerðar nema draga má úr kröfum um lengd námskeiðs, fjölda kennslustunda og tímafjölda sérstakrar þjálfunar.

3. Viðurkenningar þær sem veittar eru umsækjandanum skulu ákvarðast af því aðildarríki sem flugmaðurinn sækir um hjá á grundvelli meðmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

4. Handhöfum atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, sem gefið er út af þriðja landi eða fyrir hönd þess í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, sem uppfylla kröfurnar um reynslu sem þarf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks fyrir viðeigandi gerð loftfara, eins og sett er fram í F-kafla I. viðauka við þessa reglugerð, má veita fulla viðurkenningu hvað varðar kröfurnar um að sitja eigi þjálfunarnámskeið áður en próf er tekið í bóklegri þekkingu og færnipróf, að því tilskildu að skírteini þriðja lands innihaldi gilda tegundaráritun fyrir loftfarið sem nota á við færniprófið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks.

5. Gefa má út tegundaráritun fyrir flugvélar eða þyrlur til handhafa skírteina samkvæmt FCL-hluta sem uppfylla kröfur fyrir útgáfu þessara áritana sem þriðja land hefur fastsett. Slíkar áritanir verða einskorðaðar við loftför sem skráð eru í því þriðja landi. Aflétta má þessum hömlum þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í lið C.1 í III. viðauka.

*9. gr.*

**Viðurkenning á þjálfun sem hófst áður en reglugerð þessi tók gildi**

1. Að því er varðar útgáfu skírteina samkvæmt FCL-hluta í samræmi við I. viðauka skal viðurkenna að fullu þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi í samræmi við kröfur og málsmeðferðarreglur Flugöryggissamtaka Evrópu, undir lögboðnu eftirliti aðildarríkis sem mælt hefur verið með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfis Flugöryggissamtaka Evrópu í tengslum við viðeigandi JAR-kröfur, að því tilskildu að þjálfun og prófun sé lokið eigi síðar en 8. apríl 2016.

2. Þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, skal viðurkennd vegna útgáfu skírteinis samkvæmt FCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríki í samráði við stofnunina.

3. Viðurkenningarskýrslan skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur skírteini samkvæmt FCL-hluta hljóta viðurkenningu og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skírteini samkvæmt FCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á umfang þjálfunarinnar og af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

*10. gr.*

**Viðurkenning á flugmannsskírteinum sem fengin eru við herþjónustu**

1. Til að handhafar skírteina sem herflugliðar geti fengið skírteini samkvæmt FCL-hluta skulu þeir sækja um það til þess aðildarríkis þar sem þeir gegndu herþjónustu.

2. Sú þekking, reynsla og hæfni sem aflað hefur verið við herþjónustu verður viðurkennd með tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka í samræmi við þá þætti viðurkenningarskýrslu sem unnin var af aðildarríkinu í samráði við stofnunina.

3. Viðurkenningarskýrslan skal:

a) lýsa þeim landskröfum sem voru til grundvallar útgáfu á herþjónustuskírteinum, áritunum, vottorðum, heimildum og/eða réttindum.

b) lýsa umfangi þeirra réttinda sem flugmönnum voru veitt,

c) tilgreina fyrir hvaða kröfur í I. viðauka er verið að veita viðurkenningu,

d) tilgreina allar takmarkanir sem þurfa að koma fram á skírteinum samkvæmt FCL-hluta og tilgreina allar kröfur flugmenn þurfa að uppfylla til að aflétta þessum takmörkunum,

e) innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á ofangreinda þætti, ásamt afritum af viðeigandi landskröfum og málsmeðferðarreglum.

*11. gr.*

**Heilbrigði öryggis- og þjónustuliða**

1. Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu fara að tæknilegum kröfum og stjórnsýslumeðferðinni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Heilbrigðisskoðanir eða heilbrigðismat öryggis- og þjónustuliða sem framkvæmt var í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([4]) og sem enn eru í gildi þegar reglugerð þessi tekur gildi skulu teljast í gildi samkvæmt þessari reglugerð fram að þeirri dagsetningu sem ber upp fyrst:

a) við lok þess gildistíma sem lögbær yfirvöld ákveða í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 eða

b) við lok gildistíma sem kveðið er á um í liðnum MED.C.005 í IV. viðauka.

Gildistími skal teljast frá dagsetningu síðustu heilbrigðisskoðunar eða heilbrigðismats.

Eftir að gildistími rennur út skal allt endurmat á flugheilbrigði framkvæmt í samræmi við IV. viðauka.

*12. gr.*

**Gildistaka og beiting**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2012.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki eftirfarandi ákvæðum I. viðauka fyrr en 8. apríl 2015:

a) ákvæðum sem tengjast flugmannsskírteinum fyrir vænghnitur, loftskip, loftbelgi og svifflugu,

b) ákvæði B-kafla,

c) ákvæði liða FCL.800, FCL.805, FCL.815 og FCL.820,

d) ef um er að ræða þyrlur, ákvæði 8. liðar í J-kafla,

e) ákvæði 10. og 11. liðar í J-kafla.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að umbreyta ekki skírteinum vegna loftfara og þyrla sem þau hafa gefið út og ekki uppfylla JAR-kröfurnar sem þau gefa út fyrr en 8. apríl 2014.

([4]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum þessarar reglugerðar á flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu, sem ekki er í ábataskyni, á loftförum sem tilgreind eru í b- eða c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fyrr en 8. apríl 2014.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum 3. liðar í B-kafla IV. viðauka fyrr en 8. apríl 2015.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum C-kafla í IV. viðauka fyrr en 8. apríl 2014.

7. Þegar aðildarríki nýtir sér ákvæði 2. til 6. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2011.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

*I. VIÐAUKI*

**[FCL-HLUTI]**

A-KAFLI

***ALMENNAR KRÖFUR***

**FCL.001 Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan hluta skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríki tilnefnir til að taka við umsóknum einstaklinga um flugmannsskírteini eða tengdar áritanir eða vottorð.

**FCL.005 Gildissvið**

Í þessum hluta eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina og tengdra áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

**FCL.010 Skilgreiningar**

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Listflug“: flugbragð sem framkvæmt er af ásetningi sem felur í sér skyndilega breytingu á stöðu loftfars, afbrigðilega stöðu eða afbrigðilega hröðun, sem ekki er nauðsynleg fyrir hefðbundið flug eða vegna kennslu fyrir skírteini eða áritun aðra en listflugsáritun.

„Flugvél“: vélknúið, vængjað loftfar sem er þyngra en loft og helst á lofti vegna verkana loftsins á vængi þess.

„Flugvél þar sem krafist er aðstoðarflugmanns“: tegund flugvélar sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni eins og tilgreint er í flughandbókinni eða í flugrekandaskírteininu.

„Loftfar“: sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

„Flugmennska“: sýna stöðugt góða dómgreind og vel þróaða þekkingu, færni og viðhorf til að uppfylla flugmarkmiðin.

„Loftskip“: aflknúið loftfar sem er léttara en loft, að undanskildum loftskipum fyrir heitt loft, sem í þessum hluta falla undir skilgreiningu á loftbelg.

„Loftbelgur“: loftfar sem er léttara en loft sem er ekki vélknúið og heldur flugi annaðhvort með gasi eða hitara sem er um borð. Í þessum hluta er litið á hitaloftskip sem loftbelg, óháð því hvort það er vélknúið.

„Grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD)“: þjálfunartæki á jörðu niðri sem líkir eftir starfsstöð flugnemans í tilteknum flokki flugvéla. Það getur verið útbúið mælaborðum í formi skjáa og fjaðurspenntum stýrisbúnaði og er þjálfunarvettvangur fyrir a.m.k. verklag við blindflug.

„Gerð loftfars“: flokkun loftfara samkvæmt tilteknum grundvallareiginleikum, t.d. flugvél, vænghnita, þyrla, loftskip, sviffluga, laus loftbelgur.

„Flokkur flugvélar“: flokkun á einstjórnarflugvélum sem krefjast ekki tegundaráritunar.

„Flokkur loftbelgs“: flokkun á loftbelgjum sem tekur tillit til þeirra aðferða sem notaðar eru til að halda flugi.

„Flutningaflug“: flutningar á farþegum, farmi eða pósti gegn greiðslu eða leigugjaldi.

„Hæfni“: samsetning færni, þekkingar og viðhorfs sem krafist er til þess að vinna verk eftir tilskildum stöðlum.

„Hæfnisþáttur“: aðgerð, sem er hluti af verki, sem á sér upphafsatburð og endaatburð sem skilgreina mörk þess á skýran hátt, og sem hefur sjáanlega niðurstöðu.

„Hæfniseining“: stök aðgerð sem samanstendur af mörgum hæfnisþáttum.

„Aðstoðarflugmaður“: flugmaður sem er ekki flugstjóri í loftfari þar sem krafist er fleiri en eins flugmanns, en ekki flugmaður sem er um borð í loftfarinu einungis í þeim tilgangi að fá flugkennslu til skírteinis eða áritunar.

„Landflug“: flug milli brottfararstaðar og komustaðar í samræmi við fyrirfram ákveðna flugleið þar sem notað er staðlað verklag við flugleiðsögu.

„Aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi“: flugmaður sem leysir aðstoðarflugmann af við stjórntækin í farflugi yfir fluglagi 200 í fjölstjórnarumhverfi.

„Fartími með kennara“: fartími eða blindflugsæfingatími á jörðu þar sem viðkomandi fær flugkennslu frá kennara með tilskilin réttindi.

„Mistök“: aðgerð eða aðgerðaleysi flugliða sem leiðir til frávika frá væntu skipulagi varðandi framgang flugsins.

„Mistakastjórnun“: ferlið við að greina mistök og bregðast við þeim með mótaðgerðum sem draga úr afleiðingum mistaka eða útrýma þeim og draga úr líkindum á mistökum eða óæskilegu ástandi loftfara.

„Flughermir með fullri hreyfingu“: eftirlíking í fullri stærð af stjórnklefa í loftfari af tiltekinni tegund eða gerð, árgerð og raðframleiðslu, þ.m.t. samsetning allra tækja og hugbúnaðar sem nauðsynleg eru til að samsvara stjórnun loftfarsins í aðgerðum á jörðu niðri og á flugi, sjónrænt kerfi, sem hermir eftir útsýni frá stjórnklefanum, ásamt aflhreyfikerfi.

„Fartími“:

fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur (e. *touring motor gliders)* og vænghnitur, er fartími sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

fyrir þyrlur, er fartími sá heildartími frá því að þyrilblöð þyrlunnar byrja að snúast þar til þyrlan stöðvast að afloknu flugi og þyrilblöðin stöðvast.

fyrir loftskip, er fartími sá heildartími frá því að loftskip er losað frá mastrinu í þeim tilgangi að hefja það á loft þar til að loftskipið stöðvast að afloknu flugi og hefur verið bundið við mastrið,

fyrir svifflugur, er fartími sá heildartími frá því að svifflugan hefur keyrslu sína á jörðu niðri í því skyni að hefja sig á loft þar til að svifflugan stöðvast að afloknu flugi,

fyrir loftbelgi, er fartími sá heildartími frá því að karfan lyftist frá jörðu í því skyni að hefja sig á loft þar til að hún stöðvast að afloknu flugi.

„Fartími í samræmi við blindflugsreglur“: allur sá fartími þar sem loftfarinu er stjórnað í samræmi við blindflugs-reglur.

„Flugþjálfunartæki“ (FTD): eftirlíkingar í fullri stærð af tækjum, búnaði, mælaborðum og stjórntækjum tiltekinnar tegundar loftfars í opnum eða lokuðum stjórnklefa, þ.m.t. samsetning búnaðar og hugbúnaðar sem nauðsynleg eru til að sýna dæmigerðar aðstæður í loftfarinu á jörðu niðri og í flugi að því marki sem uppsetning kerfanna í tækinu leyfir. Ekki er þörf á aflhreyfikerfi eða sjónrænu kerfi, nema að því er varðar þyrluflugþjálfunartæki 2 og 3 þar sem sjónrænna kerfa er krafist.

„Flugleiðsöguþjálfi“ (FNPT): þjálfunarbúnaður sem samsvarar umhverfi stjórnklefa, þar á meðal samsetning búnaðar og hugbúnaðar sem nauðsynlegur er til að líkja eftir tegund eða flokki loftfars í starfrækslu að því marki sem kerfin virðast starfa eins og í loftfari.

„Hópur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum þar tekið er tillit til stærðar eða rúmmáls belgsins.

„Þyrla“: loftfar, sem er þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á einn eða fleiri aflknúna þyrla sem snúast á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir.

„Blindflugstími“: sá tími sem flugmaðurinn stjórnar loftfari á flugi eingöngu út frá mælitækjum.

„Blindflugsæfingatími á jörðu“: sá tími sem flugmaður æfir blindflug á jörðu niðri í flughermisþjálfum (FSTD).

„Blindflugsæfingatími“: blindflugstími eða blindflugsæfingatími á jörðu.

„Starfræksla í fjölstjórnarumhverfi“:

fyrir flugvélar vísar það til starfrækslu sem krefst minnst tveggja flugmanna í áhafnarsamstarfi í annaðhvort fjölstjórnar- eða einstjórnarflugvélum,

fyrir þyrlur vísar það til starfrækslu sem krefst minnst tveggja flugmanna í áhafnarsamstarfi í fjölstjórnarþyrlum.

„Áhafnarsamstarf“: samstarf flugáhafnar undir stjórn flugstjórans.

„Fjölstjórnarloftför“:

fyrir flugvélar vísar það til flugvéla sem eru vottaðar til starfrækslu með minnst tveimur flugmönnum í áhöfn,

fyrir þyrlur, loftskip og vænghnitur, vísar það til þeirra tegunda loftfara sem krafist er að séu starfræktar með aðstoðarflugmanni, eins og tilgreint er í flughandbókinni eða á flugrekandaskírteininu eða í samsvarandi skjali.

„Nótt “: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem er mælt fyrir af viðkomandi yfirvöldum, eins og það er skilgreint af aðildarríkinu.

„Annar þjálfunarbúnaður“: þjálfunarbúnaður annar en flughermar, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfar þar sem unnt er að veita þjálfun þegar fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt.

„Frammistöðuviðmiðun“: einföld matsskýrsla um niðurstöðuna sem krafist er hvað varðar hæfnisþáttinn og lýsing á þeim viðmiðunum sem eru notaðar til að meta hvort það stig frammistöðu sem krafist er hafi náðst.

„Flugstjóri“: flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug.

„Flugstjóri undir umsjón flugstjóra“: aðstoðarflugmaður sem gegnir skyldum og hlutverki flugstjóra undir umsjón flugstjórans.

„Vænghnita“: hver sú flugvél sem fær lóðrétta lyftingu og afl/lyftingu á flugi frá þyrlum í mismunandi stærðum eða frá hreyflum/knúningsbúnaði sem festur er á eða er innan í bolnum eða á vængjunum.

„Vélsvifflugа“: loftfar sem útbúið er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni svifflugu þegar hreyflar þess eru óstarfhæfir.

„Einkaflugmaður“: flugmaður sem er handhafi skírteinis sem heimilar ekki stjórnun loftfars í starfrækslu gegn gjaldi, að kennslu eða prófum undanskildum, eins og kveðið er á um í þessum hluta.

„Hæfnipróf“: sýnt fram á hæfni til að framlengja eða endurnýja áritun, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

„Endurnýjun (t.d. áritunar eða vottorðs)“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er eftir að áritun eða skírteini eru útrunnin og sem endurnýjar réttindi áritunarinnar eða skírteinisins um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

„Framlenging (t.d. áritunar eða vottorðs)“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er á gildistímabili áritunar eða skírteinis og leyfir handhafa að halda áfram að neyta réttinda áritunar eða skírteinis um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum kröfum.

„Flug“: flug sem í er flugtak, brottför, farflug ekki skemmra en 15 mínútur, koma, aðflug og lending.

„Svifflugа“: loftfar sem er þyngra en loft og haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem krefst ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur.

„Einstjórnarloftfar“: loftfar með vottun fyrir starfrækslu með einn flugmann.

„Færnipróf“: sönnun á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

„Einflugstími“: sá fartími sem flugnemi er einn í loftfarinu.

„Flugstjóri með kennara“ (SPIC): flugnemi sem starfar sem flugstjóri með kennara þar sem sá síðarnefndi fylgist einungis með flugnemanum fljúga en á ekki að hafa áhrif á eða stjórna flugi loftfarsins.

„Hættur“: atburðir eða mistök sem eiga sér stað án þess að flugliðar fái við það ráðið, sem flækja starfrækslu og sem nauðsynlegt er að bregðast við til að viðhalda öryggismörkunum.

„Hættustjórnun“: ferlið við að greina hættur og bregðast við þeim með mótaðgerðum sem draga úr afleiðingum hætta eða útrýma þeim og draga úr líkum á mistökum eða óæskilegu ástandi loftfara.

„Ferðavélsvifflugа“: sérstakur flokkur vélsvifflugu sem hefur sambyggðan, óinndrægan hreyfil og óinndræga skrúfu. Hún skal geta hafið sig á loft og klifrað fyrir eigin afli í samræmi við flughandbók viðkomandi svifflugu.

„Tegund loftfars“: flokkun loftfara þar sem krafist er tegundaráritunar, eins og ákvarðað hefur verið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í 21. hluta, og sem inniheldur öll loftför af sömu grunnhönnun, þ.m.t. allar breytingar þar á, að undanskildum breytingum sem hafa áhrif á stjórnunar- eða flugeiginleika.

**FCL.015 Umsókn og útgáfa skírteina, áritana og vottorða**

a) Umsókn um útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á flugmannsskírteinum og tengdum áritunum og vottorðum skal lögð inn hjá lögbæra yfirvaldinu á því formi og á þann hátt sem það yfirvald ákveður. Umsókninni skulu fylgja gögn sem staðfesta að umsækjandinn standist viðeigandi kröfur fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins eða vottorðsins, sem og tengdar áritanir eða viðbótaráritanir, eins og kveðið er á um í þessum hluta og MED-hlutanum.

b) Allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veita skulu tilgreindar á skírteininu eða vottorðinu af lögbæru yfirvaldi.

c) Einstaklingur má ekki vera handhafi fleiri en eins skírteinis fyrir hverja gerð loftfars sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.

d) Umsókn um útgáfu skírteinis fyrir aðra gerð loftfars, eða um útgáfu frekari áritana eða vottorða, sem og breytingu, framlengingu eða endurnýjun á þessum skírteinum, áritunum eða vottorðum, skal lögð fyrir það lögbæra yfirvald sem upphaflega gaf út flugmannsskírteinið, nema þegar flugmaðurinn hefur óskað eftir því að skipta um lögbært yfirvald og að skrár um skírteini hans og heilbrigði verði fluttar til þess yfirvalds.

**FCL.020 Flugnemi**

Flugnemi skal ekki fljúga einn nema að hann hafi til þess heimild og sé undir umsjón flugkennara.

Áður en fyrsta einflug hans/hennar fer fram skal flugnemi a.m.k. hafa náð:

hvað varðar flugvélar, þyrlur og loftskip: 16 ára aldri.

hvað varðar svifflugur og loftbelgi: 14 ára aldri.

**FCL.025 Próf í bóklegri þekkingu vegna útgáfu skírteina**

a) *Ábyrgð umsækjandans*

   1) Umsækjendur skulu taka öll próf vegna sérstaks skírteinis eða áritunar undir ábyrgð eins aðildarríkis.

   2) Samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem ber ábyrgð á þjálfun umsækjanda, skal mæla með umsækjanda til prófs þegar umsækjandi hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri.

   3) Meðmælin frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.

b) *Prófkröfur*

1) Umsækjandi telst hafa staðist próf í einni námsgrein ef hann hefur nær minnst 75% af þeim einingum sem gefnar eru fyrir verkefnið. Engar refsieiningar eru gefnar.

2) Umsækjandi hefur, nema kveðið sé á um annað í þessum hluta, lokið prófi á bóklegri þekkingu til viðeigandi flugmannsskírteinis eða áritunar á fullnægjandi hátt þegar hann/hún hefur staðist próf í öllum þeim námsgreina sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst próf.

3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist próf í einu verkefni eftir fjórar tilraunir, eða hefur ekki staðist öll próf eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann/hún þreyta öll prófin á ný.

Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af þjálfunarfyrirtækinu, og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandans.

c) *Gildistími*

1) Þegar umsækjandi hefur staðist próf í bóklegri þekkingu mun það vera í gildi:

i. í 24 mánuði vegna útgáfu á flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelg,

ii. í 36 mánuði vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða blindflugsáritunar,

iii. tímabilin í i. og ii. lið gilda frá þeim degi sem flugmaður stenst próf í bóklegri þekkingu í samræmi við 2. lið b-liðar.

2) Lúkning prófs í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) skal vera í gildi vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks í 7 ár frá síðasta gildisdegi:

i. blindflugsáritunar sem tiltekin er í skírteininu eða

ii. hvað varðar þyrlur, tegundaráritunar á þyrlu sem tiltekin er í því skírteini.

**FCL.030 Færnipróf**

a) Áður en tekið er færnipróf vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs skal umsækjandi hafa staðist viðeigandi bóklegt próf nema hvað varðar þá umsækjendur sem eru í samtvinnuðu flugnámi.

Kennslu undir viðeigandi bóklegt próf skal alltaf vera lokið áður en færnipróf eru tekin.

b) Umsækjandi um færnipróf skal hafa meðmæli skólans eða einstaklingsins sem bar ábyrgð á þjálfun hans, nema þegar atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks er gefið út. Prófdómarinn skal hafa aðgang að þjálfunarskránum.

**FCL.035 Viðurkenning á fartíma og bóklegri þekkingu**

a) *Viðurkenning á fartíma*

1) Ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta skal fartími sem viðurkenna á vegna skírteinis, áritunar eða vottorðs hafa verið floginn í loftfari af sömu gerð og það sem sótt er um skírteini eða áritun fyrir.

2) Flogið sem flugstjóri eða með kennara.

i. Umsækjandi um skírteini, áritun eða vottorð fær fulla viðurkenningu á öllum einflugstímum, fartímum með kennara eða sem flugstjóri sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

ii. Aðili sem er útskrifaður úr samtvinnuðu flugnámi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á rétt til að fá viðurkennda allt að 50 fartíma sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) í blindflugsnámi sem hluta af þeim flugstjóratímum sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, atvinnuflugmannsskírteinis og tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla loftfar.

iii. Aðili sem er útskrifaður af samtvinnuðu atvinnuflugmanns-/blindflugsnámskeiði (CPL/IR) á rétt til að fá viðurkennda allt að 50 fartíma sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) í blindflugsnámi sem hluta af þeim flugstjóratímum sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla loftfar.

3) Fartími sem aðstoðarflugmaður. Þegar handhafi flugmannsskírteinis er aðstoðarflugmaður eða flugstjóri undir umsjón flugstjóra á hann rétt á að fá viðurkennda alla fartíma sína sem aðstoðarflugmaður sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er til útgáfu hærra stigs flugmannsskírteinis, ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta

b) *Viðurkenning á bóklegri þekkingu*

1) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks telst uppfylla kröfur um bóklega þekkingu til flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis og, nema hvað varðar þyrlur, blindflugsáritunar fyrir sömu gerð loftfars.

2) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis telst uppfylla kröfur um bóklega þekkingu til flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis á sömu gerð loftfars.

3) Handhafi blindflugsáritunar, eða umsækjandi sem hefur staðist bóklegt blindflugspróf fyrir gerð loftfars, telst uppfylla að fullu kröfur um kennslu í bóklegum greinum og bókleg próf til blindflugsáritunar fyrir aðra gerð loftfars.

4) Handhafi flugmannsskírteinis hlýtur viðurkenningu upp í kröfur um kennslu í bóklegri þekkingu og bókleg próf fyrir skírteini á annarri gerð loftfars í samræmi við 1. viðbæti við þennan hluta.

Þessi viðurkenning á einnig við um umsækjendur um flugmannsskírteini sem hafa þegar staðist bóklegt próf vegna útgáfu þess skírteinis á annarri gerð loftfars, að því tilskildu að það sé innan þess gildistíma sem tilgreindur er í c-lið í hluta FCL.025.

**FCL.040 Neyting réttinda skírteina**

Neyting þeirra réttinda sem skírteinið veitir ákvarðast af gildi þeirra áritana sem í því er að finna, ef við á, og heilbrigðisvottorðinu.

**FCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum**

a) Flugmaður skal ávallt hafa gilt skírteini og gilt heilbrigðisvottorð meðferðis þegar réttinda skírteinisins er neytt.

b) Flugmaðurinn skal einnig hafa meðferðis persónuskilríki með mynd af honum/henni.

c) Flugmaður eða flugnemi skal tafarlaust framvísa flugdagbók sinni til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbærs yfirvalds.

d) Á öllum einflugum í landflugi skal flugnemi hafa meðferðis leyfið sem gerð er krafa um í a-lið í hluta FCL.020.

**FCL.050 Skráning á fartíma**

Flugmaðurinn skal geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá með dagbókarsniði sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á.

**FCL.055 Tungumálakunnátta**

a) Almennt. Flugmenn í flugvélum, þyrlum, vænghnitum og loftskipum, sem krafa er um að noti talstöðvar, skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna og áritana nema að þeir hafi áritun um tungumálakunnáttu í skírteini sínu á annaðhvort ensku eða því tungumáli sem notað er í talstöðvasamskiptum í viðkomandi flugi. Áritunin skal tilgreina tungumálið, kunnáttustigið og gildisdagsetningu.

b) Umsækjandi um áritun um tungumálakunnáttu skal sýna fram á að hann hafi tungumálakunnáttu sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, í samræmi við 2. viðbæti þessa hluta. Til að gera það skal umsækjandi geta:

1) átt virk talsamskipti í síma/talstöð og samskipti augliti til auglitis,

2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,

3) notað viðeigandi aðferðir til að boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,

4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og

5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.

c) Að undanskildum þeim flugmönnum sem hafa sýnt fram á tungumálakunnáttu á sérfræðistigi í samræmi við 2. viðbæti þessa hluta skal áritunin um tungumálakunnáttu endurmetin:

1) á fjögurra ára fresti hvað varðar starfrækslustig eða

2) á sex ára fresti hvað varðar framhaldsstig.

d) Sérstakar kröfur fyrir handhafa blindflugsáritunar. Án þess að hafa áhrif á liðina að ofan, skulu handhafar blindflugsáritunar hafa sýnt fram á færni til þess að nota ensku á því stigi sem gerir þeim kleift:

1) að skilja allar upplýsingar sem tengjast því að ljúka öllum stigum flugs, þ.m.t. undirbúningur flugs,

2) að nota talstöðvar á öllum stigum flugs, þ.m.t. þegar um neyðarástand er að ræða,

3) að hafa samskipti við aðra áhafnarmeðlimi á öllum stigum flugs, þ.m.t. við undirbúning flugs.

e) Handhafar blindflugsáritunar skulu sýna skal fram á tungumálakunnáttu sína og notkun enskrar tungu með þeirri matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.

**FCL.060 Nýleg reynsla**

a) Loftbelgir. Flugmaður skal ekki starfrækja loftbelg í flutningaflugi eða til að flytja farþega nema hann/hún hafi á síðustu 180 dögum lokið við:

1) a.m.k. þrjú flug sem flugmaður á loftbelg og a.m.k. eitt þeirra hafi verið í loftbelg í viðeigandi flokki eða hóp eða

2) eitt flug í viðeigandi flokki eða hóp loftbelgja undir umsjón leiðbeinanda sem hefur réttindi í samræmi við J-kafla.

b) Flugvélar, þyrlur, vænghnitur, loftskip og svifflugur. Flugmaður skal ekki starfrækja loftfar í flutningaflugi eða til að flytja farþega:

1) sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður nema hann/hún hafi framkvæmt a.m.k. þrjú flugtök, aðflug og lendingar á síðustu 90 dögum á loftfari af sömu tegund eða flokki eða í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeirri tegund eða flokki sem nota skal. Þessi þrjú flugtök og lendingar skal framkvæma við starfrækslu í annaðhvort fjölstjórnar- eða einstjórnarumhverfi, eftir því hvaða réttindi flugmaðurinn hefur og

2) sem flugstjóri að nóttu nema hann/hún:

i. hafi á síðustu 90 dögum framkvæmt a.m.k. eitt flugtak, aðflug og lendingu að nóttu til sem flugmaður á loftfari af sömu tegund eða flokki eða í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeirri tegund eða flokki sem nota skal, eða

ii. hafi blindflugsáritun,

3) sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi nema hann/hún:

i. hafi farið að kröfunum í 1. lið b-liðar eða

ii. hafi á síðustu 90 dögum framkvæmt a.m.k. þrjú flug sem flugmaður, sem leysir af í farflugi, á sömu tegund eða flokk loftfars, eða

iii. hafi lokið æfingu í flughermi með fullri hreyfingu til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Þessa upprifjunarþjálfun má sameina þeirri upprifjunarþjálfun fyrir flugrekstraraðila sem mælt er fyrir um í OR.OPS-hlutanum.

4) Þegar flugmaður hefur réttindi til að starfrækja fleiri en eina tegund flugvéla með svipaða eiginleika hvað varðar stjórnun og starfrækslu, má framkvæma öll þrjú flugtökin, aðflugin og lendingarnar, sem krafist er í 1. lið, í samræmi við það sem fram kemur í gögnunum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

5) Þegar flugmaður hefur réttindi til að starfa á fleiri en einni tegund einfaldra þyrla með svipaða eiginleika hvað varðar stjórnun og starfrækslu, eins og skilgreint er í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, má framkvæma öll þrjú flugtökin, aðflugin og lendingarnar, sem krafist er í 1. lið, í aðeins einni tegundanna að því tilskildu að flugmaðurinn hafi flogið a.m.k. tvo fartíma sem flugmaður á hverri tegund þyrlnanna á næstliðnum sex mánuðum.

c) Sérstakar kröfur fyrir flutningaflug:

1) Hvað varðar flutningaflug má lengja 90 daga tímabilið sem kveðið er á um í 1. og 2. lið b-liðar hér að ofan í allt að 120 daga ef flugmaðurinn flýgur leiðarflug undir umsjón tegundarkennara eða tegundarprófdómara.

2) Þegar flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfu 1. lið skal hann/hún ljúka þjálfunarflugi í loftfarinu eða í flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem nota á, sem skal fela í sér a.m.k. kröfurnar sem lýst er í 1. og 2. lið b-liðar áður en hann/hún getur neytt réttinda sinna.

**FCL.065 Réttindamissir skírteinishafa sem náð hafa 60 ára aldri eða meira í flutningaflugi**

a) Frá 60-64 ára aldri. Flugvélar og þyrlur. Handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 60 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi nema:

1) sem hluti af fjölstjórnaráhöfn, og

2) að því tilskildu að þessi handhafi sé eini flugmaðurinn í flugáhöfninni sem hefur náð 60 ára aldri.

b) Við 65 ára aldur. Handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 65 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi.

**FCL.070 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun skírteina, áritana og vottorða**

a) Skírteini, áritanir og vottorð sem gefin eru út í samræmi við þennan hluta má takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla af lögbæru yfirvaldi þegar flugmaðurinn stenst ekki kröfurnar í þessum hluta, MED-hlutanum eða viðeigandi flugrekstrarkröfur, í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í ARA-hlutanum.

b) Þegar skírteini flugmanns hefur verið afturkallað eða það ógilt tímabundið skal hann/hún tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbæra yfirvaldsins.

## B-KAFLI

## *FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LÉTT LOFTFÖR — LAPL*

### *1. ÞÁTTUR*

### ***Almennar kröfur***

**FCL.100 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Lágmarksaldur**

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa náð:

a) minnst 17 ára aldri hvað varðar flugvélar og þyrlur,

b) minnst 16 ára aldri hvað varðar svifflugur og loftbelgi.

**FCL.105 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Réttindi og skilyrði**

a) Almennt. Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri í flugi sem ekki er í ábataskyni á viðeigandi gerð loftfars.

b) Skilyrði. Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir viðeigandi gerð loftfars og, þegar við á, fyrir þann flokk eða tegund loftfars sem notað er í færniprófinu.

**FCL.110 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Viðurkenning á sömu gerð loftfars**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem hafa haft annað skírteini fyrir sömu gerð loftfars skulu fá fulla viðurkenningu í tengslum við kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför af þeirri gerð loftfars.

b) Ef skírteinið er útrunnið þarf umsækjandinn að standast færniprófið í samræmi við hluta FCL.125 til að fá útgefið flugmannsskírteini fyrir létt loftför á viðeigandi gerð loftfars, sbr. þó liðinn að ofan.

**FCL.115 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Þjálfunarnámskeið**

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal fela í sér bóklega- og verklega flugkennslu sem samsvarar veittum réttindum.

**FCL.120 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Próf í bóklegri þekkingu**

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi:

a) almennar námsgreinar:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði og

– Fjarskipti,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, og

– Flugleiðsaga.

**FCL.125 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Færnipróf**

a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Umsækjendur um færniprófið skulu hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á í færniprófinu. Réttindin takmarkast við þann flokk eða tegund loftfars sem notað er í færniprófinu þar til viðbótarréttindi hafa verið veitt í skírteinið, í samræmi við þennan kafla.

c) *Prófkröfur*

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs sem eiga við um þá gerð loftfars sem flogið er.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta er hann fallinn í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann/hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta fellur hann á prófinu í heild sinni.

3) Þegar endurtaka þarf prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutar sem hann stóðst í fyrri tilraun, fellur hann á prófinu í heild sinni.

4) Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann gangast undir frekari verklega þjálfun.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — LAPL(A)***

**FCL.105.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar heimila honum að starfa sem flugstjóri á einhreyfils landflugvél með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu með skráðum hámarksflugtaksmassa, sem er 2000 kg eða minni, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð í loftfarinu.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við 10 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvélum eða ferðavélsvifflugum eftir að skírteinið er gefið út.

**FCL.110.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar skulu hafa lokið a.m.k. 30 fartímum á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þ.m.t. a.m.k.:

1) 15 fartíma með kennara, í þeim flokki sem taka á færnipróf í,

2) 6 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 3 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) með stöðvunarlendingu á öðrum flugvelli en brottfararflugvelli.

b) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu. Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, sem hafa skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu, skulu hafa lokið við a.m.k. 21 klst. fartíma í ferðavélsvifflugu eftir að viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu voru veitt og farið að kröfum a-liðar í hluta FCL.135.A um flugvélar.

c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.lið a-liðar.

**FCL.135.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar —viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða afbrigði flugvélar**

a) Réttindi flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu takmarkast við þann flokk og það afbrigði flugvéla eða ferðavélsvifflugna sem færniprófið var þreytt í. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið eftirfarandi í öðrum flokki:

1) flugkennslu í 3 tíma, þ.m.t.:

i. 10 flugtök og lendingar með kennara, og

ii. 10 flugtök og lendingar í einflugi undir umsjón.

2) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni í hinum nýja flokki. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á hinum flokknum í eftirfarandi námsgreinum:

i. Verklagsreglur í flugi,

ii. Afkastageta og áætlanagerð,

iii. Almenn þekking á loftförum.

b) Áður en handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför getur neytt réttinda skírteinisins á öðru afbrigði flugvélar en því sem notað er í færniprófinu skal flugmaðurinn gangast undir mismunar- og kynningarþjálfun. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara.

**FCL.140.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — kröfur um nýlega reynslu**

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa lokið eftirfarandi á síðustu 24 mánuðum sem flugmenn flugvéla eða ferðavélsvifflugna:

1) a.m.k. 12 klst. í fartíma sem flugstjórar, þ.m.t. 12 flugtök og lendingar, og

2) upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn klukkutíma af heildarfartíma með kennara.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu:

1) taka hæfnipróf með prófdómara áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — LAPL(H)***

**FCL.105.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — Réttindi**

Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar þyrlur heimila honum að starfa sem flugstjóri á einhreyfilsþyrlum með skráðum hámarksflugtaksmassa sem nemur 2000 kg eða minna, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð.

**FCL.110.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur skulu hafa lokið 40 tíma flugkennslu á þyrlu. Þar af skal a.m.k.35 tímum vera flogið á þeirri tegund þyrlu sem nota á við færniprófið. Flugkennslan skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

1) 20 fartíma með kennara, og

2) 10 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 5 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) með stöðvunarlendingu á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.

b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildar fartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2. liðar í a-lið.

**FCL.135.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — viðbótarréttindi fyrir aðra tegund eða afbrigði þyrlna**

a) Réttindi flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur skulu takmarkast við þá tegund og það afbrigði þyrlu sem færniprófið var þreytt í. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið:

1) 5 tímum af flugkennslu, þ.m.t.:

i. 15 flugtök, aðflug og lendingar með kennara,

ii. 15 flugtök, aðflug og lendingar í einflugi undir umsjón,

2) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni í hinni nýju tegund. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á hinni tegundinni í eftirfarandi námsgreinum:

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum.

b) Áður en handhafi flugmannsskírteinis fyrir léttar þyrlur getur neytt réttinda skírteinisins í öðru afbrigði þyrlu en því sem notað er í færniprófinu skal flugmaðurinn gangast undir mismununar- og kynningarþjálfun, eins og kveðið er á um í gögnum um örugga starfrækslu sem komið var á fót í samræmi við 21. hluta. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara.

**FCL.140.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — kröfur um nýlega reynslu**

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á tiltekna tegund þegar þeir hafa á síðustu 12 mánuðum á þeirri tegund þyrlna lokið:

1) a.m.k. 6 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 6 flugtök, aðflug og lendingar, og

2) upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn klukkutíma af heildarfartíma með kennara.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu:

1) standast hæfnipróf með prófdómara á tiltekna tegund áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — LAPL(S)***

**FCL.105.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur eru að starfa sem flugstjórar svif- og vélsvifflugna. Til þess að nýta réttindin á ferðavélsvifflugu skal handhafinn uppfylla kröfurnar í hluta FCL.135.S.

b) Handhafar skírteina svifflugmanns fyrir léttar svifflugur skulu aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við 10 klst. fartíma eða 30 flugtök sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins.

**FCL.110.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur skulu hafa lokið a.m.k. 15 tímum í flugkennslu á svif- eða vélsvifflugum þ.m.t. a.m.k.:

1) 10 fartímar með kennara,

2) 2 einflugstímar undir umsjón,

3) 45 flugtök og lendingar,

4) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 50 km langt (27 sjómílur) eða eitt landflug með kennara sem er a.m.k. 100 km langt (55 sjómílur).

b) Af þeim 15 tímum sem gerð er krafa um í a-lið má að hámarki fljúga 7 tíma í ferðavélsvifflugu.

c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.–4. liðar í a-lið.

**FCL.130.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Flugtaksaðferðir**

a) Réttindi flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur skulu takmarkast við þá flugtaksaðferð sem færniprófið felur í sér. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið:

1) þegar um er að ræða flugtak með dráttarspili og með bíl, að lágmarki 10 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón,

2) þegar um er að ræða flugtog eða flugtak fyrir eigin afli, að lágmarki 5 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón. Þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli má fartími með kennara fara fram í ferðavélsvifflugu,

3) þegar um er að ræða flugtak með teygju, að lágmarki 3 flugtökum sem framkvæmd eru í fartíma með kennara eða í einflugi undir umsjón.

b) Þessi viðbótarþjálfun í flugtökum skal skráð í flugdagbókina og færslan undirrituð af kennaranum.

c) Til að viðhalda réttindum sínum í hverri flugtaksaðferð skulu flugmenn hafa lokið a.m.k. 5 flugtökum á síðustu 24 mánuðum, nema hvað varðar flugtak með teygju en þar skulu flugmenn aðeins hafa lokið 2 flugtökum.

d) Þegar flugmaður uppfyllir ekki kröfuna í c-lið skal hann/hún framkvæma viðbótarfjölda flugtaka þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindin.

**FCL.135.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu**

Réttindi flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur skulu hljóta viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. eftirfarandi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

a) 6 tíma flugkennslu á ferðavélsvifflugu, þ.m.t.:

1) 4 fartímar með kennara,

2) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) þar sem stöðvunarlending á sér stað á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.

b) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á ferðavélsvifflugu. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á ferðavélsvifflugu í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum,

– Flugleiðsögu.

**FCL.140.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — kröfur um nýlega reynslu**

a) Svifflugur og vélsvifflugur. Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar svifflugur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á svif- eða vélsvifflugum þegar þeir hafa á síðustu 24 mánuðum lokið eftirfarandi á svif- eða vélsvifflugum, þó ekki á ferðavélsvifflugum:

1) 5 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 15 flugtök,

2) tveimur þjálfunarflugum með kennara.

b) FERÐAVÉLSVIFFLUGA. Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar svifflugur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á ferðavélsvifflugu þegar þeir hafa:

1) lokið eftirfarandi á ferðavélsvifflugu á síðustu 24 mánuðum:

i. a.m.k. 12 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 12 flugtök og lendingar, og

ii. upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn tíma af heildarfartíma með kennara.

2) Þegar handhafi flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur hefur einnig réttindi til þess að fljúga flugvélum má uppfylla kröfur í 1. lið á flugvélum.

c) Áður en handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar svifflugur, sem ekki uppfylla kröfur a- og b-liðar, neyta réttinda sinna á ný skulu þeir:

1) standast hæfnipróf með prófdómara á svifflugu eða ferðavélsvifflugu, eins og við á, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a- eða b-lið.

*5. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — LAPL(B)***

**FCL.105.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Réttindi**

Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi heimila honum að starfa sem flugstjóri á hitaloftbelgjum eða -loftskipum með hámarksrúmmáli belgs sem nemur 3400 $m^3$eða gasbelgjum með hámarksrúmmáli belgs sem nemur 1200 $m^3$, sem bera að hámarki 3 farþega þannig að aldrei séu fleiri en 4 einstaklingar um borð í loftfarinu.

**FCL.110.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Reynslukröfur**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi skulu hafa lokið 16 klst. af flugkennslu á loftbelgjum af sama flokki, þ.m.t. a.m.k.:

1) 12 fartímar með kennara,

2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og lendingar með kennara, og

3) eitt einflug undir umsjón með lágmarksfartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri á loftbelgjum,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.–3. liðar í a-lið.

**FCL.130.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — viðbótarréttindi fyrir tjóðraða loftbelgi**

a) Réttindin í flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi skulu takmarkast við loftbelgi sem ekki eru tjóðraðir. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. þrem kennsluflugum í tjóðruðum loftbelg.

b) Þegar viðbótarþjálfun er lokið skal það skráð í flugdagbókina og færslan undirrituð af kennaranum.

c) Til að viðhalda réttindum sínum þurfa flugmenn að hafa flogið a.m.k. tvisvar í tjóðruðum loftbelg á síðustu 24 mánuðum.

d) Þegar flugmaður stenst ekki kröfuna í c-lið skal hann/hún framkvæma viðbótarfjölda tjóðraðs flugs þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindin.

**FCL.135.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi —viðbótarréttindi fyrir annan flokk loftbelgja**

Réttindi flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi skírteinis skulu takmarkast við þann flokk loftbelgja sem notaður var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. eftirfarandi í hinum flokkunum hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

a) 5 fartíma með kennara, eða

b) þegar um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létta hitaloftbelgi og umsækjandi óskar eftir því að fá viðbótarréttindi fyrir hitaloftskip, 5 fartíma með kennara, og

c) færniprófi þar sem umsækjandinn skal sýna prófdómara fram á að hann búi yfir fullnægjandi bóklegri þekkingu á hinum flokkunum í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð, og

– Almenn þekking á loftförum.

**FCL.140.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — kröfur um nýlega reynslu**

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa lokið a.m.k. eftirfarandi í einum flokki loftbelgja á síðustu 24 mánuðum:

1) 6 klst. fartíma sem flugstjórar, þ.m.t. 10 flugtök og lendingar, og

2) eitt þjálfunarflug með kennara,

3) að auki, ef flugmaðurinn er hæfur til þess að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skulu þeir, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokkunum, hafa lokið a.m.k. 3 klst. fartíma í þeim flokki á síðustu 24 mánuðum, þ.m.t. 3 flugtök og lendingar.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu, áður en þeir neyta réttinda sinna á ný:

1) standast hæfnipróf með prófdómara í viðeigandi flokki, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

C-KAFLI

***EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI (PPL), SKÍRTEINI SVIFFLUGMANNS (SPL) OG FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LOFTBELGI (BPL)***

*1. ÞÁTTUR*

***Almennar kröfur***

**FCL.200 Lágmarksaldur**

a) Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini skal vera a.m.k. 17 ára,

b) Umsækjandi um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi eða skírteini svifflugmanns skal vera a.m.k. 16 ára.

**FCL.205 Skilyrði**

Umsækjendur um útgáfu einkaflugmannsskírteinis skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokks- eða tegundaráritun þess loftfars sem notað var í færniprófinu, eins og kveðið er á um í H-kafla.

**FCL.210 Þjálfunarnámskeið**

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal fela í sér bóklega og verklega flugkennslu sem samsvarar veittum réttindum.

**FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu**

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

a) almennar námsgreinar:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði, og

– Fjarskipti,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, og

– Flugleiðsaga.

**FCL.235 Færnipróf**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu, með því að ljúka færniprófi, sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Umsækjandi um færniprófið skal hafa fengið flugkennslu á sama flokk eða tegund loftfars eða hópi loftbelgja sem nota á við færniprófið.

c) Prófkröfur

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs sem eiga við um þá gerð loftfars sem flogið er.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta er hann fallinn í öllum hlutanum. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta fellur hann á prófinu í heild sinni. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann/hún aðeins taka þann hluta aftur.

3) Þegar endurtaka þarf prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutar sem hann stóðst í fyrri tilraun, fellur hann á prófinu í heild sinni.

4) Standist umsækjandi ekki alla hluta prófsins í tveimur tilraunum, skal hann gangast undir frekari þjálfun.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — PPL(A)***

**FCL.205.A Einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Réttindi**

a) Réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á flugvélum eða ferðavélsvifflugum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar eða einkaflugmannsskírteina fyrir flugvélar,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

**FCL.210.A Einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar skulu hafa lokið a.m.k. 45 tímum í flugkennslu í flugvélum, þar af mega fimm tímar hafa farið fram í flughermisþjálfa, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara, og

2) 10 einflugsímar undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. fimm einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 270 km langt (150 sjómílur), þar sem tvær stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

b) Sértækar kröfur fyrir umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, skulu hafa lokið a.m.k. 15 klst. fartíma í flugvélum eftir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir léttar flugvélar, þar sem a.m.k. 10 klst. skulu samanstanda af flugkennslu sem fór fram á þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. 4 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 2 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 270 km langt (150 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindi vegna ferðavélsvifflugu. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem hafa skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindi fyrir ferðavélasvifflugu, skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 24 klst. fartíma í ferðavélsvifflugu eftir áritun viðbótarréttinda fyrir ferðavélasvifflugu, og

2) 15 tímum í flugkennslu í flugvélum á þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t. a.m.k. kröfurnar í 2. lið a-liðar.

d) Viðurkenningar. Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en 10 tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum taka til krafna 2. liðar í a-lið.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — PPL(H)***

**FCL.205.H Einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — Réttindi**

a) Réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á þyrlum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur eða einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

**FCL.210.H Einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur skulu hafa lokið a.m.k. 45 tímum í flugkennslu á þyrlum, þar af mega fimm hafa farið fram í flugleiðsöguþjálfa eða flughermi með fullri hreyfingu, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara og

2) 10 einflugstímar undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 5 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 185 km langt (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

3) Af þessum 45 tímum í flugkennslu skulu 35 tímar vera í þyrlu af sömu gerð og notuð var í færniprófinu.

b) Sértækar kröfur fyrir umsækjanda sem hefur flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur, skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. 5 fartíma með kennara og a.m.k. eitt einflug í landflugi undir umsjón sem er a.m.k. 185 km langt (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sex tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum taka til krafna 2. liðar í a-lið.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — PPL(As)***

**FCL.205.As Einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — Réttindi**

a) Réttindin handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á loftskipum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip með réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þetta skírteini,

3) áritanir eða vottanir sem fylgja þessu skírteini.

**FCL.210.As Einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip skulu hafa lokið a.m.k. 35 tímum af flugkennslu á loftskipum, þar af mega fimm tímar hafa farið fram í flughermisþjálfa, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara, þ.m.t.:

i. 3 tíma þjálfun í landflugi, þ.m.t. eitt landflug sem er a.m.k. 65 km langt (35 sjómílur),

ii. 3 tímar í blindflugskennslu,

2) 8 flugtök og lendingar á flugvelli, þ.m.t. festingu við og losun frá mastri,

3) 8 einflugstímar undir umsjón.

b) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og eru hæfir til að fljúga hitaloftskipum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftskipum, þó ekki meira en fimm tíma.

*5. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir skírteini svifflugmanns***

**FCL.205.S Skírteini svifflugmanns — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi handhafa skírteinis svifflugmanns eru að starfa sem flugstjóri á svif- og vélsvifflugum. Til þess að neyta réttindanna á ferðavélsvifflugu skal handhafinn uppfylla skilyrðin í FCL.135.S.

b) Handhafar skírteina svifflugmanns skulu:

1) aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við a.m.k. 10 klst. fartíma eða 30 flugtök sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins,

2) aðeins starfa án þóknunar í flugi sem ekki er í ábataskyni þar til þeir hafa:

i. náð 18 ára aldri,

ii. lokið 75 klst. fartíma eða 200 flugtökum sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins,

iii. staðist hæfnipróf með prófdómara.

c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar er handhafa skírteinis svifflugmanns, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

að veita flugkennslu vegna skírteina svifflugmanns fyrir léttar svifflugur eða skírteini svifflugmanns,

að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

**FCL.210.S Skírteini svifflugmanns— Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns skulu hafa lokið a.m.k. 15 tíma flugkennslu á svif- eða vélsvifflugum þ.m.t. a.m.k. kröfurnar sem tilgreindar eru í FCL.110.S.

b) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur fyrir útgáfu skírteinis svifflugmanns.

Umsækjendur um skírteini svifflugmanns, sem höfðu flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur innan tveggja ára tímabils fyrir umsóknina, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar sem lúta að bóklegri þekkingu og flugkennslu.

Viðurkenningar. Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sjö tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir neinum kringumstæðum taka til krafna 2.-4. liðar í a-lið í FCL.110.S.

**FCL.220.S Skírteini svifflugmanns — Flugtaksaðferðir**

Réttindi skírteina svifflugmanns skulu takmarkast við þá flugtaksaðferð sem notuð var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta og neyta má nýju réttindanna þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í FCL.130.S.

**FCL.230.S Skírteini svifflugmanns — kröfur um nýlega reynslu**

Handhafar skírteina svifflugmanns skulu aðeins geta neytt réttinda skírteina sinna þegar þeir uppfylla kröfur um nýlega reynslu í FCL.140.S.

*6. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir loftbelgi***

**FCL.205.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir loftbelgi eru að starfa sem flugstjóri á loftbelgjum og hitaloftskipum.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu aðeins starfa án þóknunar í flugi sem ekki er í ábataskyni þar til þeir hafa:

1) náð 18 ára aldri,

2) lokið 50 klst. fartíma og 50 flugtökum og lendingum sem flugstjórar á loftbelgjum,

3) staðist hæfnipróf með prófdómara á loftbelg í viðeigandi flokki.

c) Þrátt fyrir b-lið er handhafa flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi eða flugmannsskírteina fyrir loftbelgi,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum,

**FCL.210.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— Reynslukröfur og viðurkenningar**

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi skulu hafa lokið a.m.k. 16 klst. af flugkennslu á loftbelgjum af sama flokki og í sama hópi, þ.m.t. a.m.k.:

1) 12 fartímar með kennara,

2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og lendingar með kennara, og

3) eitt einflug undir umsjón með lágmarksfartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

b) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sem hafa flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi.

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sem höfðu flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi innan tveggja ára tímabils fyrir umsóknina, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar sem lúta að bóklegri þekkingu og flugkennslu.

**FCL.220.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— viðbótarréttindi fyrir tjóðrað flug**

Réttindi flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi skulu takmarkast við flug sem ekki er tjóðrað. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar Í FCL.130.B.

**FCL.225.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi — viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja**

Réttindi flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu takmarkast við þann flokk og hóp loftbelgja sem notað var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaður hefur:

a) hvað varðar viðbótarréttindi fyrir annan flokk innan sama hóps, staðist kröfurnar í FCL.135.B,

b) hvað varðar viðbótarréttindi fyrir annan hóp innan sama flokks loftbelgja, lokið við a.m.k.:

   1) 2 kennsluflug í loftbelg í viðeigandi hópi, og

   2) eftirfarandi fjölda fartíma sem flugstjóri í loftbelgjum:

      i. fyrir loftbelgi með rúmmál belgs á milli 3401 $m^3$ og 6000 $m^3$: a.m.k. 100 tímar,

      ii. fyrir loftbelgi með rúmmál belgs á milli 6001 $m^3$ og 10 500 $m^3$: a.m.k. 200 tímar,

      iii. fyrir loftbelgi þar sem rúmmál belgs er meira en 10500 $m^3$: a.m.k. 300 tímar,

      iv. fyrir gasloftbelgi þar sem rúmmál belgs er meira en 1260 $m^3$: a.m.k. 50 tímar.

**FCL.230.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— kröfur um nýlega reynslu**

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa í einum flokki loftbelgja lokið við a.m.k. eftirfarandi á síðustu 24 mánuðum:

   1) 6 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 10 flugtök og lendingar, og

   2) Eitt þjálfunarflug með kennara í loftbelg í viðeigandi flokki og með því hámarksrúmmáli belgs sem réttindi þeirra gera ráð fyrir,

   3) ef flugmaðurinn er hæfur til þess að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skal hann þar að auki, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokkunum, hafa lokið a.m.k. 3 klst. fartíma í þeim flokki innan síðustu 24 mánaða, þ.m.t. 3 flugtök og lendingar.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu, áður en þeir neyta réttinda sinna:

   1) standast hæfnipróf með kennara í loftbelg í viðeigandi flokki og með því hámarksrúmmáli belgs sem réttindi þeirra gera ráð fyrir,

   2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

D-KAFLI

***ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINI — CPL***

*1. ÞÁTTUR*

***Almennar kröfur***

**FCL.300 Atvinnuflugmannsskírteini — Lágmarksaldur**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal vera a.m.k. 18 ára gamall.

**FCL.305 Atvinnuflugmannsskírteini — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi. Réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis eru eftirfarandi innan viðeigandi gerðar loftfara:

1) að neyta allra réttinda handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför og einkaflugmannsskírteinis,

2) að starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á hverju því loftfari sem starfrækt er í öðrum tilgangi en flutningaflugi,

3) að starfa sem flugstjóri í flutningaflugi á hverju því einstjórnarloftfari sem heyrir undir takmarkanirnar sem tilgreindar eru í FCL.060 og í þessum kafla,

4) að starfa sem aðstoðarflugmaður í flutningaflugi sem heyrir undir takmarkanir sem tilgreindar eru í FCL.060.

b) Skilyrði. Umsækjandi um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokks- eða tegundaráritun þess loftfars sem notað var við færniprófið.

**FCL.310 Atvinnuflugmannsskírteini — Próf á bóklegri þekkingu**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar,

– Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

– Massi og jafnvægi,

– Afkastageta,

– Áætlanagerð,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði,

– Almenn flugleiðsaga,

– Flugleiðsögutækni,

– Verklagsreglur í flugi,

– Flugfræði,

– Fjarskipti í sjónflugi.

**FCL.315 Atvinnuflugmannsskírteini — Þjálfunarnámskeið**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal hafa lokið bóklegri kennslu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta.

**FCL.320 Atvinnuflugmannsskírteini — Færnipróf**

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal standast færnipróf í samræmi við 4. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugvélar — atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar (CPL(A))***

**FCL.325.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Sérstök skilyrði fyrir handhafa fjölstjórnarskírteina**

Áður en handhafi fjölstjórnarskírteinis neytir réttinda atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal hann hafa lokið eftirfarandi á flugvélum:

a) 70 klst. fartíma:

1) sem flugstjóri, eða

2) a.m.k. 10 fartímum sem flugstjóri og viðbótarfartíma sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra.

Af þessum 70 tímum skulu 20 tímar vera í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri, eða í landflugi sem samanstendur af a.m.k. 10 tímum sem flugstjóri og 10 tímum sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra. Þetta skal fela í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem flogið er sem flugstjóri og er a.m.k. 540 km langt (300 sjómílur) og skal meðan á því stendur framkvæma stöðvunarlendingar á tveimur mismunandi flugvöllum,

b) þeim atriðum áfangaskipta námskeiðsins vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar sem tilgreind eru í a-lið 10. liðar og í 11. lið í E-hluta 3. viðbætis við þennan hluta, og

c) færniprófinu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar í samræmi við FCL.320.

E-KAFLI

***FJÖLSTJÓRNARSKÍRTEINI — MPL***

**FCL.400.A Fjölstjórnarskírteini — Lágmarksaldur**

Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal vera a.m.k. 18 ára gamall.

**FCL.405.A Fjölstjórnarskírteini — Réttindi**

a) Réttindi handhafa fjölstjórnarskírteinis heimila honum að starfa sem aðstoðarflugmaður í flugvél sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni.

b) Handhafi fjölstjórnarskírteinis getur neytt sömu réttinda og:

1) handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar (PPL(A)), að því tilskildu að kröfurnar fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem tilgreindar eru í C-kafla, séu uppfylltar,

2) handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, að því tilskildu að kröfurnar sem tilgreindar eru í FCL.325.A séu uppfylltar.

c) Blindflugsáritun (flugvélar) handhafa fjölstjórnarskírteinis skal takmarkast við flugvélar sem krafist er að séu starfræktar með aðstoðarflugmanni. Veita má viðbótarréttindi við blindflugsáritun fyrir flugvélar þannig að þau taki til starfrækslu á einstjórnarflugvélum að því tilskildu að handhafi skírteinisins hafi lokið þeirri þjálfun sem nauðsynleg er svo hann geti starfað sem flugstjóri í einstjórnarumhverfi í blindflugi og hafi staðist færniprófið vegna blindflugáritunar (flugvélar) fyrir einstjórnarflugvélar.

**FCL.410.A Fjölstjórnarskírteini — Þjálfunarnámskeið og próf á bóklegri þekkingu**

a) Námskeið. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa lokið þjálfunarnámskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, í samræmi við 5. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa sýnt fram á stig þekkingar sem hæfir handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, (ATPL(A)) í samræmi við FCL.515, og tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar.

**FCL.415.A Fjölstjórnarskírteini —Verkleg færni**

a) Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal með stöðugu mati sýna fram á þá færni sem krafist er til að uppfylla allar hæfniseiningarnar sem tilgreindar eru í 5. viðbæti við þennan hluta, sem flugmaður við stjórn eða flugmaður sem ekki er við stjórn, í fjölhreyfla flugvél fyrir fleiri en einn flugmann samkvæmt sjónflugs- eða blindflugsreglum.

b) Þegar umsækjandi hefur lokið þjálfunarnámskeiðinu skal hann standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum. Taka skal færniprófið á þeirri tegund flugvélar sem notuð er á framhaldsstigi samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini, eða á flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

F-KAFLI

## *ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINI 1. FLOKKS — ATPL*

*1. ÞÁTTUR*

***Almennar kröfur***

**FCL.500 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Lágmarksaldur**

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu vera a.m.k. 21 árs gamlir.

**FCL.505 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Réttindi**

a) Réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eru eftirfarandi innan viðeigandi gerðar loftfara:

1) að neyta allra réttinda handhafa flugmannsskírteina fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteina og atvinnuflugmannsskírteina,

2) að starfa sem flugstjóri í loftfari sem starfrækt er í flutningaflugi.

b) Umsækjendur um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir tegundaráritun fyrir það loftfar sem notað var við færniprófið.

**FCL.515 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Þjálfunarnámskeið og próf á bóklegri þekkingu**

a) Námskeið. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera annaðhvort samtvinnað þjálfunarnámskeið eða áfangaskipt námskeið í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjendur atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks skulu sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar,

– Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

– Massi og jafnvægi

– Afkastageta,

– Áætlanagerð,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði,

– Almenn flugleiðsaga,

– Flugleiðsögutækni,

– Verklagsreglur í flugi,

– Flugfræði,

– Fjarskipti í sjónflugi

– Fjarskipti í blindflugi.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugvélar — atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks***

**FCL.505.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Takmörkum réttinda fyrir flugmenn sem hafa áður haft fjölstjórnarskírteini**

Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks hefur áður eingöngu haft fjölstjórnarskírteini skulu réttindi skírteinisins takmarkast við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi nema að handhafi hafi uppfyllt kröfur í 2. lið b-liðar og c-lið í FCL.405.A fyrir starfrækslu í einstjórnarumhverfi.

**FCL.510.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Forsendur, reynsla og viðurkenningar**

a) Forsendur. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks skulu hafa:

1) fjölstjórnarskírteini, eða

2) atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar og blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar. Í þessu tilfelli skal umsækjandi einnig hafa fengið kennslu í áhafnarsamstarfi.

b) Reynsla. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu hafa lokið a.m.k. 1500 klst. fartíma í flugvélum, þ.m.t. a.m.k.:

1) 500 tíma starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á flugvélum,

2) i. 500 tímum sem flugstjóri undir umsjón, eða

ii. 250 tímum sem flugstjóri, eða

iii. 250 tímum sem samanstanda af a.m.k. 70 tímum sem flugstjóri og sem flugstjóri undir umsjón þá flugtíma sem eftir eru,

3) 200 klst. fartíma í landflugi en a.m.k. 100 þeirra skulu hafa verið sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón,

4) 75 tímum í blindflugi en þar af má að hámarki verja 30 klst. í blindflugsæfingatíma á jörðu, og

5) 100 tímum í næturflugi sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

Af þessum 1500 klst. fartíma er heimilt að ljúka allt að 100 klst. fartíma í flughermi með fullri hreyfingu og flugleiðsöguþjálfa. Af þessum 100 tímum mega að hámarki 25 tímar fara fram í flugleiðsöguþjálfa.

c) Viðurkenningar.

1) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir aðrar gerðir af loftförum skulu hljóta viðurkenningu fyrir fartíma að hámarki:

i. 30 klst. sem flugstjóri fyrir ferðavélsvifflugur eða svifflugur,

ii. 50% af öllum flugtímunum sem krafist er í b-lið fyrir þyrlur.

2) Handhafar flugvélstjóraskírteina, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi landsreglur, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 50% af þeim tímum sem þeir hafa varið sem flugvélstjórar, að hámarki 250 tímar. Veita má viðurkenningu fyrir þessa 250 tíma upp í kröfuna um 1500 tíma í a-lið og kröfuna um 500 tíma í 1. lið b-liðar, að því tilskildu að heildarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þessa liði fari ekki yfir 250 tíma.

d) Kröfurnar um reynslu samkvæmt b-lið skulu uppfylltar áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, er þreytt.

**FCL.520.A atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Færnipróf**

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri í fjölstjórnarflugvél samkvæmt blindflugsreglum og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

Við færniprófið skal nota flugvél eða viðurkenndan flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir þyrlur — atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks***

**FCL.510.H atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks — Forsendur, reynsla og viðurkenningar**

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks skulu:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur (CPL(H)) og tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur og hafa fengið kennslu í áhafnarsamstarfi,

b) hafa lokið að lágmarki 1000 klst. fartíma sem þyrluflugmaður, þ.m.t. a.m.k.:

1) 350 tímum á fjölstjórnarþyrlum,

2) i. 250 tímum sem flugstjóri, eða

ii. 100 tímum sem flugstjóri og 150 tímum sem flugstjóri undir umsjón, eða

iii. 250 tímum sem flugstjóri undir umsjón í fjölstjórnarþyrlum. Í þessu tilfelli eru réttindi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, takmörkuð við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi þar til 100 tímum sem flugstjóri hefur verið lokið,

3) 200 klst. í fartíma í landflugi en a.m.k. 100 þeirra skulu hafa verið sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón,

4) 30 tímum í blindflugi en þar af má að hámarki verja 10 klst. í blindflugsæfingatíma á jörðu, og

5) 100 tímum í næturflugi sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

Af þessum 1000 tímum mega í mesta lagi 100 hafa farið fram í flughermisþjálfa, þar af ekki meira en 25 tímar í flugleiðsöguþjálfa.

c) Veita skal allt að 50% viðurkenningu fyrir fartíma í flugvélum upp í kröfurnar um fartíma í b-lið.

d) Kröfurnar um reynslu samkvæmt b-lið skulu uppfylltar áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, er þreytt.

**FCL.520.H atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks — Færnipróf**

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlu og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

Við færniprófið skal nota þyrlu eða viðurkenndan flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

## G-KAFLI

## ***BLINDFLUGSÁRITUN — IR***

### *1. ÞÁTTUR*

### ***Almennar kröfur***

**FCL.600 Blindflugsáritun — Almennt**

Starfræksla samkvæmt blindflugsreglum á flugvél, þyrlu, loftskipi eða vænghnitum skulu aðeins framkvæmdar af handhöfum einkaflugmannsskírteina, atvinnuflugmannsskírteina, fjölstjórnarskírteina og atvinnuflugmannsskírteina 1. flokks með blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars eða þegar færnipróf eða fartími með kennara fer fram.

**FCL.605 Blindflugsáritun — Réttindi**

a) Réttindi handhafa blindflugsáritunar heimila honum að fljúga loftfari samkvæmt blindflugsreglum með lágmarks ákvörðunarhæð sem nemur 200 fetum (60 m).

b) Þegar um er að ræða fjölhreyfla blindflugsáritun má veita viðbótarréttindi við þessi réttindi í ákvörðunarhæð undir 200 fetum (60 m) þegar umsækjandinn hefur gengist undir sérstaka þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki og hefur staðist 6. hluta í færniprófinu sem mælt er fyrir um í 9. viðbæti við þennan lið, á fjölstjórnarloftfari.

c) Handhafar blindflugsáritunar skulu nýta réttindi sín í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 8. viðbæti við þennan lið.

d) Þyrlur eingöngu. Til að neyta réttinda sinna sem flugstjóri í blindflugi á fjölstjórnarþyrlum skal handhafi blindflugsáritunar fyrir þyrlur (IR(H)) hafa a.m.k. 70 blindflugstíma en þar af mega allt að 30 tímar vera blindflugstímar á jörðu niðri.

**FCL.610 Blindflugsáritun — Forsendur og viðurkenningar**

Umsækjendur um blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu:

a) hafa:

   1) a.m.k. einkaflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars, og:

      i. réttindi til að fljúga að nóttu til í samræmi við FCL.810, eða

      ii. atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á aðra gerð loftfars, eða

   2) atvinnuflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa lokið a.m.k. 50 landflugsfartímum sem flugstjóri á flugvélum, þyrlum eða loftskipum en af þeim skulu a.m.k. 10 tímar, eða hvað loftskip varðar 20, vera á viðeigandi gerð loftfars.

c) Þyrlur eingöngu. Umsækjendur sem lokið hafa samtvinnuðu þjálfunarnámskeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks fyrir þyrlur með eða án blindflugsáritunar eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur með eða án blindflugsáritunar, skulu hljóta undanþágu frá kröfunni í b-lið.

**FCL.615 Blindflugsáritun — Bókleg þekking og flugkennsla**

a) Námskeið. Umsækjendur um blindflugsáritun skulu hafa fengið kennslu í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera:

   1) samtvinnað þjálfunarnámskeið sem felur í sér þjálfun fyrir blindflugsáritun, í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta, eða

   2) áfangaskipt námskeið í samræmi við 6. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjendur skulu sýna fram á stig bóklegrar þekkingar, sem hæfir réttindum sem veitt eru, í eftirfarandi námsgreinum:

   – Lög og reglur um loftferðir,

   – Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

   – Afkastageta og áætlanagerð,

   – Mannleg geta,

   – Veðurfræði,

   – Flugleiðsögutækni,

   – Fjarskipti í blindflugi.

**FCL.620 Blindflugsáritun — Færnipróf**

a) Umsækjendur um blindflugsáritun skulu standast færnipróf í samræmi við 7. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Fyrir blindflugsáritun vegna fjölhreyfla loftfara skal nota fjölhreyfla loftfar við færniprófið. Fyrir blindflugsáritun vegna eins hreyfils loftfara skal nota eins hreyfils loftfar við færniprófið. Fjölhreyfla flugvél með báða hreyfla á langás flugvélarinnar skal teljast eins hreyfils flugvél í skilningi þessa liðar.

**FCL.625 Blindflugsáritun — Gildistími, framlenging og endurnýjun**

a) Gildistími. Blindflugsáritun skal gilda í eitt ár.

b) Framlenging.

   1) Blindflugsáritun skal framlengd innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritunin rennur út.

   2) Umsækjendur sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniprófs vegna blindflugsáritunar áður en gildistími blindflugsáritunarinnar rennur út skulu ekki neyta réttinda sinna fyrr en þeir hafa staðist hæfniprófið.

c) Endurnýjun. Ef blindflugsáritun er útrunnin verða umsækjendur að gera eftirfarandi til að endurnýja réttindi sín:

1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að ná því hæfnisstigi sem krafist er til að standast blindflugshluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, og

2) ljúka hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, á viðeigandi gerð loftfars.

d) Ef blindflugsáritun hefur ekki verið framlengd eða endurnýjuð á undanförnum sjö árum er handhafanum skylt að standast aftur prófið í bóklegri þekkingu og færniprófið fyrir blindflugsáritun.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugvélaflokkinn***

**FCL.625.A Blindflugsáritun fyrir flugvélar — Framlenging**

a) Framlenging. Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir flugvélar:

1) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta þegar framlengingin tengist einnig flokks- eða tegundaráritun,

2) þegar hún tengist ekki framlengingu flokks- eða tegundaráritunar skulu þeir:

i. hafa lokið 3. hluta B og þeim liðum í 1. hluta, sem eiga við fyrirhugað flug, í hæfniprófinu sem lýst er í 9. viðbæti við þennan hluta, að því er varðar einstjórnarflugvélar,

ii. ljúka 6. hluta hæfniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, út frá mælitækjum eingöngu, að því er varðar fjölhreyfla flugvélar.

3) Nota má flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi flokki eða tegund flugvélar í tengslum við 2. lið en í þessu sambandi skal a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar fara fram í flugvél.

b) Veita skal viðurkenningu í samræmi við 8. viðbæti við þennan hluta.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir þyrluflokkinn***

**FCL.625.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — Framlenging**

a) Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir þyrlur:

1) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, fyrir viðeigandi þyrlutegund, þegar framlengingin tengist einnig tegundaráritun,

2) þegar það tengist ekki framlengingu tegundaráritunar skulu þeir aðeins ljúka 5. hluta og viðeigandi hlutum í 1. hluta hæfniprófsins sem kveðið er á um í 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðeigandi þyrlutegund. Í þessu tilfelli má nota flugþjálfunartæki II/III eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi þyrlutegund, en a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar við þessar kringumstæður skal fara fram í þyrlu.

b) Viðurkenningu skal veita í samræmi við 8. viðbæti við þennan lið.

**FCL.630.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — viðbótarréttindi fyrir fjölhreyfla þyrlur við réttindi fyrir eins hreyfils þyrlur**

Handhafar blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils þyrlur sem vilja í fyrsta sinn fá útgefin viðbótarréttindi við blindflugsáritun sína fyrir fjölhreyfla þyrlur skulu ljúka:

a) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem samanstendur af a.m.k. 5 tíma blindflugskennslu með kennara, en þar af mega 3 tímar vera í flughermi með fullri hreyfingu eða í flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III, og

b) 5. hluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á fjölhreyfla þyrlum.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir loftskipaflokkinn***

**FCL.625.As Blindflugsáritun fyrir loftskip — Framlenging**

Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir loftskip:

a) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, fyrir viðeigandi tegund loftskips, þegar framlengingin tengist einnig tegundaráritun,

b) þegar það tengist ekki framlengingu tegundaráritunar skulu þeir ljúka 5. hluta, og þeim liðum í 1. hluta, sem eiga við um fyrirhugað flug, í hæfniprófinu fyrir loftskip í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta. Í þessu tilfelli má nota flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi tegund loftskips, en a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar við þessar kringumstæður skal fara fram í loftskipi.

H-KAFLI

***FLOKKS- OG TEGUNDARÁRITANIR***

*1. ÞÁTTUR*

***Almennar kröfur***

**FCL.700 Aðstæður þar sem flokks- eða tegundaráritana er krafist**

a) Að undanskildum flugmannsskírteinum fyrir létt loftför, skírteinum svifflugmanna og flugmannsskírteinum fyrir loftbelgi skulu handhafar flugmannsskírteinis ekki starfa með neinum hætti sem flugmenn loftfars nema þeir hafi gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema er þeir taka færnipróf eða hæfnipróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana eða við flugkennslu.

b) Þegar um er að ræða flug sem tengjast því að verið er að taka í notkun nýjar eða gera breytingu á tegundum loftfara, geta flugmenn þrátt fyrir a-lið, haft undir höndum sérstakt vottorð, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi, sem veitir þeim heimild til að framkvæma flugin. Þessi heimild gildir einungis fyrir þessi tilteknu flug.

c) Þegar um er að ræða flug sem tengjast því að verið er að taka í notkun nýjar eða gera breytingu á tegundum loftfara sem hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki framkvæma innan réttinda sinna, sem og kennsluflug vegna útgáfu reynsluflugsáritunar, og þegar mögulega er ekki hægt að fara að kröfum þessa kafla, geta flugmenn haft undir höndum reynsluflugsáritun sem gefin er út í samræmi við FCL.820, sbr. þó a- og b-lið.

**FCL.705 Réttindi handhafa flokks- eða tegundaráritunar**

Réttindi handhafa flokks- eða tegundaráritunar heimila honum að starfa sem flugmaður í þeim flokki eða tegund loftfars sem kveðið er á um í árituninni.

**FCL.710 Flokks- og tegundaráritanir — Afbrigði**

a) Vilji flugmaður fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði loftfars innan sömu flokks- eða tegundaráritunar er þess krafist að hann/hún fái mismunar- eða kynningarþjálfun. Hvað varðar afbrigði innan tegundaráritunar skal mismunar- eða kynningarþjálfunin fela í sér viðeigandi þætti, sem skilgreindir eru í gögnunum um örugga starfrækslu, í samræmi við 21. hluta.

b) Hafi afbrigðinu ekki verið flogið á næstliðnum tveim árum eftir mismunarþjálfunina er krafist frekari mismunarþjálfunar eða hæfniprófs á því afbrigði til að viðhalda réttindunum að undanskildum tegundum eða afbrigðum sem falla undir flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og fyrir ferðavélsvifflugur.

c) Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara, eins og við á.

**FCL.725 Kröfur vegna útgáfu flokks- og tegundaráritana**

a) Þjálfunarnámskeið. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þjálfunarnámskeiðið fyrir tegundaráritun skal fela í sér hinar skyldubundnu þjálfunarþætti fyrir viðeigandi tegund eins og það er skilgreint í gögnum um örugga starfrækslu í samræmi við 21. hluta.

b) Próf í bóklegri þekkingu. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal standast próf í bóklegri þekkingu sem skipulagt er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að sýna fram á að hann hafi bóklega þekkingu á því stigi sem krafist er fyrir örugga starfrækslu á viðeigandi flokk eða tegund loftfars.

   1) Hvað varðar fjölstjórnarloftför skal prófið í bóklegri þekkingu vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 100 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir öll meginatriði námskrárinnar.

2) Fyrir fjölhreyfla- einstjórnarloftför skal prófið í bóklegri þekkingu vera skriflegt og fjöldi fjölvalsspurninga skal byggjast á því hversu flókið loftfarið er.

3) Fyrir eins hreyfils loftfar skal prófdómari hafa munnlegt próf í bóklegri þekkingu á meðan á færniprófinu stendur til að ákveða hvort nægilegri kunnáttu hefur verið náð eða ekki.

4) Fyrir einstjórnarflugvélar, sem eru flokkaðar sem flugvélar með mikla afkastagetu, skal prófið vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 60 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir allar meginnámsgreinar námskráarinnar.

c) Færnipróf. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á þá færni sem krafist er fyrir örugga starfrækslu viðeigandi flokks eða tegundar loftfars.

Umsækjandinn skal standast færniprófið innan 6 mánaða eftir upphaf þjálfunarnámskeiðsins fyrir flokks- eða tegundaráritun og innan 6 mánaða fyrir umsóknina um útgáfu flokks- eða tegundaráritunarinnar.

d) Umsækjandi sem hefur þegar tegundaráritun fyrir tegund loftfars með réttindi til starfrækslu í annaðhvort einstjórnar- eða fjölstjórnarumhverfi telst þegar hafa uppfyllt kröfur um bóklega þekkingu þegar hann/hún sækir um að réttindum fyrir hitt stjórnumhverfið verði bætt við réttindi hans á sömu tegund loftfars.

e) Flugmenn sem hafa reynsluflugsáritun, sem gefin er út í samræmi við FCL.820, og tóku þátt í reynsluflugi á þróunar-, vottunar- eða framleiðslustigi fyrir loftfarstegund, og hafa lokið annaðhvort 50 klst. heildarfartíma eða 10 klst. fartíma sem flugstjórar í reynsluflugi á þeirri tegund, hafa rétt til þess að sækja um útgáfu viðeigandi tegundaráritunar að því tilskildu að þeir uppfylli reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu þeirrar tegundaráritunar, eins og kveðið er á um í þessum kafla fyrir viðeigandi gerð loftfars, sbr. þó liðina hér að ofan.

**FCL.740 Gildi og endurnýjun flokks- og tegundaráritana**

a) Gildistími flokks- og tegundaráritana skal vera eitt ár, nema hvað varðar flokksáritun fyrir eins hreyfils einstjórnarloftfar, en gildistími þeirra skal vera tvö ár, nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

b) Endurnýjun. Ef flokks- eða tegundaráritun hefur runnið út, skal umsækjandi:

1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki þegar það er nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem nauðsynleg er til að starfrækja örugglega viðeigandi flokk eða tegund loftfars, og

2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugvélar***

**FCL.720.A Reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — flugvélar**

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, skal umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu viðeigandi áritunar:

a) Fjölhreyfla einstjórnarflugvélar. Umsækjandi um fyrstu útgáfu flokks- eða tegundaráritunar á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum skal hafa lokið a.m.k. 70 tímum sem flugstjóri á flugvélum.

b) Einfaldar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Áður en umsækjendur um útgáfu fyrstu flokks- eða tegundaráritunar á einstjórnarflugvél, sem flokkuð er með mikla afkastagetu, hefja flugþjálfun skulu þeir:

1) hafa a.m.k. 200 fartíma flugreynslu í heildina, þar af 70 tímar sem flugstjóri á flugvélum, og

2) i. hafa undir höndum vottorð um að hafa lokið viðbótarnámskeiði í bóklegum fræðum með fullnægjandi árangri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, eða

ii. hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, í samræmi við þennan hluta, eða

iii. hafa undir höndum, til viðbótar við skírteini sem gefið er út í samræmi við þennan hluta, atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (CPL(A)/IR), með viðurkenningu á bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

3) enn fremur skulu flugmenn sem leitast eftir réttindum til að starfrækja flugvél í fjölstjórnarumhverfi uppfylla kröfurnar í 4. lið d-liðar.

c) Flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Umsækjendur um útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir flóknar einstjórnarflugvélar, sem eru flokkaðar með mikla afkastagetu, skulu, til viðbótar við að uppfylla kröfurnar í b-lið, hafa uppfyllt kröfurnar vegna blindflugsáritunar á fjölhreyfla flugvélar í samræmi við G-kafla.

d) Fjölstjórnarflugvélar. Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvél skal vera flugnemi sem á sama tíma gengst undir þjálfun á námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini eða uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1) hefur a.m.k. 70 fartíma flugreynslu sem flugstjóri á flugvélum,

2) hefur blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar,

3) hefur staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, í samræmi við þennan hluta, og

4) nema þegar námskeið til tegundarréttinda er samtvinnar við námskeið í áhafnarsamstarfi:

i. hefur vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á flugvélum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri, eða

ii. hefur vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri og hafa meira en 100 fartíma flugreynslu sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

iii. hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

iv. hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum í flutningaflugi í samræmi við viðeigandi kröfur um flugrekstur.

e) Þrátt fyrir d-lið, getur aðildarríki gefið út tegundaráritun með takmörkuðum réttindum vegna fjölstjórnarflugvéla sem heimilar handhafa slíkrar áritunar að starfa sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi yfir fluglagi 200, að því tilskildu að tveir aðrir áhafnarmeðlimir hafi tegundaráritun í samræmi við d-lið.

f) Viðbótartegundaráritanir fyrir flóknar fjöl- og einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Umsækjandi um útgáfu viðbótartegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar og fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu skal hafa undir höndum blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar.

g) Þegar það er ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, má í upphafi takmarka réttindi tegundaráritunar við flug undir umsjón kennara. Skrá skal fartíma undir umsjón í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara. Aflétta skal takmörkunina þegar flugmaðurinn sýnir fram á að hann hafi lokið þeim fartímum undir umsjón sem krafist er í gögnum um örugga starfrækslu.

**FCL.725. A Bókleg þekking og flugkennsla fyrir útgáfu flokks- og tegundaráritana — flugvélar**

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta:

a) Fjölhreyfla einstjórnarflugvélar.

1) Námskeið í bóklegri þekkingu fyrir fjölhreyfla einstjórnarflokksáritun skal fela í sér a.m.k. 7 tíma kennslu í starfrækslu fjölhreyfla flugvélar.

2) Flugþjálfunarnámskeið fyrir flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla einstjórnarloftför skal fela í sér a.m.k. 2 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara undir venjulegum kringumstæðum á fjölhreyfla flugvélum og a.m.k. 3 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara í verklagi og flugaðferðum vegna hreyfilbilunar.

b) Einstjórnarsjóflugvélar. Þjálfunarnámskeiðið fyrir áritanir á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér bóklega og verklega flugkennslu. Flugþjálfunin fyrir flokks- eða tegundaráritun á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér a.m.k. 8 fartíma með kennara ef umsækjandinn er handhafi viðeigandi flokks- eða tegundaráritunar fyrir landflugvélar, eða 10 fartíma ef umsækjandinn er ekki handhafi slíkrar áritunar.

**FCL.730.A Sértækar kröfur fyrir flugmenn á námskeiði til tegundarréttinda sem fer fram eingöngu í flughermi (ZFTT) — flugvélar**

a) Flugmaður sem fer á tegundarnámskeið eingöngu í flughermi skal hafa lokið, í fjölstjórnarþotu, sem er vottuð samkvæmt CS-25 eða í samræmi við sambærilegar lofthæfireglur eða í fjölstjórnarskrúfuþotu með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er a.m.k. 10 tonn, eða með vottun fyrir farþegasæti í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 farþega, a.m.k.:

1) 1500 fartímum eða 250 flugum ef flughermirinn með fullri hreyfingu, sem notaður er á námskeiðinu, er í flokki CG, flokki C eða bráðabirgðaflokki C,

2) 500 fartímum eða 100 flugum ef flughermirinn með fullri hreyfingu, sem notaður er á námskeiðinu, er í flokki DG eða flokki D.

b) Þegar flugmaður er að fara af skrúfuþotu á þotu eða af þotu á skrúfuþotu er krafist viðbótarþjálfunar í flughermi.

**FCL.735.A Námskeið í áhafnarsamstarfi — flugvélar**

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal samanstanda af a.m.k.:

1) 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

2) 20 tíma af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi eða 15 tíma hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks.

Nota skal flugleiðsöguþjálfa II (MCC) eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 10 tíma ef sami flughermir, með fullri hreyfingu, er notaður bæði við þjálfun í áhafnarsamstarfi og til tegundaráritunar.

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfunni í 1. lið a-liðar.

**FCL.740.A Framlenging flokks- og tegundaráritana — flugvélar**

a) Framlenging flokks- og tegundaráritana fyrir fjölhreyfla loftför. Til að framlengja flokks- og tegundaráritanir fyrir fjölhreyfla loftför skal umsækjandi:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á flugvél í viðeigandi flokki eða tegund eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeim flokki eða tegund, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) á meðan á gildistíma áritunarinnar stendur, ljúka a.m.k.:

i. 10 flugum sem flugmaður á viðeigandi flokki eða tegund flugvélar, eða

ii. einu flugi sem flugmaður á viðeigandi flokki eða tegund flugvélar eða í flughermi með fullri hreyfingu sem flogið er með prófdómara. Þetta flug má fara fram á meðan á hæfniprófinu stendur.

3) Flugmaður, sem vinnur fyrir flugrekanda í flutningaflugi, sem samþykktur er í samræmi við gildandi kröfur um flugrekstur og sem hefur staðist hæfnipróf flugrekanda ásamt hæfniprófi fyrir framlengingu flokks- eða tegundaráritunarinnar skal undanþeginn kröfunni í 2. lið.

4) Framlengingu vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar, ef hún er til staðar, má framkvæma samtímis hæfniprófi til framlengingar flokks- eða tegundaráritunar.

b) Framlenging flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar.

1) Flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og áritanir fyrir ferðavélsvifflugur. Vegna framlengingar flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar með bullhreyfli eða flokksáritana fyrir ferðavélsvifflugur, skal umsækjandinn:

i. innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út, standast hæfnipróf í viðeigandi flokki í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta með prófdómara, eða

ii. innan 12 mánaða áður en áritunin rennur út, ljúka 12 klst. fartíma í viðeigandi flokki, þ.m.t.:

– 6 tímar sem flugstjóri, eða

– 12 flugtök og 12 lendingar, og

– þjálfunarflug sem er a.m.k. ein klst. með flugkennara (FI) eða flokkskennara (CRI). Umsækjendur eru undanþegnir þessu flugi ef þeir hafa staðist færnipróf eða hæfnipróf til flokks- eða tegundaráritunar í öðrum flokki eða tegund flugvélar.

2) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli og áritunar fyrir ferðavélsvifflugu geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið í hvorum flokknum sem er og fengið framlengingu beggja áritana.

3) Eins hreyfils einstjórnarflugvélar með skrúfuþotuhreyflum. Fyrir framlengingu flokksáritana eins hreyfils skrúfuþotu skulu umsækjendur standast hæfnipróf í viðeigandi flokki í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta með prófdómara innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út.

c) Umsækjendur sem ekki hafa náð öllum hlutum hæfniprófs áður en tegundar- eða flokksáritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar fyrr en þeir hafa lokið við og staðist hæfniprófið.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir þyrlur***

**FCL.720.H Reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — þyrlur**

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir þyrlu uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu viðkomandi áritunar:

a) Fjölstjórnarþyrlur. Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur skal:

1) hafa að baki a.m.k. 70 tíma sem flugstjóri á þyrlum,

2) nema þegar námskeið til tegundarréttinda er samtvinnað við námskeið í áhafnarsamstarfi:

i. hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri eða

ii. hafa að baki a.m.k. 500 tíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum eða

iii. hafa að baki a.m.k. 500 tíma sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi á fjölhreyfla þyrlum,

3) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks.

b) Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu, sem er útskrifaður af samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla, með eða án blindflugsáritunar, eða atvinnuflugmanns/þyrla, með eða án blindflugsáritunar, og sem uppfyllir ekki kröfu 1. liðar a-liðar, skal fá tegundaráritunina útgefna með réttindi sem takmarkast við störf aðstoðarflugmanns. Takmörkunin verður afnumin þegar flugmaður hefur:

1) lokið 70 fartímum sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón á þyrlu,

2) staðist færniprófið fyrir fjölstjórnarþyrlu sem flugstjóri á viðeigandi þyrlutegund.

c) Fjölhreyfla einstjórnarþyrlur. Umsækjandi um útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlu skal:

1) áður en hann hefur flugþjálfun:

i. hafa staðist bóklegt próf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, eða

ii. hafa vottorð sem staðfestir að hann hafi lokið inntökuunámskeiði sem haldið er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal ná yfir eftirfarandi greinar úr bóklega námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks:

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar og mælitæki/rafeindakerfi,

– Afkastageta og áætlanagerð: massi og jafnvægi, afkastageta,

2) hafa að baki 70 fartíma sem flugstjóri á þyrlu hvað varðar umsækjendur sem hafa ekki lokið samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, með eða án blindflugsáritunar, eða atvinnuflugmanns fyrir þyrlur með blindflugsáritun.

**FCL.735.H Þjálfunarnámskeið í áhafnarsamstarfi — þyrlur**

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. samanstanda af:

1) fyrir áhafnarsamstarf í blindflugi:

i. 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

ii. 20 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi, eða 15 tíma, hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 10 tíma ef sami flughermisþjálfinn er notaður fyrir bæði áhafnarsamstarfið og tegundaráritunina,

2) fyrir áhafnarsamstarf í sjónflugi:

i. 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

ii. 15 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi, eða 10 tíma, hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið vegna réttinda atvinnuflugmanna á þyrlu, með blindflugsáritun. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 7 tíma ef sami flughermisþjálfinn er notaður fyrir bæði áhafnarsamstarfið og tegundaráritunina,

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

Nota skal flugleiðsöguþjálfa II eða III sem er viðurkenndur fyrir áhafnarsamstarf, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarloftfar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfu i. liðar í 1. lið a-liðar.   eða i. liðar í 2. lið a-liðar, eftir því sem við á.

e) Umsækjandi um þjálfun í áhafnarsamstarfi í blindflugi, sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi í sjónflugi, skal hljóta undanþágu frá kröfu i. liðar í 1. lið a-liðar og skal ljúka 5 tímum af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi í blindflugi.

**FCL.740.H Framlenging tegundaráritana — þyrlur**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana fyrir þyrlur, skal umsækjandinn:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á viðeigandi tegund þyrlu eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) ljúka a.m.k. 2 tímum sem flugmaður viðeigandi tegundar þyrlu innan gildistíma áritunarinnar. Telja má tímalengd hæfniprófsins með upp í þessa 2 tíma.

3) Þegar umsækjendur hafa fleiri en eina tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur með bulluhreyfli geta þeir áunnið sér framlengingu fyrir allar viðeigandi tegundaráritanir með því að ljúka hæfniprófinu í aðeins einni af viðeigandi tegundum sem þeir eru handhafar af, að því tilskildu að þeir hafi lokið a.m.k. 2 tímum sem flugstjórar á hinum tegundunum á meðan á gildistíma stendur.

   Hæfniprófið skal fara fram á mismunandi tegund í hvert sinn.

4) Þegar umsækjendur hafa fleiri en eina tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlu með hverfihreyfli með allt að 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa geta þeir fengið framlengingu fyrir allar viðeigandi tegundaráritanir með því að ljúka hæfniprófinu á aðeins einni af viðeigandi tegundum að því tilskildu að þeir hafi lokið:

   i. 300 fartímum sem flugstjórar á þyrlum,

   ii. 15 fartímum á hverri tegund og

   iii. a.m.k. 2 tímum sem flugstjóri á öllum hinum tegundunum á meðan á gildistíma stendur.

   Hæfniprófið skal fara fram á mismunandi tegund í hvert sinn.

5) Flugmaður sem hefur lokið færniprófi með fullnægjandi hætti fyrir útgáfu viðbótartegundaráritunar skal fá framlengingu á viðeigandi tegundaráritunum í einum af flokkunum sem tilgreindir eru í 3. og 4. lið

6) Framlengingu blindflugsáritunar fyrir þyrlur, ef hún er til staðar, má framkvæma samtímis hæfniprófi fyrir tegundaráritun.

b) Umsækjendur sem standast ekki alla hluta hæfniprófs áður en flokks- eða tegundaráritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið. Í tengslum við 3. og 4. lið a-liðar skal umsækjandinn ekki neyta réttinda sinna á neinni tegundanna.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir vænghnitur***

**FCL.720.PLReynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — vænghnitur**

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir vænghnitur uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur:

a) fyrir flugmenn flugvéla:

   1) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (CPL/IR(A)) ásamt bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

   2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi hafi verið lokið,

   3) hafa lokið meira en 100 fartímum sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum.

   4) hafa lokið 40 klst. af flugkennslu á þyrlum,

b) fyrir flugmenn þyrlna:

   1) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur með blindflugsáritun (CPL/IR(H)) ásamt bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun,

   2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi hafi verið lokið,

   3) hafa lokið meira en 100 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

   4) hafa lokið 40 tíma flugkennslu á flugvélum,

c) fyrir flugmenn með réttindi til að fljúga bæði flugvélum og þyrlum:

   1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur,

   2) hafa blindflugsáritun og bóklega þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða til atvinnuflugmanns-skírteinis 1. flokks fyrir annaðhvort flugvélar eða þyrlur,

   3) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum eða flugvélum hafi verið lokið,

   4) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum eða -flugvélum,

5) hafa lokið 40 tíma flugkennslu á flugvélum eða þyrlum, eftir því sem við á, ef flugmaðurinn hefur ekki starfað sem flugmaður með atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða á fjölstjórnarloftfari.

**FCL.725.PL Flugkennsla vegna útgáfu tegundaráritana — vænghnitur**

Verklegi hluti þjálfunarnámskeiðsins til tegundaráritunar fyrir vænghnitur skal fara fram bæði á loftfarinu og í flughermisþjálfa, sem líkir eftir viðkomandi loftfari og er viðurkennt fyrir þennan tilgang.

**FCL.740.PL Framlenging tegundaráritana — vænghnitur**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana á vænghnitur, skal umsækjandinn:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta í viðeigandi vænghnitu, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út,

2) á meðan á gildistíma áritunarinnar stendur, ljúka a.m.k.:

i. 10 flugum sem flugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu, eða

ii. 1 flugi sem flugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu eða í flughermi með fullri hreyfingu sem flogið hefur verið með prófdómara. Þetta flug má fara fram á meðan á hæfniprófi stendur.

3) Flugmaður sem vinnur fyrir flugrekanda í flutningaflugi, sem samþykktur er í samræmi við gildandi kröfur um flugrekstur og sem hefur staðist hæfnipróf flugrekandans ásamt hæfniprófi fyrir framlengingu tegundaráritunarinnar skal hljóta undanþágu frá kröfunum í 2. lið.

b) Umsækjandi sem stenst ekki alla hluta hæfniprófs áður en tegundaráritun rennur út skal ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið.

*5. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir loftskip***

**FCL.720.As Forsendur fyrir útgáfu tegundaráritana — loftskip**

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir loftskip, uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur:

a) fyrir fjölstjórnarloftskip:

1) hafa lokið 70 fartímum sem flugstjóri á loftskipi,

2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á loftskipum hafi verið lokið með fullnægjandi hætti.

3) Umsækjandi sem uppfyllir ekki kröfuna í 2. lið skal fá tegundaráritun útgefna með réttindum sem takmörkuð eru við störf aðstoðarflugmanns eingöngu. Takmörkunin skal afnumin þegar flugmaðurinn hefur lokið 100 fartímum sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón á loftskipi.

**FCL.735.As Þjálfunarnámskeið í áhafnarsamstarfi — loftskip**

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. samanstanda af:

1) 12 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

2) 5 klst. af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi,

3) Nota skal flugleiðsöguþjálfa II eða III sem er viðurkenndur fyrir áhafnarsamstarf, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarloftfar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfum a-liðar.

**FCL.740.As Framlenging tegundaráritana — loftskip**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana fyrir loftskip, skal umsækjandinn:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan lið í viðeigandi tegund loftskips, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) ljúka a.m.k. 2 tímum sem flugmaður í viðeigandi tegund loftskips innan gildistíma áritunarinnar. Telja má tímalengd hæfniprófsins með upp í þessa 2 tíma.

3) Framlengingu blindflugsáritunar fyrir loftskip, ef hún er fyrir hendi, má framkvæma samtímis hæfniprófi fyrir framlengingu flokks- eða tegundaráritunar.

b) Umsækjendur sem standast ekki alla hluta hæfniprófs áður en flokks- eða tegundaráritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið.

I-KAFLI

***VIÐBÓTARÁRITANIR***

**FCL.800 Áritun fyrir listflug**

a) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða svifflugur skulu einungis fljúga listflug þegar þeir hafa viðeigandi áritun.

b) Umsækjendur um áritun fyrir listflug skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 40 fartímum eða, hvað varðar svifflugur, 120 flugtökum sem flugstjórar á viðeigandi gerð loftfara, sem framkvæmd hafa verið eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. kennsla í bóklegri þekkingu sem á við áritunina,

ii. a.m.k. 5 fartímum eða 20 kennsluflugum í listflugi á viðeigandi gerð loftfara.

c) Réttindi áritunarinnar fyrir listflug skal takmarkast við þá gerð loftfars sem flugkennslan fór fram á. Veita skal viðbótarréttindi fyrir aðrar gerðir loftfara ef flugmaðurinn er handhafi skírteinis fyrir þá gerð loftfars og hefur lokið a.m.k. 3 þjálfunarflugum með kennara sem ná yfir alla námsskrá fyrir listflugsþjálfun á þeirri gerð loftfars.

**FCL.805 Áritanir fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum**

a) Handhafi flugmannsskírteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum skal aðeins flugtoga svifflugur eða borða þegar hann hefur viðeigandi áritun fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borðum.

b) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á svifflugum skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 30 fartímum sem flugstjórar og 60 flugtökum og lendingum á flugvélum, ef starfsemi á að fara fram á flugvélum, eða á ferðavélsvifflugum ef starfsemin á að fara fram á ferðavélsvifflugum, sem eru framkvæmd eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. bókleg kennsla í starfrækslu og verklagi við flugtog,

ii. a.m.k. 10 kennsluflug í að flugtoga svifflugu, þ.m.t. a.m.k. 5 kennsluflug með kennara, og

iii. nema hvað varðar handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur eða skírteinis svifflugmanns, 5 kynningarflug á svifflugu sem komið er á loft af loftfari.

c) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á borðum skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 100 fartímum og 200 flugtökum og lendingum sem flugstjórar á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, eftir útgáfu skírteinisins. Þar af skulu a.m.k. 30 tímar vera á flugvélum, ef starfsemin á að fara fram á flugvélum, eða á ferðavélsvifflugu, ef starfsemin á að fara fram á ferðavélsvifflugum,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. bókleg kennsla í starfrækslu og verklagi við flugtog,

ii. a.m.k. 10 kennsluflug í flugtogi á borða, þ.m.t. a.m.k. 5 fartímar með kennara.

d) Réttindi áritana fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum skulu takmarkast við flugvélar eða ferðavélsvifflugur, eftir því á hvoru loftfarinu flugkennslan fór fram. Veita skal viðbótarréttindi ef flugmaðurinn er handhafi skírteinis fyrir flugvélar eða ferðavélsvifflugur og hefur lokið a.m.k. 3 æfingarflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar á öðru hvoru loftfarinu, eftir því sem við á.

e) Svo að handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borðum geti neytt réttinda sinna skal hann hafa lokið a.m.k. 5 flugtogum á síðustu 24 mánuðum.

f) Þegar flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfuna í e-lið skal hann, áður en hann heldur áfram að neyta réttinda sinna, ljúka þeim flugtogum sem vantar upp á með kennara eða undir umsjón hans.

**FCL.810 Næturflugsáritun**

a) Flugvélar, ferðavélsvifflugur, loftskip.

1) Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:

i. bóklegri kennslu,

ii. a.m.k. 5 fartímum á viðeigandi gerð loftfars að nóttu til, þ.m.t. a.m.k. 3 fartímar með kennara, þar af minnst. 1 tími í landflugsleiðsögu með a.m.k. einu landflugi með kennara sem er að lágmarki 50 km, og 5 flugtök í einflugi og 5 stöðvunarlendingar í einflugi.

2) Áður en næturþjálfuninni er lokið, skulu handhafar flugmannsskírteina fyrir létt loftför hafa lokið grunnþjálfun í blindflugi sem krafist er fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteina.

3) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvélar, með bulluhreyfli, og áritunar fyrir ferðavélsvifflugur geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið í hvorum flokknum sem er og fengið framlengingu beggja áritana.

b) Þyrlur. Ef neyta á réttinda einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur við sjónflugsskilyrði að nóttu til skal umsækjandinn hafa:

1) lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður á þyrlu eftir útgáfu skírteinisins, þ.m.t. a.m.k. 60 fartímar sem flugstjóri á þyrlum og 20 fartímar í landflugi,

2) lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðinu skal ljúka á innan við 6 mánuðum og það samanstanda af:

i. 5 klst. bóklegri kennslu,

ii. 10 fartímum í blindflugi í þyrlu, og

iii. 5 fartímum að nóttu til, þ.m.t. 3 fartímar með kennara, þar af a.m.k. 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

3) Umsækjandi sem hefur eða hefur haft blindflugsáritun á flugvél eða ferðavélsvifflugu skal hljóta viðurkenningu fyrir 5 tíma til móts við kröfuna í ii. lið 2. liðar hér að ofan.

c) Loftbelgir. Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða fyrir loftbelgi við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur ljúka a.m.k. 2 kennsluflugum að nóttu til sem eru hvor um sig a.m.k. 1 klst. að lengd.

**FCL.815 Fjallaflugsáritun**

a) Réttindi. Réttindi handhafa fjallaflugsáritunar heimila honum að fljúga flugvél eða ferðavélsvifflugu til og frá yfirborði sem talið er að krefjist slíkrar áritunar af því lögbæra yfirvaldi sem skipað er af aðildarríkjunum.

Fyrstu fjallaflugsáritunina er hægt að fá annaðhvort fyrir:

1) hjól, sem veitir réttindi til að fljúga til og frá slíku yfirborði þegar það er ekki hulið snjó, eða

2) skíði, sem veitir réttindi til að fljúga til og frá slíku yfirborði þegar það er hulið snjó.

3) Veita má viðbótarréttindi við áritunina fyrir annaðhvort hjóla- eða skíðaréttindi þegar flugmaðurinn hefur gengist undir viðeigandi kynningarþjálfun á námskeiði, þ.m.t. kennsla í bóklegri þekkingu og flugkennsla með kennara í fjallaflugi.

b) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um fjallaflugsáritun skulu hafa lokið, innan 24 mánaða tímabils, námskeiði í bóklegri þekkingu og flugþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Efni námskeiðsins skal vera í samræmi við þau réttindi sem sótt er um.

c) Færnipróf. Eftir að þjálfuninni hefur verið lokið skal umsækjandinn standast færnipróf með flugprófdómara með þar til bær réttindi. Færniprófið skal fela í sér:

1) munnlegt próf í bóklegri þekkingu,

2) 6 lendingar á a.m.k. tvenns konar yfirborði sem talið er að krefjist fjallaflugsáritunar og sem er ekki sama yfirborð og við brottför.

d) Gildistími. Gildistími fjallaflugsáritunar skal vera 24 mánuðir.

e) Framlenging. Fyrir framlengingu fjallaflugsáritunar skal umsækjandinn:

1) hafa lokið a.m.k. 6 fjallalendingum á síðustu 24 mánuðum, eða

2) hafa staðist hæfnipróf. Hæfnipróf skal vera í samræmi við kröfurnar í c-lið.

f) Endurnýjun. Ef áritunin hefur runnið út skal umsækjandinn standast kröfur 2. liðar í e-lið.

**FCL.820 Reynsluflugsáritun**

a) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir flugvélar eða þyrlur skulu aðeins starfa sem flugstjórar í reynsluflugum í flokki 1 eða 2, eins og þau eru skilgreind í 21. hluta, þegar þeir hafa reynsluflugsáritun.

b) Skylda, til að hafa reynsluflugsáritun, sem kveðið er á um í a-lið, á aðeins við um reynsluflug sem fer fram:

1) á þyrlum sem eru vottaðar, eða sem á að votta samkvæmt CS-27 eða CS-29 eða jafngildum lofthæfisreglum, eða

2) á flugvélum sem eru vottaðar eða á að votta samkvæmt:

i. CS-25 eða jafngildum lofthæfireglum, eða

ii. CS-23 eða jafngildum lofthæfireglum, nema hvað varðar flugvélar með minna en 2000 kg hámarks-flugtaksmassa.

c) Handhafi reynsluflugsáritunar hefur réttindi, innan viðeigandi gerðar loftfara, til að framkvæma eftirfarandi:

1) reynsluflugsáritun úr flokki 1: framkvæma alla flokka reynsluflugs, eins og þau eru skilgreind í 21. hluta, annaðhvort sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,

2) reynsluflugsáritun úr flokki 2:

i. framkvæma reynsluflug úr flokki 1 eins og þau eru skilgreind í 21. hluta:

– sem aðstoðarflugmaður, eða

– sem flugstjóri, að því er varðar flugvélar sem vísað er til í ii. lið 2. liðar í b-lið, nema hvað varðar flugvélar í mjötluflokki (e. *commuter category*) eða með hönnunarhraða fyrir bratta lækkun sem er meiri en Mach 0,6 eða hámarksflughæð yfir 25 000 fetum,

ii. framkvæma alla aðra flokka reynsluflugs, eins og þau eru skilgreind í21. hluta, annaðhvort sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,

3) til viðbótar fyrir reynsluflugsáritanir bæði í flokki 1 eða 2: framkvæma flug sem tengjast starfsemi hönnunar- og framleiðslufyrirtækja sérstaklega, innan gildissviðs réttinda þeirra, þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur H-kafla.

d) Umsækjendur um fyrstu útgáfu reynsluflugsáritunar skulu:

1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars,

2) hafa lokið a.m.k. 1000 fartímum á viðeigandi gerð loftfars, þar af a.m.k. 400 sem flugstjóri,

3) hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem hæfir viðkomandi gerð loftfars og flugflokki. Þjálfunin skal ná yfir a.m.k. eftirfarandi námsgreinar:

– Afkastageta,

– Stöðugleiki og stjórn/stjórneiginleikar,

– Kerfi,

– Stjórnun prófana,

– Áhættu-/öryggisstjórnun.

e) Veita má viðbótarréttindi fyrir handhafa reynsluflugsáritunar fyrir annan flokk reynsluflugs og aðra gerð loftfara þegar þeir hafa lokið viðbótarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

## J-KAFLI

## ***KENNARAR***

### *1. ÞÁTTUR*

### ***Almennar kröfur***

**FCL.900 Kennaravottorð**

a) Almennt. Einstaklingur má einungis veita:

1) flugkennslu á loftfari þegar hann/hún hefur:

i. flugmannsskírteini, sem gefið er út eða samþykkt í samræmi við þessa reglugerð,

ii. kennaravottorð sem hæfir þeirri flugkennslu sem veita á og gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) flugkennslu í flugþjálfa eða þjálfun í áhafnarsamstarfi þegar hann/hún hefur kennaravottorð, sem hæfir þeirri kennslu sem er veitt, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla.

b) Sérstök skilyrði:

1) Ef ný loftför eru tekin í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda þannig að ekki er hægt að uppfylla kröfur þessa kafla getur lögbært yfirvald gefið út sérstakt vottorð sem gefur réttindi til að veita flugkennslu. Slíkt vottorð takmarkast við þau kennsluflug sem nauðsynleg eru þegar ný tegund loftfars er tekið í notkun og gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en eitt ár.

2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um útgáfu kennaravottorðs, skulu uppfylla forsendurnar og framlengingarkröfurnar sem kveðið er á um fyrir þann flokk kennara. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar í FCL.905.TRI mun vottorð tegundarkennara, sem gefið er út í samræmi við þennan undirlið, fela í sér réttindi til að kenna í til útgáfu vottorðs tegundakennara (TRI) eða flugþjálfakennara (SFI) fyrir viðkomandi tegund.

c) Kennsla utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna:

1) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur lögbært yfirvald gefið út kennaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis, sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins þegar um er að ræða flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. hafi skírteini, áritun eða vottorð, sem er a.m.k. jafngilt því sem hann hefur heimild til að veita flugkennslu fyrir, og í öllum tilfellum a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini,

ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi kennaravottorðs,

iii. sýni lögbæru yfirvaldi fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan kafla.

2) Vottorðið skal takmarka við flugkennslu:

i. hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

ii. til handa flugnemum sem hafa nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

**FCL.915 Almennar forsendur og kröfur fyrir kennara**

a) Almennt. Umsækjandi um kennaravottorð skal vera a.m.k. 18 ára.

b) Viðbótarkröfur fyrir kennara sem veita flugkennslu á loftfari. Umsækjandi um, eða handhafi, kennaravottorðs með réttindi til að veita flugkennslu á loftfari skal:

1) hafa a.m.k. það skírteini, og þar sem við á, þá áritun sem kennt er til,

2) nema hvað varðar reynsluflugskennara, hafa:

i. lokið a.m.k. 15 klst. sem flugmaður á þeim flokki eða tegund loftfars sem kennt er á, þar af mega að hámarki vera sjö tímar í flughermisþjálfa sem líkir eftir viðkomandi flokki eða tegund loftfars, ef við á, eða

ii. staðist hæfnismat fyrir viðkomandi flokk kennara á þeim flokki eða tegund loftfars,

3) hafa rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftfarsins á meðan á slíkri flugkennslu stendur.

c) Viðurkenning til frekari áritana og í tengslum við framlengingar:

1) Veita má umsækjendum um frekari kennaravottorð viðurkenningu fyrir færni náms- og kennslufræði sem þeir hafa þegar sýnt fram á varðandi það kennaravottorð sem þeir hafa.

2) Þeir tímar sem þeir hafa flogið, sem prófdómarar í færni- og hæfniprófum, má telja með þeim tímum sem krafa er um til framlengingar allra kennaravottorða sem þeir hafa.

**FCL.920 Hæfni kennara og mat**

Allir kennarar skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

- undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,
- skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,
- miðla þekkingu,
- samtvinna hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu,
- skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,
- greiða fyrir námi,
- meta frammistöðu nemans,
- vakta og endurskoða framvindu,
- meta þjálfunarsetu,
- skýra frá niðurstöðum.

**FCL.925 Viðbótarkröfur fyrir kennara vegna fjölstjórnarskírteina**

a) Kennarar við þjálfun til fjölstjórnarskírteinis skulu:

   1) hafa lokið námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara með fullnægjandi árangri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, og

   2) fyrir grunn-, milli- og framhaldsstig samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins til fjölstjórnarskírteinis, einnig:

      i. hafa reynslu af starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, og

      ii. hafa lokið grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu hjá flugrekanda í flutningaflugi sem samþykktur er í samræmi við gildandi flugrekstrarkröfur.

b) Námskeið fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara

   1) Námskeiðið fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara skal samanstanda af a.m.k. 14 tíma þjálfun.

      Eftir að námskeiðinu er lokið skal umsækjandinn undirgangast mat á hæfni sinni sem kennari og þekkingu hans á hæfnimiðaðri þjálfun.

   2) Matið skal samanstanda af verklegri sýnikennslu á viðeigandi stigi námskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini. Þetta mat skal vera í höndum prófdómara sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla.

   3) Eftir að námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini er lokið með fullnægjandi árangri skal samþykkt þjálfunarfyrirtæki gefa út kennaravottorð til handa umsækjandanum um hæfi hans til kennslu til fjölstjórnarskírteinis.

c) Til að viðhalda réttindunum skal kennari á næstliðnum 12 mánuðum hafa stýrt á námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini:

   1) einni flughermissetu sem er a.m.k. 3 klst. eða

   2) einni flugæfingu sem er a.m.k. ein klst. að lengd og samanstendur af a.m.k. 2 flugtökum og lendingum.

d) Ef kennari hefur ekki uppfyllt kröfurnar í c-lið, áður en hann/hún neytir réttinda sinna til að annast flugkennslu til fjölstjórnarskírteinis skal hann/hún:

   1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að ná því hæfnistigi sem er nauðsynlegt til þess að standast mat á hæfni kennara, og

   2) standast mat á hæfni kennara sem lýst er í 2. lið b-liðar.

**FCL.930 Þjálfunarnámskeið**

Umsækjendur um kennaravottorð skulu hafa lokið námskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Til viðbótar við hina tilteknu þætti sem lýst er í þessum hluta fyrir hvern flokk kennara skal námskeiðið fela í sér þættina sem krafist er í FCL.920.

**FCL.935 Hæfnismat**

a) Að undanskildum kennurum í áhafnarsamstarfi (MCCI), flugþjálfakennurum á einstjórnarloftför (STI), fjallaflugskennurum (MI) og reynsluflugskennurum (FTI) skal umsækjandi um kennaravottorð standast hæfnismat á viðeigandi gerð loftfars til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu viðkomandi skírteinis, áritunar eða vottorðs.

b) Þetta mat skal fela í sér:

   1) sönnun á þeirri hæfni sem lýst er í FCL.920 við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,

   2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara á viðeigandi flokki eða tegund loftfars eða flughermisþjálfa,

   3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

c) Matið skal fara fram á sama flokki eða tegund loftfars eða sama flughermisþjálfa sem notaður var í flugkennslunni.

d) Þegar hæfnismats er krafist fyrir framlengingu kennaravottorðs skal umsækjandinn, sem stenst ekki matið áður en kennaravottorð rennur út, ekki neyta réttinda þess vottorðs þar til matinu hefur verið lokið á fullnægjandi hátt.

**FCL.940 Gildistími kennaravottorða**

Að undanskildum fjallaflugskennara og án þess að hafa áhrif á 1. lið í b-lið FCL.900 skulu kennaravottorð gilda í þrjú ár.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugkennara***

**FCL.905.FI Flugkennari — Réttindi og skilyrði**

Réttindi flugkennara eru að stjórna flugkennslu vegna útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á:

a) einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns, flugmannsskírteini fyrir loftbelg og flugmannsskírteini fyrir létt loftför á viðeigandi gerð loftfars,

b) flokks- og tegundaráritunum fyrir eins hreyfils einstjórnarloftfar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, og á viðbótarréttindum fyrir flokk og hóp loftbelgja og viðbótarréttindum fyrir flokk sviffluga,

c) tegundaráritunum fyrir einstjórnar- eða fjölstjórnarloftskip,

d) atvinnuflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á þeirri gerð loftfars, þ.m.t. a.m.k. 200 tímum í flugkennslu,

e) næturflugsáritun, að því tilskildu að flugkennarinn:

   1) sé hæfur til að fljúga að næturlagi á viðeigandi gerð loftfars,

   2) hafi sýnt flugkennara, sem hefur starfsréttindi í samræmi við i. lið hér að neðan, fram á hæfni til að kenna að nóttu til, og

   3) uppfylli kröfurnar í 2. lið b-liðar FCL.060 um reynslu í næturflugi,

f) áritun fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að slík réttindi séu til staðar og að flugkennarinn hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið hér að neðan, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun,

g) blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) a.m.k. 200 klst. samkvæmt blindflugsreglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II,

2) lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og hafi staðist hæfnismatið fyrir blindflugskennaravottorðið, og

3) að auki:

i. hvað varðar fjölhreyfla flugvélar, uppfyllt kröfurnar fyrir útgáfu flokkskennaravottorðs,

ii. hvað varðar fjölhreyfla þyrlur, uppfyllt kröfurnar fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara,

h) flokks- eða tegundaráritunum fyrir fjölhreyfla einstjórnarloftför að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli:

1) hvað varðar flugvélar, forsendurnar fyrir flokkskennaranámskeiðið, sem kveðið er á um í a-lið FCL.915.CRI og kröfurnar í FCL.930.CRI og FCL.935,

2) hvað varðar þyrlur, kröfurnar sem kveðið er á um í 1. lið í c-lið FCL.910.TRI og forsendurnar fyrir tegundarkennaranámskeiðið á þyrlu (TRI(H)), sem kveðið er á um í 2. lið í b-lið FCL.915.TRI,

i) vottorði flugkennara, blindflugskennara, flokkskennara, flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför og fjallaflugskennara að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) lokið a.m.k.:

i. hvað varðar flugkennara á svifflugu, a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á svifflugum,

ii. hvað varðar flugkennara á loftbelgi, a.m.k. 50 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu á loftbelgjum,

iii. í öllum öðrum tilvikum, 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,

2) staðist hæfnismat í samræmi við FCL.935 á viðeigandi gerð loftfars til að sýna flugkennaraprófdómara (FIE) fram á hæfni til þess að veita kennslu með tilliti til vottorðs flugkennara,

j) fjölstjórnarskírteinum að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) fyrir það stig þjálfunarinnar sem lýtur að grunnþjálfun í flugfærni, lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal a.m.k. 200 tímum í flugkennslu,

2) fyrir grunnstig þjálfunarinnar:

i. blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar og réttindi til þess að veita kennslu fyrir blindflugsáritun, og

ii. a.m.k. 1500 fartíma í fjölstjórnarumhverfi,

3) Þegar um er að ræða flugkennara með réttindi til að kenna á samtvinnuðum námskeiðum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar með blindflugsáritun má í stað kröfunnar í ii. lið 2. liðar, ljúka sérstaklega útfærðu námskeiði sem samanstendur af:

i. kennslu í áhafnarsamstarfi,

ii. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 3. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

iii. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 4. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

iv. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í reglubundinni leiðarflugsþjálfun (LOFT) hjá flugrekanda,

v. efnisskrá kennaranámskeiðs fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Í þessu tilfelli skal flugkennari stjórna fyrstu fimm kennslulotunum sínum undir umsjón tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)), kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélar (MCCI(A)) eða flugþjálfakennara á flugvélar (SFI(A)), sem hafa réttindi til að veita kennslu til fjölstjórnarskírteinis.

**FCL.910.FI Flugkennari — takmörkuð réttindi**

a) Réttindi flugkennara skulu takmarkast við það að veita flugkennslu undir umsjón flugkennara fyrir sömu gerð loftfars, sem útnefndur er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki í þessum tilgangi, í eftirfarandi tilvikum:

1) fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis, skírteinis svifflugmanns, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi og flugmannsskírteinis fyrir létt loftför,

2) á öllum samtvinnuðum námskeiðum á einkaflugmannsstigi, hvað varðar flugvélar og þyrlur,

3) fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, viðbótarréttindi fyrir flokk og hóp loftbelgja og viðbótarréttindi fyrir flokk sviffluga,

4) fyrir áritanir fyrir næturflug, flugtog eða listflug.

b) Við þjálfun undir umsjón, í samræmi við a-lið, hefur flugkennari ekki réttindi til þess að veita flugnemum heimild til að fljúga sitt fyrsta einflug og sitt fyrsta einflug í landflugi.

c) Takmörkununum í a- og b-lið skal aflétta úr flugkennaravottorði þegar flugkennarinn hefur að minnsta kosti lokið:

1) fyrir flugkennara á flugvél, 100 tímum í flugkennslu á flugvélum eða ferðavélsvifflugum og hefur enn fremur haft umsjón með a.m.k. 25 einflugum flugnema,

2) fyrir flugkennara á þyrlu, 100 tímum í flugnámi á þyrlum og hefur enn fremur haft umsjón með a.m.k. 25 flugæfingum í einflugi flugnema,

3) fyrir flugkennara á loftskip, svifflugu eða loftbelg, 15 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu sem nær yfir alla þjálfunarnámskrána fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip (PPL(As)), skírteinis svifflugmanns eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi á viðeigandi gerð loftfars.

**FCL.915.FI Flugkennari — forsendur**

Umsækjandi um vottorð flugkennara skal:

a) hvað varðar flugkennara á flugvélar og flugkennara á þyrlur:

1) hafa fengið minnst 10 tíma blindflugskennslu á viðeigandi gerð loftfars en af þeim mega ekki fleiri en fimm tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermisþjálfa,

2) hafa lokið 20 tímum í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og

b) að auki fyrir flugkennara á flugvél:

1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, eða

2) hafa a.m.k. einkaflugmannsréttindi á flugvélar og hafa:

i. uppfyllt kröfurnar um bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini, nema fyrir flugkennara á flugvélar sem veita aðeins þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, og

ii. hafa lokið a.m.k. 200 fartímum á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þar af 150 tímum sem flugstjóri,

3) hafa lokið a.m.k. 30 tímum á eins hreyfils flugvélum með bulluhreyfli, en þar af skal a.m.k. 5 tímum hafa verið lokið á 6 næstliðnu mánuðum fyrir inntökuflugprófið sem tilgreint er í a-lið FCL.930.FI,

4) hafa lokið landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri, þ.m.t. flug sem er að minnsta kosti 540 km (300 sjómílur) langt þar sem framkvæma skal tvær stöðvunarlendingar á tveimur mismunandi flugvöllum,

c) fyrir flugkennara á þyrlu, hafa auk þess lokið 250 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af:

1) a.m.k. 100 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

2) a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur (PPL(H)) og hefur uppfyllt kröfurnar um bóklega þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis,

d) fyrir flugkennara á loftskipi, hafa lokið 500 fartímum á loftskipum sem flugstjóri, þar af 400 tímum sem flugstjóri með atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip,

e) fyrir flugkennara á svifflugu, hafa lokið 100 fartímum og 200 flugtökum sem flugstjóri á svifflugu. Þegar umsækjandinn óskar eftir því að veita flugkennslu á ferðavélsvifflugu skal hann/hún þar að auki hafa lokið 30 fartímum sem flugstjóri á ferðavélsvifflugu og viðbótarhæfnimati á ferðavélsvifflugu í samræmi við FCL.935 með flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við j-lið FCL.905.FI.

f) fyrir flugkennara á loftbelg, hafa lokið 75 fartímum á loftbelgi sem flugstjóri, þar af a.m.k. 15 tímum í þeim flokki sem veita á flugkennslu fyrir.

**FCL.930.FI Flugkennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Umsækjendur um vottorð flugkennara skulu hafa staðist sérstakt inntökuflugpróf með flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI á næstliðnum sex mánuðum áður en námskeiðið hefst til að meta getu þeirra til að sækja námskeiðið. Þetta inntökuflugpróf skal byggt á hæfniprófinu fyrir flokks- og tegundaráritanir eins og tilgreint er í 9. viðbæti við þennan hluta.

b) Flugkennaranámskeiðið skal fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) i. hvað varðar flugkennara á flugvélar (FI(A)), þyrlur (FI(H)) og loftskip (FI(As)), a.m.k. 100 kennslutíma í bóklegri þekkingu, þ.m.t. framvindupróf (e. *progress tests*),

ii. hvað varðar flugkennara á loftbelgi eða svifflugur, a.m.k. 30 kennslutíma í bóklegri þekkingu, þ.m.t. framvindupróf,

3) i. hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur, a.m.k. 30 klst. flugkennslu, þar af skulu 25 klst. vera í formi fartíma með kennara, þar af mega 5 klst. fara fram í flughermi með fullri hreyfingu, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flugþjálfunartæki 2/3,

ii. hvað varðar flugkennara á loftskip, a.m.k. 20 klst. flugkennslu, þar af skulu 15 klst. vera í formi fartíma með kennara,

iii. hvað varðar flugkennara á svifflugur, a.m.k. 6 tíma og 20 flugtök í flugkennslu,

iv. hvað varðar flugkennara á svifflugu sem veitir þjálfun á ferðavélsvifflugu, a.m.k. 6 fartíma með kennara á ferðavélsvifflugu,

v. hvað varðar flugkennara á loftbelg, a.m.k. 3 tíma, þ.m.t. 3 flugtök í flugkennslu.

Þegar sótt er um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars skulu flugmenn, sem hafa eða hafa haft:

1) vottorð flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, hljóta viðurkenningu fyrir 55 tíma upp í kröfurnar í i. lið 2. liðar í b-lið eða fyrir 18 tíma upp í kröfurnar í ii. lið 2. liðar í b-lið.

**FCL.940.FI Flugkennari — framlenging og endurnýjun**

a) Fyrir framlengingu vottorðs flugkennara skal handhafinn uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hann skal ljúka:

i. hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 klst. flugkennslu á viðeigandi gerð loftfara innan gildistíma vottorðsins sem flugkennari, tegundarkennari, flokkskennari, blindflugskennari, fjallaflugskennari eða prófdómari. Ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið á síðustu 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara rennur úr gildi,

ii. hvað varðar flugkennara á loftskip: a.m.k. 20 klst. flugkennslu á loftskipum sem flugkennari, blindflugskennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins. Ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið á síðustu 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara rennur úr gildi,

iii. hvað varðar flugkennara á svifflugum: a.m.k. 30 tímum eða 60 flugtökum í flugkennslu á svifflugum, vélsvifflugum eða ferðavélsvifflugum sem flugkennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins,

iv. hvað varðar flugkennara á loftbelgi:, a.m.k. 6 klst. flugkennslu í loftbelgjum sem flugkennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins,

2) sækja upprifjunarnámskeið fyrir kennara innan gildistíma vottorðs flugkennara,

3) standast hæfnismat í samræmi við FCL.935 á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara fellur úr gildi.

b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu sem á eftir kemur, hvað varðar flugkennara á flugvélar eða þyrlur, eða þriðju hverja framlengingu, hvað varðar flugkennara á loftskip, svifflugu eða loftbelg, skal handhafanum vera skylt að standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

c) Endurnýjun. Ef vottorð flugkennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir endurnýjun:

1) sækja upprifjunarnámskeið fyrir kennara,

2) standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir tegundarkennara — TRI***

**FCL.905.TRI Tegundarkennari — Réttindi og skilyrði**

Réttindi tegundarkennara eru að veita kennslu fyrir:

a) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að tegundarkennari hafi gilda blindflugsáritun,

b) útgáfu vottorða tegundarkennara eða flugþjálfakennara, að því tilskildu að handhafinn hafi þriggja ára reynslu sem tegundarkennari, og

c) hvað varðar tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækir um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi.

Veita má viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)) þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að tegundarkennarinn:

i. hafi vottorð kennara í áhafnarsamstarfi, eða

ii. hafi eða hafi haft vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,

2) grunnstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu að hann/hún hafi viðbótarréttindi sem taka til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)),

d) hvað varðar tegundarkennara fyrir fjölstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir:

i. fjölstjórnarflugvélar,

ii. flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi,

3) grunn-, milli- og framhaldsstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu, hvað varðar grunnstigið, að þeir hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar,

e) hvað varðar tegundarkennara á þyrlur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir þyrlur,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi, að því tilskildu að hann/hún hafi tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur,

3) viðbótarréttindi eins hreyfils blindflugsáritunar fyrir þyrlur þannig að þau taki til fjölhreyfla blindflugsáritunar fyrir þyrlur,

f) hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir vænghnitur,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi.

**FCL.910.TRI Tegundarkennari — takmörkuð réttindi**

a) Almennt. Ef tegundarkennaraþjálfunin fer eingöngu fram í flughermi með fullri hreyfingu skulu réttindi tegundarkennara takmarkast við þjálfun í slíkum flughermi.

Í því tilviki er tegundarkennara heimilt að stýra leiðarflugi undir umsjón, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér viðbótarþjálfun þar að lútandi.

b) Tegundarkennari á flugvélar og á vænghnitur (TRI(PL)). Réttindi tegundarkennara takmarkast við þá tegund vænghnitu sem þjálfunin og hæfnismatið fór fram á. Veita skal viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennarinn hefur:

1) lokið, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir umsóknina, a.m.k. 15 flugum, þ.m.t. flugtök og lendingar á viðeigandi loftfarstegund, þar af má ljúka 7 flugum í flughermi með fullri hreyfingu,

2) lokið við tækniþjálfun og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,

3) staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins í samræmi við FCL.935 í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennsla í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.

c) Tegundarkennari á þyrlur — TRI(H).

1) Réttindi tegundarkennara á þyrlur takmarkast við þá tegund þyrlu sem færniprófið var tekið á fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara. Veita skal viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennari hefur:

i. lokið tæknilega hlutanum af tegundarkennaranámskeiðinu á viðeigandi tegund þyrlu eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund,

ii. veitt flugkennslu í a.m.k. 2 tíma á viðeigandi tegund, undir umsjón tegundarkennara á þyrlur sem hefur fullnægjandi réttindi, og

iii. staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins í samræmi við FCL.935 í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem eru með réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennsla í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.

2) Áður en veitt eru viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara á þyrlu í einstjórnarumhverfi þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á sömu tegund þyrlna, skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.

d) Þrátt fyrir liðina hér að ofan skulu handhafar vottorðs tegundarkennara, sem hafa fengið tegundaráritun útgefna í samræmi við e-lið FCL.725, eiga rétt á því að fá viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til þeirrar nýju tegundar loftfars.

**FCL.915.TRI Tegundarkennari — forsendur**

Umsækjandi um vottorð tegundarkennara skal:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar (TRI(MPA)):

 1) hafa lokið 1500 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum, og

 2) innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar, hafa lokið 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund,

c) fyrir vottorð tegundarkennara á einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)):

 1) innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar, hafa lokið 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund, og

 2) i. hafa lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal 30 tímum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, eða

 ii. hafa eða hafa haft vottorð flugkennara á fjölhreyfla flugvélar með blindflugsáritun,

d) fyrir tegundarkennara á þyrlu:

 1) fyrir vottorð tegundarkennara á eins hreyfils einstjórnarþyrlur, hafa lokið 250 tímum sem flugmaður á þyrlum,

 2) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, hafa lokið 500 tímum sem flugmaður á þyrlum, þar á meðal 100 tímum sem flugstjóri á fjölhreyfla einstjórnarþyrlum,

 3) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarþyrlur, hafa lokið 1000 tímum sem flugmaður á þyrlum, þ.m.t.:

 i. 350 tímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

 ii. fyrir umsækjendur sem þegar hafa vottorð tegundarkennara á fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, 100 tímum sem flugmaður á þeirri tegund í flugi sem starfrækt er í fjölstjórnarumhverfi.

 4) Handhafar vottorðs flugkennara á þyrlu skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. og 2. lið er lúta að viðkomandi einstjórnarþyrlu,

e) fyrir tegundarkennara á vænghnitu:

 1) hafa lokið 1500 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum, vænghnitum eða fjölstjórnarþyrlum, og

 2) lokið, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir umsóknina, 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund.

**FCL.930.TRI Tegundarkennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Tegundarkennaranámskeiðið skal samanstanda af, a.m.k.:

 1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

 2) 10 tímum af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningi kennsluáætlana og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi.

 3) 5 tímum í flugkennslu á viðeigandi loftfari eða flughermi, sem líkir eftir því loftfari, fyrir einstjórnarloftfar og 10 tímum fyrir fjölstjórnarloftfar eða flughermi, sem líkir eftir því loftfari.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. lið í a-lið.

c) Umsækjandi um vottorð tegundarkennara, sem hefur vottorð flugþjálfakennara (SFI) fyrir viðeigandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í þessum lið fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara sem takmarkast við flugkennslu í flughermum.

**FCL.935.TRI Tegundarkennari — Hæfnismat**

Ef hæfnismat tegundarkennara fer fram í flughermi með fullri hreyfingu skal vottorð tegundarkennara takmarkast við flugkennslu í slíkum flughermi.

Þessari takmörkun má aflétta þegar tegundarkennari hefur staðist hæfnismatið í loftfari.

**FCL.940.TRI Tegundarkennari — Framlenging og endurnýjun**

a) *Framlenging*

1) Flugvélar. Fyrir framlengingu vottorðs tegundarkennara á flugvélar skal umsækjandinn, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið rennur úr gildi, uppfylla eina af eftirfarandi þremur kröfum:

i. stjórna á heildstæðu tegundarnámskeiði einum af eftirfarandi hlutum: flughermissetu í a.m.k. 3 tíma eða einni flugæfingu sem er a.m.k. 1 klst. og samanstendur af a.m.k. 2 flugtökum og lendingum,

ii. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935.

2) Þyrlur og vænghnitur. Fyrir framlengingu vottorða fyrir tegundarkennara á þyrlur eða á vænghnitur, skal umsækjandinn, áður en vottorðið fyrir tegundarkennara fellur úr gildi, uppfylla tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

i. ljúka 50 tímum í flugkennslu á öllum þeim loftfarstegundum sem hann hefur kennsluréttindi fyrir, eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þessum tegundum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fyrir tegundarkennara fellur úr gildi.

Hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur skulu þessir flugkennslutímar flognir sem tegundarkennari eða tegundarprófdómari eða sem flugþjálfakennari eða flugþjálfaprófdómari. Hvað varðar tegundarkennara á þyrlur skal sá fartími sem floginn er sem flugkennari, blindflugskennari (IRI), flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför eða sem hvers kyns prófdómari, einnig eiga við í þessu tilliti,

ii. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935.

3) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði tegundarkennara skal umsækjandinn standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

4) Ef aðili hefur vottorð tegundarkennara á fleiri en einni tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið sem fram fer er á einni þessara tegunda fela í sér framlengingu á vottorði tegundarkennara fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars.

5) Sértækar kröfur framlengingar tegundarkennara á þyrlur. Tegundarkennari á þyrlur, sem hefur vottorð flugkennara á þyrlur á viðeigandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur a-liðar hér að framan. Í þessu tilviki er vottorð tegundarkennara á þyrlur í gildi þar til vottorð flugkennara á þyrlur fellur úr gildi.

b) *Endurnýjun*

1) Flugvélar. Sé vottorð tegundarkennara á flugvélar fallið úr gildi skal umsækjandinn hafa:

i. lokið, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsókn, a.m.k. 30 flugum sem fela í sér flugtök og lendingar á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ekki ljúka fleiri en 15 flugum á flughermi,

ii. lokið viðeigandi hlutum tegundarkennaranámskeiðs hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. stjórnað, á heildstæðu tegundarnámskeiði, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma á viðeigandi tegund flugvélar undir umsjón tegundarkennara á flugvélar.

2) Þyrlur og vænghnitur. Ef vottorð flugkennara á þyrlur eða vænghnitur hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, innan 12 mánaða fyrir endurnýjun:

i. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins, og

ii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935 á hverri tegund loftfars sem sótt er um endurnýjun kennsluréttinda fyrir.

*5. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flokkskennara — CRI***

**FCL.905.CRI Flokkskennari — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi flokkskennara eru þau að veita kennslu fyrir:

1) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun flokks- eða tegundaráritunar fyrir einfaldar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu, þegar réttindin, sem umsækjandinn sækist eftir, eru þau að fljúga í einstjórnarumhverfi,

2) áritun fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að flokkskennarinn hafi viðeigandi áritun og hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun.

b) Réttindi flokkskennara eru takmörkuð við þann flokk eða tegund flugvélar þar sem hæfnismat kennara fór fram. Veita skal viðbótarréttindi fyrir flokkskennara þannig að þau taki til fleiri flokka eða tegunda þegar flokkskennari hefur lokið, á næstliðnum 12 mánuðum:

1) 15 fartímum sem flugstjóri í flugvélum í viðkomandi flokki eða tegund flugvélar,

2) einu æfingarflugi í hægra sætinu undir umsjón annars flokkskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi fyrir þann flokk eða tegund og situr í hinu flugmannssætinu.

**FCL.915.CRI Flokkskennari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð flokkskennara skal a.m.k. hafa lokið:

a) fyrir fjölhreyfla flugvélar:

1) 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum,

2) 30 fartímum sem flugstjóri í viðeigandi flokki eða tegund flugvéla,

b) fyrir eins hreyfils flugvélar:

1) 300 fartímum sem flugmaður á flugvélum,

2) 30 fartímum sem flugstjóri í viðeigandi flokki eða tegund flugvéla.

**FCL.930.CRI Flokkskennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Flokkskennaranámskeiðið skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi,

3) 5 klst. flugkennslu á fjölhreyfla flugvélum, eða 3 klst. flugkennslu á eins hreyfils flugvélum, en flugkennsla skal vera í höndum flugkennara á flugvél, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð kennara skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. lið í a-lið.

**FCL.940.CRI Flokkskennari — Framlenging og endurnýjun**

a) Fyrir framlengingu á vottorði flokkskennara skal umsækjandinn, á 12 næstliðnum mánuðum áður en vottorð flokkskennara fellur úr gildi:

1) veita a.m.k. 10 klst. flugkennslu í hlutverki flokkskennara. Ef umsækjandinn hefur réttindi flokkskennara á bæði eins hreyfils og fjölhreyfla flugvélum skulu þessum 10 klst. af flugkennslu skipt jafnt á milli eins hreyfils og fjölhreyfla flugvéla, eða

2) fá upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, eða

3) standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935 fyrir fjölhreyfla eða eins hreyfils flugvélar, eins og við á.

b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flokkskennara skal handhafinn uppfylla kröfuna í 3. lið í a-lið.

c) Endurnýjun. Ef vottorð flokkskennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir endurnýjun:

1) fá upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) standast hæfnismatið sem kveðið er á um í FCL.935.

*6. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir blindflugskennara — IRI***

**FCL.905.IRI Blindflugkennari — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi blindflugskennara eru þau að veita kennslu til útgáfu, framlengingu og endurnýjunar blindflugsáritunar fyrir viðkomandi gerð loftfars.

b) Sértækar kröfur vegna námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini. Til að kenna á grunnnámskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini skal blindflugskennarinn fyrir flugvélar:

1) hafa blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar, og

2) hafa lokið a.m.k. 1500 fartímum í fjölstjórnarumhverfi.

3) Þegar um er að ræða blindflugskennara með réttindi til að kenna á samtvinnuðum námskeiðum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar með blindflugsáritun má í stað kröfunnar í 2. lið b-liðar ljúka námskeiði sem kveðið er á um í 3. lið j-liðar í FCL. 905.FI.

**FCL.915.IRI Blindflugskennari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð blindflugskennara kal:

a) fyrir blindflugskennara á flugvélar:

1) hafa lokið a.m.k. 800 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu a.m.k. 400 tímum vera í flugvélum, og

2) hvað varðar umsækjendur um blindflugskennararéttindi á fjölhreyfla flugvélar, uppfylla kröfurnar í a-lið FCL.915.CRI,

b) fyrir blindflugskennara á þyrlur:

1) hafa lokið a.m.k. 500 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 250 blindflugstímar í þyrlum, og

2) hvað varðar umsækjendur um blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlur, uppfylla kröfurnar í ii. lið 3. liðar í g-lið FCL.905.FI.

c) fyrir blindflugskennararéttindi á loftskip, hafa lokið a.m.k. 300 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 100 blindflugstímar í loftskipum.

**FCL.930.IRI Blindflugskennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir blindflugskennara skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu,

3) i. fyrir blindflugskennararéttindi á flugvélar, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á flugvél, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II. Ef um er að ræða umsækjendur með vottorð flugkennara á flugvélar fer þessi tímafjöldi niður í fimm,

ii. fyrir blindflugskennararéttindi á þyrlur, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á þyrlu, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III.

iii. fyrir blindflugskennararéttindi á loftskip, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á loftskipi, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.

b) Flugkennsla skal veitt af flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI.

c) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið í a-lið.

**FCL.940.IRI Blindflugskennari — Framlenging og endurnýjun**

Fyrir framlengingu og endurnýjun á vottorði blindflugskennara skal handhafinn uppfylla kröfurnar fyrir framlengingu og endurnýjun vottorðs flugkennara í samræmi við FCL.940.FI.

*7. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugþjálfakennara — SFI***

**FCL.905.SFI Flugþjálfakennari — Réttindi og skilyrði**

Réttindi flugþjálfakennara eru að veita kennslu í flugþjálfa innan viðeigandi gerðar loftfars fyrir:

a) útgáfu, framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að hann/hún hafi eða hafi haft blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars og hafi lokið blindflugskennaranámskeiði, og

b) hvað varðar flugþjálfakennara fyrir einstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að fljúga í einstjórnarumhverfi.

Veita skal viðbótarréttindi fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (SFI(SPA)) þannig að þau taki til flugkennslu í tengslum við tegundaráritanir fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að hann/hún:

i. hafi vottorð kennara í áhafnarsamstarfi, eða

ii. hafi eða hafi haft vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar, og

2) að því tilskildu að veitt hafi verið viðbótaráritun við réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi í samræmi við 1. lið:

i. áhafnarsamstarf,

ii. grunnstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

c) hvað varðar flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir:

i. fjölstjórnarflugvélar,

ii. flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi,

2) áhafnarsamstarf,

3) grunn-, milli- og framhaldsstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu , hvað varðar kennsluna á grunnstigi, að hann/hún hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara,

d) hvað varðar flugþjálfakennara á þyrlur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana þyrlna,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi þegar tegundarkennari hefur réttindi til að kenna á fjölstjórnarþyrlur.

**FCL.910.SFI Flugþjálfakennari— Takmörkuð réttindi**

Takmarka skal réttindi flugþjálfakennara við flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi, með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem notað var á flugþjálfakennaranámskeiðinu.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum innan sömu gerðar loftfars, þegar handhafinn hefur:

a) lokið þeim hluta tegundarnámskeiðsins sem snýr að flughermum með fullnægjandi árangri, og

b) stjórnað, á heildstæðu tegundarnámskeiði, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma sem tengist störfum flugþjálfakennara á viðeigandi tegund undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarprófdómara, sem hefur réttindi þar að lútandi.

**FCL.915.SFI Flugþjálfakennari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara skal:

a) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa lokið hæfniprófi vegna útgáfu tiltekinnar tegundaráritunar fyrir loftför í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðkomandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, og

c) fyrir flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur auk þess hafa:

1) a.m.k. 1500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum eða vænghnitu, eftir því sem við á,

2) lokið við, sem flugmaður eða sem áhorfandi, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, a.m.k.:

i. 3 flugum í stjórnklefanum í viðeigandi tegund loftfars, eða

ii. 2 flughermissetum í leiðarflugsþjálfun með flugliðum með full réttindi í stjórnklefa á viðkomandi tegund. Í þessum flughermissetum skulu vera tvö flug milli tveggja mismunandi flugvalla sem eru a.m.k. 2 klst. hvort um sig og viðkomandi fyrirflugs- og eftirflugsgreining,

d) að auki, fyrir flugþjálfakennara fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

1) hafa lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum,

2) hafa eða hafa haft blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar, og

3) hafa uppfyllt kröfurnar í 2. lið í c-lið,

e) fyrir flugþjálfakennara á þyrlur (SFI(H)), hafa auk þess:

1) sem flugmaður eða sem áhorfandi, lokið a.m.k. einum fartíma í stjórnklefa í viðkomandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, og

2) hvað varðar fjölstjórnarþyrlur, a.m.k. 1000 tíma flugreynslu að baki sem þyrluflugmaður, þar á meðal a.m.k. 350 tíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

3) hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, lokið 500 tímum sem flugmaður á þyrlum, þar á meðal 100 tímum sem flugstjóri á fjölhreyfla einstjórnarþyrlum,

4) hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlu, hafa lokið 250 tímum sem flugmaður á þyrlum.

**FCL.930.SFI Flugþjálfakennari— Þjálfunarnámskeið**

a) Námskeiðið fyrir flugþjálfakennara skal fela í sér:

1) flughermisþjálfahlutann á viðeigandi tegundarnámskeiði,

2) innihald tegundarkennaranámskeiðsins.

b) Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara, sem hefur vottorð tegundarkennara fyrir viðkomandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í þessum lið.

**FCL.940.SFI Flugþjálfakennari — Framlenging og endurnýjun**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorða fyrir flugþjálfakennara skal umsækjandinn, meðan vottorðið fyrir flugþjálfakennara er enn í gildi, uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hafa lokið 50 tímum sem kennari eða prófdómari í flughermisþjálfum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fyrir flugþjálfakennara fellur úr gildi,

2) fá upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

3) standast viðeigandi þætti hæfnismatsins í samræmi við FCL.935.

b) Umsækjandinn skal enn fremur hafa lokið hæfniprófum fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeim tegundum sem hann hefur réttindi fyrir.

c) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skal handhafinn uppfylla kröfuna í 3. lið a-liðar.

d) Endurnýjun. Ef vottorð flugþjálfakennara er fallið úr gildi skal umsækjandinn, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina:

1) hafa lokið flughermishluta flugþjálfakennaranámskeiðsins,

2) uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 2. og 3. lið a-liðar.

*8. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir kennara í áhafnarsamstarfi — MCCI***

**FCL.905.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi kennara í áhafnarsamstarfi eru að veita flugkennslu:

1) við verklega hluta námskeiða í áhafnarsamstarfi þegar þau eru ekki samræmd við þjálfun til tegundarréttinda, og

2) hvað varðar kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélum, við grunnstig samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu að hann/hún hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvél.

**FCL.910.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Takmörkuð réttindi**

Réttindi handhafa vottorðs kennara í áhafnarsamstarfi skulu takmarkast við þann flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu sem notaður var á þjálfunarnámskeiðinu fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Veita viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara, þegar handhafinn hefur lokið við verklega þjálfun námskeiðsins fyrir kennara í áhafnarsamstarfi á þeirri tegund flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

**FCL.915.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð kennara í áhafnarsamstarfi skal:

a) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa a.m.k.:

1) hvað varðar flugvélar, loftskip og vænghnitur, 1500 tíma flugreynslu að baki sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi,

2) hvað varðar þyrlur, 1000 fartíma flugreynslu sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi, þar af a.m.k. 350 tíma á fjölstjórnarþyrlum.

**FCL.930.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Þjálfunarnámskeið**

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir kennara í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) tækniþjálfun sem tengist þeirri gerð flughermisþjálfa sem umsækjandinn óskar eftir að kenna á,

3) 3 tíma af verklegri kennslu, sem getur verið flugkennsla eða kennsla í áhafnarsamstarfi á viðeigandi flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu undir umsjón tegundarkennara, flugþjálfakennara eða kennara í áhafnarsamstarfi, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Mat á hæfni umsækjandans, eins og lýst er í FCL.920, fellur undir þessa tíma í flugkennslu undir umsjón.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð flugkennara, tegundarkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða flugþjálfakennara skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið a-liðar.

**FCL.940.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Framlenging og endurnýjun**

a) Fyrir framlengingu vottorðs kennara í áhafnarsamstarfi skal umsækjandinn hafa uppfyllt kröfur 3. liðar í a-lið í FCL.930.MCCI á viðeigandi tegund flugleiðsöguþjálfa II/III, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermis með fullri hreyfingu, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð kennara í áhafnarsamstarfi fellur úr gildi.

b) Endurnýjun. Ef vottorð kennara í áhafnarsamstarfi hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn uppfylla kröfur 2. og 3. liðar a-liðar í FCL.930.MCCI á viðeigandi tegund flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermis með fullri hreyfingu.

*9. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför — STI***

**FCL.905.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Réttindi og skilyrði**

a) Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför eru þau að veita kennslu í flugþjálfa á viðeigandi gerð loftfars, fyrir:

1) útgáfu skírteinis,

2) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritunar og flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarloftför, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu.

b) Viðbótarréttindi fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför (STI(A)). Réttindi flugþjálfa fyrir einstjórnarflugvélar skulu fela í sér kennslu í flugþjálfa við grunnþjálfun í flugfærni á samtvinnaða þjálfunarnámskeiðinu fyrir fjölstjórnarskírteini.

**FCL.910.STI Flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför — Takmörkuð réttindi**

Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu takmarkast við þann flugleiðsöguþjálfa II/III, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu, sem notaður var á flugþjálfakennaranámskeiðinu fyrir einstjórnarloftför.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara þegar handhafinn hefur:

a) lokið við þann hluta tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermi með fullri hreyfingu á viðeigandi tegund,

b) staðist hæfniprófið fyrir tiltekna tegundaráritun fyrir loftfar í flughermi með fullri hreyfingu af viðeigandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsókn,

c) stjórnað, á tegundarnámskeiði, a.m.k. einni kennslustund í flughermisþjálfa sem tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarloftför og er minnst þrír tímar á viðeigandi loftfarstegund undir umsjón flugkennaraprófdómara.

**FCL.915.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skal:

a) hafa eða hafa haft, innan þriggja ára fyrir umsóknina, flugmannsskírteini og kennsluréttindi sem hæfa námskeiðunum sem kennslan er ætluð fyrir,

b) hafa lokið viðeigandi hæfniprófi á flugleiðsöguþjálfa fyrir flokks- eða tegundaráritunina, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina.

Umsækjandi um vottorð fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar, sem óskar eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD), skal aðeins ljúka æfingunum sem eiga við um færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar,

c) fyrir flugþjálfa á einstjórnarþyrlur auk þess hafa lokið a.m.k. einum fartíma sem áhorfandi í stjórnklefa í viðkomandi þyrlutegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina.

**FCL.930.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Þjálfunarnámskeið**

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skal samanstanda af a.m.k. 3 tímum í flugkennslu sem tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarloftför í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III, undir umsjón flugkennaraprófdómara. Mat á hæfni umsækjandans, eins og lýst er í FCL.920, fellur undir þessa tíma í flugkennslu undir umsjón.

Umsækjendur um vottorð fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar, sem óska eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skulu ljúka flugkennslunni á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

b) Fyrir umsækjendur um vottorð flugþjálfakennara fyrir einstjórnarþyrlur (STI(H)) skal námskeiðið einnig fela í sér þann hluta tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermi með fullri hreyfingu.

**FCL.940.STI Framlenging og endurnýjun vottorða flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorðs flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför skal umsækjandinn hafa, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför fellur úr gildi:

   1) stjórnað a.m.k. 3 tímum í flugkennslu í flughermi með fullri hreyfingu, flugleiðsöguþjálfa II/III eða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug sem hluta af heildstæðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis, blindflugsáritunar, einkaflugmannsskírteinis eða flokks- eða tegundarnámskeiði, og

   2) staðist viðeigandi hluta hæfniprófs, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III þar sem flugkennsla fer yfirleitt fram.

   Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

b) Endurnýjun. Sé vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför fallið úr gildi skal umsækjandinn:

   1) fá upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari á einstjórnarloftför hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

   2) standast viðeigandi hluta hæfniprófs, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III þar sem flugkennsla fer yfirleitt fram.

   Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

   3) stjórna, á heildstæðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis, blindflugsáritunar, einkaflugmannsskírteinis eða flokks- eða tegundarnámskeiði, a.m.k. 3 tímum í flugkennslu undir umsjón flugkennara, flokkskennara á flugvél (CRI(A)), blindflugskennara eða tegundarkennara á þyrlu, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar skal hafa eftirlit með a.m.k. einum kennslutíma.

*10. ÞÁTTUR*

***Fjallaflugskennari***

**FCL.905.MI Fjallaflugskennari — Réttindi og skilyrði**

Réttindi fjallaflugskennara felast í því að annast flugkennslu fyrir útgáfu fjallaflugsáritunar.

**FCL.915.MI Fjallaflugskennari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð fjallaflugskennara skal:

a) hafa vottorð flugkennara, flokkskennara eða tegundarkennara með réttindi fyrir einstjórnarflugvélar,

b) hafa fjallaflugsáritun.

**FCL.930.MI Fjallaflugskennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Þjálfunarnámskeið fyrir fjallaflugskennara skal fela í sér mat á hæfni umsækjandans eins og lýst er í FCL.920.

b) Áður en umsækjandi fær aðgang að námskeiðinu skal hann hafa staðist inntökuflugpróf með fjallaflugskennara, sem hefur vottorð flugkennara, til að meta reynslu þeirra og getu til þess að takast á við námskeiðið.

**FCL.940.MI — Gildistími vottorðs fjallaflugskennara**

Vottorð fjallaflugkennara er í gildi svo lengi sem vottorð flugkennara, tegundarkennara eða flokkskennara er í gildi.

*11. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir reynsluflugskennara***

**FCL.905.FTI Reynsluflugskennari — Réttindi og skilyrði**

a) Reynsluflugskennari hefur réttindi til að kenna, innan viðeigandi gerðar loftfars, vegna:

   1) útgáfu reynsluflugsáritunar í 1. eða 2. flokki, að því gefnu að hann/hún hafi reynsluflugsáritun í viðeigandi flokki,

   2) útgáfu vottorðs reynsluflugskennara innan viðeigandi flokks reynsluflugsáritunar, að því gefnu að kennarinn hafi a.m.k. tveggja ára reynslu af kennslu fyrir útgáfu reynsluflugsáritana.

b) Reynsluflugskennari sem er handhafi reynsluflugsáritunar í 1. flokki hefur einnig réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við reynsluflugsáritanir í 2. flokki.

**FCL.915.FTI Reynsluflugskennari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð reynsluflugskennara skal:

a) hafa reynsluflugsáritun sem gefin er út í samræmi við FCL.820,

b) hafa lokið a.m.k. 200 tímum í reynsluflugi í 1. eða 2. flokki.

**FCL.930.FTI Reynsluflugskennari — Þjálfunarnámskeið**

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir reynsluflugskennara skal a.m.k. fela í sér:

   1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

   2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi,

   3) 5 tíma í verklegri flugkennslu undir umsjón reynsluflugskennara, sem hefur réttindi í samræmi við b-lið FCL.905.FTI. Þessir tímar í flugkennslu skulu fela í sér mat á hæfni umsækjandans eins og lýst er í FCL.920.

b) Viðurkenningar:

   1) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið í a-lið.

   2) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð flugkennara eða tegundarkennara á viðeigandi gerð loftfars skulu enn fremur hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 2. lið a-liðar.

**FCL.940.FTI Reynsluflugskennari — Framlenging og endurnýjun**

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorðs reynsluflugskennara skal umsækjandinn, á gildistíma vottorðsins, uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

   1) hafa lokið a.m.k.:

      i. 50 tímum í reynsluflugi, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð reynsluflugskennara fellur úr gildi, og

      ii. 5 klst. flugkennslu í reynsluflugi á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð reynsluflugskennara fellur úr gildi, eða

2) fá upprifjunarþjálfun sem reynsluflugskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Upprifjunarþjálfunin skal byggjast á þeim þætti reynsluflugskennaranámskeiðsins sem snýr að verklegri flugkennslu, í samræmi við 3. lið a-liðar í FCL.930.FTI, og fela í sér a.m.k. eitt kennsluflug undir umsjón reynsluflugskennara, sem hefur réttindi í samræmi við b-lið FCL.905.FTI.

b) Endurnýjun. Ef vottorð reynsluflugskennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn fá upprifjunarþjálfun sem reynsluflugskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Upprifjunarþjálfunin skal a.m.k. uppfylla kröfurnar í 3. lið a-liðar í FCL.930.FTI.

## K-KAFLI

## ***PRÓFDÓMARAR***

### *1. ÞÁTTUR*

### ***Almennar kröfur***

**FCL.1000 Prófdómaravottorð**

a) Almennt. Handhafar prófdómaravottorða skulu:

1) hafa skírteini, áritun eða vottorð, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati, og með réttindi til að veita kennslu þar að lútandi,

2) hafa réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismati þegar slíkt fer fram á loftfarinu.

b) Sérstök skilyrði:

1) Í þeim tilvikum þegar ný tegund loftfars er tekið í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda, þegar ekki er mögulegt að fara að kröfunum í þessum kafla, getur lögbært yfirvald gefið út sérstakt vottorð sem veitir réttindi til að framkvæma færni- og hæfnipróf. Slíkt vottorð takmarkast við færni- og hæfnipróf sem nauðsynleg eru þegar ný tegund loftfars er tekin í notkun og gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en 1 ár.

2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um prófdómaravottorð skulu uppfylla forsendurnar og framlengingarkröfurnar sem gilda fyrir prófdómara í þeim flokki.

c) Próf utan yfirráðasvæði aðildarríkjanna:

1) Þrátt fyrir a-lið getur lögbært yfirvald aðildarríkis gefið út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis, sem gefið var út af þriðja landi samkvæmt 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að því er varðar færni- og hæfnipróf sem boðið er upp á hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem staðsettur er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. hafi a.m.k. skírteini, áritun eða vottorð, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati og, í öllum tilfellum a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini,

ii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs og

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt réttinda sinna sem prófdómari í samræmi við þennan hluta.

2) Vottorðið sem vísað er til í 1. lið skal takmarkast við það að veita færni- og hæfnipróf:

i. utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, og

ii. til handa flugmönnum sem hafa nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.

**FCL.1005 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni**

Prófdómarar skulu ekki framkvæma:

a) færnipróf eða hæfnismat umsækjenda, vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs:

1) hjá þeim sem þeir hafa sjálfir veitt flugkennslu fyrir það skírteini, áritun eða vottorð sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir, eða

2) þegar meðmæli með umsækjanda um færnipróf, í samræmi við b-lið FCL.030, eru frá þeim komin,

b) færni- og hæfnipróf eða hæfnismat ef þeir eru ekki vissir um að þeir geti verið hlutlausir.

**FCL.1010 Forsendur fyrir prófdómara**

Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu sýna fram á:

a) viðeigandi þekkingu, bakgrunn og reynslu með tilliti til réttinda prófdómara,

b) að þeir hafi ekki verið beittir neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllun skírteina, áritana eða vottorða sem gefin eru út í samræmi við þennan hluta, fyrir að fylgja ekki grunnreglugerðinni og framkvæmdareglum hennar síðastliðin 3 ár.

**FCL.1015 Samræmingarfyrirkomulag prófdómara**

a) Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu fara á samræmingarnámskeið sem lögbært yfirvald eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt af lögbæra yfirvaldinu.

b) Samræmingarnámskeiðið skal samanstanda af bóklegri og verklegri kennslu og skal a.m.k. fela í sér:

1) framkvæmd færniprófs, hæfniprófs eða hæfnismats í tvígang fyrir þau skírteini, áritanir eða vottorð sem umsækjandinn sækir um réttindi til að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir,

2) kennslu á viðeigandi kröfum í þessum hluta og viðeigandi kröfum um flugrekstur, framkvæmd færni- og hæfniprófs og hæfnismats ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,

3) kynningu á landsbundinni stjórnsýslumeðferð, kröfum um vernd persónuupplýsinga, bótaábyrgð, slysatryggingum og gjöldum.

c) Handhafar prófdómaravottorðs skulu ekki framkvæma færni- eða hæfnipróf eða hæfnismat á umsækjanda þegar lögbæra yfirvaldið er ekki það sama og gaf út prófdómaravottorðið, að því undanskildu:

1) að þeir hafi tilkynnt lögbæru yfirvaldi umsækjandans um ætlun sína til þess að framkvæma færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið og um umfang réttinda þeirra sem prófdómarar,

2) að þeir hafi hlotið kynningu frá lögbæru yfirvaldi umsækjandans á þeim atriðum sem nefnd eru í 3. lið b-liðar.

**FCL.1020 Mat á hæfni prófdómara**

Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu sýna eftirlitsmanni frá lögbæru yfirvaldi eða yfirprófdómara, sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu, fram á hæfni sína með framkvæmd færni- eða hæfniprófs eða hæfnismats í því prófdómarahlutverki sem sótt er um vottorð fyrir, þ.m.t. kynning og framkvæmd færni- og hæfniprófsins og hæfnismatsins, auk mats á umsækjanda sem tekur færni- eða hæfniprófið eða matið og eftirflugsgreining og skráningu gagna.

**FCL.1025 Gildistími, framlenging og endurnýjun prófdómaravottorða**

a) Gildistími. Prófdómaravottorðið skal gilda í 3 ár.

b) Framlenging. Prófdómaravottorð skal framlengjast þegar handhafinn hefur, á gildistíma vottorðsins:

1) stjórnað færni- eða hæfniprófi eða hæfnismati a.m.k. tvisvar á hverju ári,

2) sótt upprifjunarnámskeið sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki stendur fyrir og það samþykkt af lögbæra yfirvaldinu, á síðasta ári gildistímans.

3) Eftirlitsmaður frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómari, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu, skal meta eitt af þeim færni- eða hæfniprófum sem lokið var við á síðasta ári gildistímans, í samræmi við 1. lið.

4) Þegar umsækjandinn um framlenginguna er handhafi prófdómararéttinda í fleiri en einum flokki er hægt að samræma framlengingu allra prófdómararéttinda þegar umsækjandi uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. lið b-liðar og FCL.1020 fyrir einn þeirra flokka sem prófdómaravottorð hans tekur til, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.

c) Endurnýjun. Ef vottorðið hefur runnið út skulu umsækjendur uppfylla kröfurnar í 2. lið b-liðar og FCL.1020 áður en þeir geta haldið áfram að neyta réttinda sinna.

d) Prófdómaravottorðið skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í FCL.1010 og FCL.1030.

**FCL.1030 Framkvæmd færni- og hæfniprófs og hæfnismats**

a) Við framkvæmd færni- og hæfniprófs og hæfnismats skulu prófdómarar:

1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum hluta um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir,

3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun þeirra og flugreynslu.

b) Eftir að færni- eða hæfniprófinu hefur verið lokið skal prófdómarinn:

1) tilkynna umsækjandanum um útkomu prófsins. Ef umsækjandinn hefur staðist einhvern hluta prófsins eða hefur fallið á prófinu skal prófdómarinn tilkynna honum að hann/hún geti ekki neytt réttinda áritunarinnar þar til hann/hún hefur staðist prófið. Prófdómarinn skal upplýsa umsækjanda um mögulegar kröfur um viðbótarþjálfun og útskýra fyrir honum rétt hans til áfrýjunar,

2) ef umsækjandi hefur staðist hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, árita skírteini eða vottorð umsækjandans með nýjum gildislokadegi fyrir áritunina eða vottorðið, ef prófdómarinn hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans,

3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færni- eða hæfniprófið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Í skýrslunni skal vera:

i. yfirlýsing þess efnis að prófdómarinn hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans/hennar og nám, og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum lið,

ii. staðfesting þess efnis að öllum flugbrögðum og æfingum sem krafist er hafi verið lokið, sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á. Ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði skal prófdómarinn skrá ástæður þess í matinu sínu,

iii. útkoma færni- eða hæfniprófsins eða hæfnismatsins.

c) Prófdómarar skulu geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfnipróf og hæfnismöt og útkomu þeirra.

d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans skulu prófdómarar leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

*2. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugprófdómara — FE***

**FCL.1005.FE Flugprófdómari — Réttindi og skilyrði**

a) Flugprófdómari fyrir flugvélar. Réttindi flugprófdómara fyrir flugvélar eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis á flugvélar og færni- og hæfnipróf fyrir tengdar flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikilli afkastagetu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 1000 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

2) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tengdar flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikilli afkastagetu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 2000 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

3) færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 100 tímum í flugkennslu,

4) færnipróf fyrir útgáfu fjallaflugsáritunar, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þar af a.m.k. 500 flugtökum og lendingum í flugkennslu fyrir fjallaflugsáritun.

b) Flugprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugprófdómara fyrir þyrlur eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis á þyrlur, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 1000 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

2) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 2000 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

3) færni- og hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið kröfunum í 1. eða 2. lið, eftir því sem við á, og hafi atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks fyrir þyrlur (ATPL(H)) og, þegar það á við, blindflugsáritun fyrir þyrlur,

4) færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 150 tímum í flugkennslu.

c) Flugprófdómari fyrir loftskip. Réttindi flugprófdómara fyrir loftskip eru þau að framkvæma færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmanns- eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip og færni- og hæfnipróf fyrir tengdar tegundaráritanir fyrir loftskip, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 500 fartímum sem flugmaður á loftskipum, þar af 100 tímum í flugkennslu.

d) Flugprófdómari fyrir svifflugu. Réttindi flugprófdómara fyrir svifflugur eru að framkvæma:

1) færni- og hæfnipróf fyrir skírteini svifflugmanns og flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 150 tímum eða 300 flugtökum í flugkennslu,

2) hæfnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir skírteini svifflugmanns þannig að þau taki til flutningaflugs, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 90 tímum í flugkennslu,

3) færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur þannig að þau taki til ferðavélsvifflugu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 50 tímum í flugkennslu á ferðavélsvifflugu.

e) Flugprófdómari fyrir loftbelgi. Réttindi flugprófdómara fyrir loftbelgi eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi og flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi og færni- og hæfniprófum fyrir viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 250 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þar á meðal 50 tímum í flugkennslu,

2) hæfnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir réttindi flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi þannig að þau taki til flutningaflugs, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þar af 50 tímum í sama hópi loftbelgja og verið er að sækjast eftir viðbótarréttindum fyrir. Af þessum 300 fartímum skulu vera 50 klst. af flugkennslu.

**FCL.1010.FE Flugprófdómari — Forsendur**

Umsækjandi um vottorð sem flugprófdómari skal hafa:

vottorð flugkennara á viðeigandi gerð loftfars.

*3. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir tegundarprófdómara — TRE***

**FCL.1005.TRE Tegundarprófdómari — Réttindi og skilyrði**

a) Tegundarprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Réttindi tegundarprófdómara fyrir flugvélar eða vænghnitur eru þau að framkvæma:

1) færnipróf fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana fyrir flugvélar eða vænghnitur, eins og við á,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun tegundar og blindflugsáritunar,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks,

4) færnipróf fyrir útgáfu fjölstjórnarskírteinis, að því tilskildu að prófdómarinn hafi uppfyllt kröfurnar í FCL.925,

5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari.

b) Tegundarprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi tegundarprófdómari fyrir þyrlur eru að framkvæma:

1) færni- eða hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana þyrlna,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritunar, eða fyrir viðbótarréttindi við blindflugsáritun fyrir þyrlur úr eins hreyfils þyrlum í fjölhreyfla þyrlur, að því tilskildu að hann hafi gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks,

4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari.

**FCL.1010.TRE Tegundarprófdómari — Forsendur**

a) Tegundarprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Umsækjendur um tegundarprófdómaravottorð fyrir flugvélar og vænghnitur skulu:

1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur, hafa lokið 1500 fartímum sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum eða vænghnitum, eftir því sem við á, þar af a.m.k. 500 fartímum sem flugstjóri,

2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á einstjórnarflugvélum, þar af a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri,

3) hafa atvinnuflugmannsskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks og vottorð tegundarkennara fyrir viðeigandi tegund,

4) fyrir fyrstu útgáfu tegundarprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum sem tegundarkennari, flugkennari eða flugþjálfakennari á viðeigandi tegund eða flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund.

b) Tegundarprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um tegundarprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa vottorð tegundarkennara á þyrlur eða, hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlur, gilt vottorð flugkennara á þyrlur fyrir viðkomandi tegund,

2) fyrir fyrstu útgáfu tegundarprófdómaravottorðs, hafa lokið 50 fartímum sem tegundarkennari, flugkennari eða flugþjálfakennari á viðeigandi tegund eða flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund,

3) hvað varðar fjölstjórnarþyrlur, hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks og hafa lokið 1500 tímum sem flugmenn á fjölstjórnarþyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

4) hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarþyrlur:

i. hafa lokið 1000 fartímum sem flugmenn á þyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

ii. hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks og, þegar við á, gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur,

5) hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlur:

i. hafa lokið 750 fartímum sem flugmenn á þyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

ii. hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

6) Áður en réttindi eru aukin frá einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlu til fjölstjórnar fjölhreyfla þyrlu sömu tegundar skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.

7) Hvað varðar umsækjendur um fyrsta tegundarprófdómaravottorðið á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlur má líta svo á að þeir 1500 fartímar af flugreynslu á fjölstjórnarþyrlum sem krafist er í 3. lið b-liðar hafi verið uppfylltar ef þeir hafa lokið 500 fartímum sem flugstjórar á fjölstjórnarþyrlum af sömu tegund.

*4. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flokksprófdómara — CRE***

**FCL.1005.CRE Flokksprófdómari — Réttindi**

Réttindi flokksprófdómara eru þau að framkvæma, fyrir einstjórnarflugvélar, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

a) færnipróf vegna útgáfu flokks- og tegundaráritana,

b) hæfnipróf fyrir:

1) framlengingu og endurnýjun flokks- og tegundaráritana,

2) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að flokksprófdómari uppfylli kröfurnar í a-lið FCL.1010.IRE.

**FCL.1010.CRE Flokksprófdómari — Forsendur**

Umsækjendur um flokksprófdómaravottorð skal:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, fjölstjórnarskírteini fyrir flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, með einstjórnarréttindum, eða hafa haft það og vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar,

b) hafa vottorð flokkskennara fyrir viðeigandi flokk eða tegund,

c) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á flugvélum.

*5. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir blindflugsprófdómara — IRE***

**FCL.1005.IRE Blindflugsprófdómari — Réttindi**

Réttindi handhafa blindflugsprófdómaravottorðs eru þau að framkvæma færnipróf fyrir útgáfu, og hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana.

**FCL.1010.IRE Blindflugsprófdómari — Forsendur**

a) Blindflugsprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu hafa vottorð blindflugskennarar á flugvélar og hafa lokið:

 1) 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum og

 2) 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu 250 fartímar vera í hlutverki kennara.

b) Blindflugsprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu hafa vottorð blindflugskennara á þyrlur (IRI(H)) og hafa lokið:

 1) 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum, og

 2) 300 blindflugstímum á þyrlum, þar af skulu 200 fartímar vera í hlutverki kennara.

c) Blindflugsprófdómari fyrir loftskip. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu hafa vottorð blindflugskennara á loftskip (IRI(As)) og hafa lokið:

 1) 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum,

 2) 100 blindflugstímum á loftskipum, þar af skulu 50 fartímar vera í hlutverki kennara.

*6. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugþjálfaprófdómara — SFE***

**FCL.1005.SFE Flugþjálfaprófdómari — Réttindi og skilyrði**

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Réttindi flugþjálfaprófdómara á flugvélum eða vænghnitum eru að framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu:

 1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur, eftir því sem við á,

 2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómari uppfylli kröfurnar í FCL.1010.IRE fyrir viðkomandi gerð loftfars,

 3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks,

 4) færnipróf fyrir útgáfu fjölstjórnarskírteinis, að því tilskildu að prófdómarinn hafi uppfyllt kröfurnar í FCL.925,

 5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugþjálfakennara á viðkomandi gerð loftfars, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari.

b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugþjálfaprófdómara á þyrlum eru að framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu:

 1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana, og

 2) hæfnipróf fyrir framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómari uppfylli kröfur b-liðar FCL.1010.IRE,

 3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks,

 4) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari.

**FCL.1010.SFE Flugþjálfaprófdómari — Forsendur**

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um flugþjálfaprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu:

1) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, flokks- eða tegundaráritun og vottorð flugþjálfakennara fyrir viðeigandi tegund flugvéla,

2) hafa a.m.k. 1500 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum,

3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem flugþjálfakennari á flugvélar, á viðeigandi tegund.

b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um flugþjálfaprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, tegundaráritun og vottorð flugþjálfakennara fyrir viðeigandi tegund þyrlna,

2) hafa a.m.k. 1000 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem flugþjálfakennari á þyrlum, á viðeigandi tegund.

*7. ÞÁTTUR*

***Sértækar kröfur fyrir flugkennaraprófdómara — FIE***

**FCL.1005.FIE Flugkennaraprófdómari — Réttindi og skilyrði**

a) Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir flugvélar eru að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara á einstjórnarflugvélum, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

b) Flugkennaraprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir þyrlur eru að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara á einstjórnarþyrlum, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

c) Flugkennaraprófdómari fyrir loftskip, svifflugur, loftbelgi. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir svifflugur, vélsvifflugur, loftbelgi og loftskip eru þau að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun kennaravottorða á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

**FCL.1010.FIE Flugkennaraprófdómari — Forsendur**

a) Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu:

hvað varðar umsækjendur sem leitast eftir að framkvæma hæfnismat:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð, eins og við á,

2) hafa lokið 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, og

3) hafa a.m.k. 100 fartíma við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

b) Flugkennaraprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð, eins og við á,

2) hafa lokið 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum.

3) hafa a.m.k. 100 fartíma við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

c) Flugkennaraprófdómari á loftskipum. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu:

1) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum,

2) hafa a.m.k. 20 fartíma við kennslu umsækjenda til flugkennara á loftskipum.

3) hafa viðeigandi kennaravottorð.

d) Flugkennaraprófdómari á svifflugum. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð,

2) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á svifflugum eða vélsvifflugum,

3) hafa lokið:

i. fyrir umsækjendur sem sækjast eftir því að framkvæma hæfnismat á ferðavélsvifflugu, 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð á ferðavélsvifflugu,

ii. í öllum öðrum tilvikum, 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

e) Flugkennaraprófdómari fyrir loftbelgi. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð,

2) hafa lokið 350 fartímum sem flugmenn á loftbelgjum,

3) hafa lokið 10 fartímum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

*1. viðbætir*

**Viðurkenning á bóklegri þekkingu**

A. VIÐURKENNING Á BÓKLEGRI ÞEKKINGU TIL ÚTGÁFU FLUGMANNSSKÍRTEINIS Á AÐRA GERÐ LOFTFARS — VIÐBÓTARKENNSLA OG NÁMSEFNI TIL PRÓFS

1. **Flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og skírteini svifflugmanns**

1.1. Fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför skal handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Hvað varðar útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi eða skírteinis svifflugmanns skal handhafi skírteinis á aðra gerð loftfars fá kennslu í bóklegri þekkingu og standast bóklegt próf á viðunandi hátt í eftirfarandi námsgreinum, sbr. þó liðinn að ofan:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, Flugleiðsaga.

1.3. Fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi eða skírteinis svifflugmanns skal handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför af sömu gerð hljóta fulla viðurkenningu upp í kennslu í bóklegri þekkingu og prófkröfur.

*2.* **Atvinnuflugmannsskírteini**

2.1. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini, sem hefur atvinnuflugmannsskírteini á aðra gerð loftfars, skal hafa hlotið viðbótarkennslu á samþykktu námskeiði samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námskráa fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteina fyrir mismunandi gerðir loftfara.

2.2. Umsækjandinn skal hafa staðist bóklegt próf í bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í þessum hluta í eftirfarandi námsgreinum fyrir viðeigandi gerð loftfars:

021 — Almenn þekking á loftförum: skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður,

022 — Almenn þekking á loftförum: Mælitæki,

032/034 — Afkastageta flugvélar eða þyrlu, eftir því sem við á,

070 — Verklagsreglur í flugi, og

080 — Flugfræði.

2.3. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun á sömu gerð loftfars fær það viðurkennt fyrir próf í eftirfarandi námsgreinum:

– Mannleg geta,

– Veðurfræði.

3. **Atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks**

3.1. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks sem hefur atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á aðra gerð loftfars skal hafa hlotið kennslu í bóklegri þekkingu er lýtur að viðbótarkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námskráa fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteina 1. flokks fyrir mismunandi gerðir loftfara.

3.2. Umsækjandinn skal hafa staðist próf í bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í þessum hluta í eftirfarandi námsgreinum á viðeigandi gerð loftfars:

021 — Almenn þekking á loftförum: skrokkur og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður,

022 — Almenn þekking á loftförum: Mælitæki,

032 — Afkastageta,

070 — Verklagsreglur í flugi, og

080 — Flugfræði.

3.3. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í greininni fjarskipti í sjónflugi.

3.4. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Flugfræði (þyrlur),

– Fjarskipti í sjónflugi.

3.5. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun fyrir flugvélar hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu á fjarskiptum í blindflugi.

3.6. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði (þyrlur),

– Fjarskipti í sjónflugi.

4. **Blindflugsáritun**

4.1. Umsækjandi um blindflugsáritun, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini á sömu gerð loftfars, hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Mannleg geta,

– Veðurfræði.

4.2. Umsækjandi um blindflugsáritun fyrir þyrlur, sem hefur staðist viðeigandi bóklegt þekkingarpróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með sjónflugsréttindi, skal standast próf í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Áætlanagerð,

– Flugleiðsögutækni,

– Fjarskipti í blindflugi.

*2. viðbætir*

**Kvarði til að meta tungumálakunnáttu — Sérfræði-, framhalds- og starfrækslustig**

| Stig | Framburður | Uppbygging | Orðaforði | Liðleiki í tali | Skilningur | Samskipti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sérfræðistig**<br><br>**(6.stig)** | Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa svo til aldrei áhrif á skilning annarra. | Hefur ávallt gott vald á málbóklegri uppbyggingu einfaldra og flókinna setningahluta og setningaskipan. | Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um margvísleg málefni, þekkt og óþekkt. Orðaforði er málvenjubundinn, blæbrigðaríkur og hentar viðkomandi orðfæri. | Fær um að tala samfellt á eðlilegan og áreynslulausan hátt. Notar breytilegt málflæði sem stíláhrif, t.d. til að leggja áherslu á tiltekið atriði.<br><br>Notar viðeigandi orðræðumerki og tengiorð undirbúningslaust. | Skilningur er ávallt réttur í nánast hver kyns samhengi, þ.m.t. hárfínn skilningur á málvísindalegum og menningarlegum mun. | Á auðvelt með samskipti við nánast allar aðstæður. Er næmur fyrir sögðum og ósögðum markorðum og bregst við þeim á viðeigandi hátt. |
| **Framhaldsstig**<br><br>**(5. stig)** | Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa þó sjaldan áhrif á skilning annarra. | Hefur ávallt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan. Tilraunir eru gerðar til að nota málfræðilega flókna setningahluta með villum sem hafa stundum áhrif á merkingu. | Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni. Umorðar með samræmdum og árangursríkum hætti. Orðaforði er stundum málvenjubundinn. | Fær um að tala samfellt án mikilla erfiðleika um þekkt málefni en notar e.t.v. ekki breytilegt málflæði sem stílbragð. Getur nýtt sér viðeigandi orðræðuagnir eða tengiorð. | Skilningur er réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum og yfirleitt réttur þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum.<br><br>Er fær um að skilja margs konar málafbrigði (mállýskur og/eða hreim) eða orðfæri. | Svör eru tafarlaus, viðeigandi og greinargóð. Gengur vel að tala og hlusta. |
| **Starfrækslustig**<br><br>**(4. stig)** | Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun eru undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa einungis endrum og eins áhrif á skilning. | Hefur yfirleitt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan og beitir þeim á skapandi hátt. Villur geta komið fyrir, sérstaklega við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður en þær hafa sjaldan áhrif á merkingu. | Orðaforði er yfirleitt nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni.<br><br>Er alla jafna fær um að umorða með árangursríkum hætti þegar orðaforða er ábótavant sérstaklega við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður. | Fær um að tala í samhengi og á viðeigandi hraða.<br><br>Stundum minnkar liðleiki í tali við umskipti frá æfðum eða formbundnum talsmáta yfir í undirbúningslaus tjáskipti en þetta kemur ekki í veg fyrir skilvirk samskipti. Getur nýtt sér orðræðuagnir eða tengiorð. Uppfyllingarorð eru ekki truflandi. | Skilningur er að mestu leyti réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum þegar sá hreimur eða talsmáti, sem er notaður, er nægilega skiljanlegur innan alþjóðasamfélags málnotenda.<br><br>Þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum kann að hægja á skilningi eða þörf verður á nánari útskýringum. | Svör eru yfirleitt tafarlaus, viðeigandi og greinargóð.<br><br>Á frumkvæði að og heldur uppi samræðum jafnvel þegar upp koma óvæntir atburðir. Ræður nægilega vel við aðstæður sem eru greinilega á misskilningi byggðar með því að sannreyna, staðfesta eða skýra nánar. |

*Athugasemd:* Frumtexti 2. viðbætis hefur verið fluttur í AMC, sjá einnig skýringu.

*3. viðbætir*

**Þjálfunarnámskeið vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks**

1. Í þessum viðbæti er kröfunum lýst fyrir mismunandi tegundir þjálfunarnámskeiða vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, með og án blindflugsáritunar.

2. Umsækjandi sem óskar eftir flutningi til annars þjálfunarfyrirtækis meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á hjá öðru þjálfunarfyrirtæki.

A. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir flugvélar, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarflugvélum í flutningaflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar, 1. flokks, skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi, og

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarflugvéla.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar.

7. Námskeið í áhafnarsamstarfi skal samanstanda af a.m.k. 25 klst. í bóklegri kennslu og æfingum.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal felast í minnst 195 tímum, þar með talin öll flugpróf, og mega allt að 55 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 95 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 55 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 fartímum sem flugstjóri, þar á meðal sjónflugstímum og blindflugstímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími flugstjóra að hámarki upp að 20 tímum,

   c) 50 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum í flugvélum skulu fara fram að nóttu til og í þeim felast 3 tímar með kennara þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar; og

e) 115 klst. fartímum í blindflugi sem samanstanda af, að minnsta kosti:

1) 20 tímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC),

2) 15 tímum í áhafnarsamstarfi, við það má nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II,

3) 50 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að:

i. 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða

ii. 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu, þar af má ljúka allt að 10 tímum í flugleiðsöguþjálfa I.

Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél annaðhvort á eins hreyfils eða á fjölhreyfla flugvél og færnipróf vegna blindflugsáritunar á fjölhreyfla flugvél.

### B. Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar

1. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu:

a) hafa að minnsta kosti einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, og

ljúka að minnsta kosti eftirfarandi tímum í bóklegri kennslu:

1) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar: 650 tímar,

2) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar: 400 tímar,

3) fyrir umsækjendur með blindflugsáritun fyrir flugvélar: 500 tímar,

4) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun fyrir flugvélar: 250 tímar.

Bóklegri kennslu skal lokið áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, er tekið.

### C. Samtvinnað námskeið vegna atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun — flugvélar

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að stjórna eins hreyfils eða fjölhreyfla einstjórnarflugvélum í flutningaflugi og fá atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar og blindflugsáritun, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal felast í minnst 180 tímum, þar með talin öll framvinddupróf, og mega allt að 40 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 180 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 80 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 tímum sem flugstjóri, þar á meðal sjónflugs- og blindflugstímum sem fljúga má sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími flugstjóra að hámarki upp að 20 tímum,

   c) 50 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum í flugvélum skulu fara fram að nóttu til og í þeim felast 3 tímar með kennara þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar; og

   e) 100 klst. fartímum í blindflugi sem samanstanda af, að minnsta kosti:

      1) 20 tímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC), og

      2) 50 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að:

         i. 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða

         ii. 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu, þar af má ljúka allt að 10 tímum í flugleiðsöguþjálfa I.

   Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

   f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðkomandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar annaðhvort á eins hreyfils eða á fjölhreyfla flugvél.

## D. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal taka minnst 150 tíma, þar með talin öll framvindupróf, og mega allt að 5 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 150 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 80 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 fartímum sem flugstjóri,

   c) 20 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum að nóttu til, sem samanstanda af 3 tímum í fartíma með kennara, sem fela í sér a.m.k. 1 tíma í landflugleiðsögu og 5 flugtök í einflugi og 5 stöðvunarlendingar í einflugi,

   e) 10 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, flugþjálfunartæki 2, flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

   f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar flugþjálfuninni er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar á eins hreyfils eða fjölhreyfla flugvél.

### E. **Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með áfangaskiptu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteina fyrir flugvélar til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal hann vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Áður en umsækjandi byrjar flugþjálfun skal hann:

   a) hafa lokið 150 fartímum,

   b) hafa uppfyllt forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla flugvélar í samræmi við H-kafla, ef nota á fjölhreyfla flugvél við færniprófið.

4. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

   BÓKLEG ÞEKKING

6. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

   PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

   FLUGÞJÁLFUN

8. Umsækjendur sem ekki hafa blindflugsáritun skulu fá minnst 25 tíma flugkennslu með kennara, þar af 10 tíma blindflugskennslu en af þeim mega allt að fimm tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu.

9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugskennslu með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu fá viðurkennda allt að 5 tíma blindflugskennslu með kennara, í því tilviki skulu minnst 5 tímar af blindflugskennslu með kennara fara fram í flugvél. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanga skal hann fá viðurkennda allt að 10 fartíma sem hluta af þeim blindflugstímum sem krafist er.

10. a) Umsækjendur með gilda blindflugsáritun skulu fá minnst 15 tíma sjónflugsþjálfun með kennara.

    b) Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstendur af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar.

11. Minnst 5 tímar af flugkennslunni skulu fara fram í flugvél með tegundarskírteini til flutnings á minnst fjórum mönnum og með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

    REYNSLA

12. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar skal hafa lokið minnst 200 fartímum, þar af að minnsta kosti:

    a) 100 tímum sem flugstjóri, 20 landflugstímum sem flugstjóri, þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 540 km (300 sjómílur) langt og skal meðan á því stendur framkvæmdar stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

    b) 5 fartímum að nóttu til, sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar, og

    c) 10 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

    d) 6 fartímum sem ljúka skal á fjölhreyfla flugvél.

    e) Telja má tíma sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara upp í fartímana 200, í eftirfarandi tilvikum:

       i. 30 tíma á þyrlu, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

       ii. 100 tíma á þyrlu, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

       iii. 30 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

       iv. 30 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip, eða

       v. 60 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip.

FÆRNIPRÓF

13. Þegar flugkennslu umsækjanda er lokið og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél annaðhvort á eins hreyfils eða fjölhreyfla flugvél.

F. **Samtvinnað námskeið vegna réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks með blindflugsáritun — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlum í flutningaflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini á þyrlur með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

   a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

   b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, og blindflugsáritun,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi, og

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarþyrlna.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar.

7. Á námskeiði í áhafnarsamstarfi skal vera minnst 25 tíma bókleg kennsla og æfingar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá kunnáttu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin skal felast í minnst 195 tímum, þar með talin öll framvindupróf. Af þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 140 æfingartímum með kennara, þar af:

      1) mega 75 sjónflugstímar fela í sér:

         i. 30 tíma í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         ii. 25 tíma í flugþjálfunartæki 2,3, eða

         iii. 20 tíma í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         iv. 20 tíma í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      2) 50 blindflugskennslutímum sem í eru:

         i. allt að 20 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         ii. 10 tímar í minnst þyrluflugleiðsöguþjálfa 1 eða í flugvél,

3) 15 tímar í áhafnarsamstarfi en við það má nota þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (áhafnarsamstarf) eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (áhafnarsamstarf).

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega vera 40 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 50 landflugstímum, þar af minnst 10 landflugstímum í landflugi sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) sem felur í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur) langt og skulu meðan á því stendur framkvæmdar lendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

d) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

e) 50 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 40 tíma þjálfun fyrir blindflugsáritun og af þeim skulu vera minnst 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á fjölhreyfla þyrlu og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu og skal uppfylla kröfur um þjálfun í áhafnarsamstarfi.

### G. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa í flutningaflugi sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks,

b) þjálfun í sjónflugi og grunnblindflugi, og

c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarþyrlna.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, skulu vera a.m.k. 650 kennslutímar.

7. Á námskeiði í áhafnarsamstarfi skal vera minnst 20 tíma bókleg kennsla og æfingar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu, 1. flokks.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin skal felast í minnst 150 tímum, þar með talin öll framvinduprróf. Af þessum 150 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 95 æfingartímum með kennara, þar af:

      i. 75 tímar í sjónflugskennslu, sem mega vera:

         1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

         3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      ii. 10 tímar í grunnblindflugskennslu sem mega vera 5 tímar í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

      iii. 10 tímar í áhafnarsamstarfi en við það má nota þyrlu, þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (áhafnarsamstarf) eða flugleiðsöguþjálfa II/III (áhafnarsamstarf).

      Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

   b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega vera 40 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

   c) 50 landflugstímum, þar af minnst 10 landflugstímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) sem felur í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur) langt og skulu meðan á því stendur framkvæmdar lendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

   d) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á fjölhreyfla þyrlu og skal uppfylla kröfur um þjálfun í áhafnarsamstarfi.

### H. **Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks — þyrlur**

1. Umsækjendur um atvinnuflugmannaskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu hafa a.m.k. einkaflugmannsskírteini á þyrlu og ljúka a.m.k. eftirtöldum tímum í kennslu innan 18 mánaða tímabils:

   a) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,: 550 tímum,

   b) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 300 tímum.

2. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR), sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu hafa a.m.k. einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlu og ljúka a.m.k. eftirtöldum tímum í kennslu:

   a) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 650 tímum,

   b) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 400 tímum,

   c) fyrir umsækjendur með blindflugsáritun fyrir þyrlur: 500 tímum,

   d) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun fyrir þyrlur: 250 tímum.

I. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks með blindflugsáritun — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að stjórna fjölhreyfla einstjórnarþyrlu og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir fjölhreyfla þyrlu með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

   a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

   b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur og blindflugsáritun, og fyrstu tegundaráritunina fyrir fjölhreyfla þyrlu og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með blindflugsáritun getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 180 tímum, þar með talin öll framvindupróf. Af þessum 180 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 125 æfingarfartímum með kennara, þar af:

      i. 75 tímar í sjónflugskennslu sem mega vera:

         1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

         3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      ii. 50 blindflugstímum sem mega vera:

         1) allt að 20 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflug-leiðsöguþjálfa II, III, eða

         2) 10 tímar í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

         Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

   b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega 40 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 10 tímum í landflugi með kennara,

d) 10 tímum í landflugi sem flugstjóri, sem í felst landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 185 km (100 sjómílur) langt þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

e) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

f) 50 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 40 tíma þjálfun fyrir blindflugsáritun og af þeim skulu vera minnst 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á annaðhvort fjölhreyfla þyrlu eða einhreyfils þyrlu, og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

## J. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

b) 50 tíma, þar af allt að 25 tímar sem mega vera fartími með kennara, ef viðkomandi hefur náð næturflugsáritun fyrir þyrlu.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar eða 200 tímar ef umsækjandinn er handhafi einkaflugmannsskírteinis.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 135 tímum, þar með talin öll framvindupróf, og mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu. Af þessum 135 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

a) 85 æfingarfartímum með kennara, þar af:

i. mega allt að 75 tímar vera sjónflugskennsla, og mega vera:

1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

ii. mega allt að 10 tímar í grunnblindflugskennslu fela í sér 5 tíma í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

b) 50 tímum sem flugstjóri, þar af mega 35 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 10 tímum í landflugi með kennara,

d) 10 tímum í landflugi sem flugstjóri, sem í felst landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 185 km (100 sjómílur) langt þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

e) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

f) 10 blindflugstímum með kennara, þ.m.t. a.m.k. 5 tímar í þyrlu.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

### K. **Áfangaskipt námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts námskeiðs til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteina fyrir þyrlur til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur skal hann vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Áður en umsækjandi byrjar flugþjálfun skal hann:

a) hafa lokið 155 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri en þar af skulu 10 tímar vera landflug,

b) hafa uppfyllt kröfur FCL.725 og FCL.720.H ef nota á fjölhreyfla þyrlu í færniprófinu.

4. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

FLUGÞJÁLFUN

8. Umsækjendur án blindflugsáritunar skulu fá a.m.k. 30 fartíma með kennara, þar af:

   a) 20 tíma í sjónflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II, III, og

   b) 10 tíma í blindflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í a.m.k. þyrluflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugskennslu með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun/flugvél skulu ljúka minnst 5 tímum af blindflugskennslu í þyrlu

10. Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir þyrlu skulu fá minnst 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 umferðarhringi í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

REYNSLA

11. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur skal hafa lokið a.m.k. 185 fartímum, þar á meðal 50 tímum sem flugstjóri, þar af 10 landflugsfartímum sem flugstjóri þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

    Tími sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara má viðurkenna sem hluta af þessum 185 fartímum, í eftirfarandi tilvikum:

   a) 20 tímar á flugvél, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á flugvél, eða

   b) 50 tímar á flugvél, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á flugvél, eða

   c) 10 tímar á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

   d) 20 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á loftskip, eða

   e) 50 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á loftskip.

FÆRNIPRÓF

12. Þegar umsækjandi hefur lokið viðeigandi flugþjálfun og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu.

### L. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun — loftskip**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfrækja loftskip og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip, flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini á loftskip, flugvélar eða þyrlur má viðurkenna að hámarki:

   a) 10 tíma, þar af mega allt að 5 tímar vera með kennara, eða

   b) 15 tíma, þar af mega allt að 7 tímar vera fartími með kennara, ef hann hefur aflað sér næturflugsáritun fyrir loftskip.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip og blindflugsáritun, og fyrstu tegundaráritun fyrir fjölhreyfla loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip með blindflugsáritun (CPL/IR(As)) getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 80 tímum, þar með talin öll framvindupróf. Af þessum 80 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

a) 60 æfingarfartímum með kennara, þar af:

i. 30 tímar í sjónflugskennslu sem mega vera:

1) 12 tímar í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu, eða

2) 10 tímar í loftskipaflugþjálfunartæki, eða

3) 8 tímar í loftskipaflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

4) 8 tímar í flugvél, þyrlu eða ferðavélsvifflugu,

ii. 30 blindflugstímum sem mega vera:

1) allt að 12 tímar í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfa II, III, eða

2) 6 tímar í a.m.k. loftskipaflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

Ef loftskipið sem notað er fyrir flugþjálfunina er af annarri tegund en sá flughermir með fullri hreyfingu sem notaður er fyrir sjónflugsþjálfunina skal hámarksviðurkenningin takmörkuð við 8 tíma,

b) 20 tímum sem flugstjóri, þar af mega 5 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 5 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 90 km (50 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á ákvörðunarflugvelli,

d) 5 fartímum í loftskipum að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

e) 30 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 20 tímum í blindflugsþjálfun, sem skulu fela í sér a.m.k. 10 tíma í fjölhreyfla loftskipi sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip á annaðhvort fjölhreyfla loftskip eða eins hreyfils loftskip og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla loftskipi sem er skráð fyrir blindflug.

## M. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip, flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini á loftskip, flugvélar eða þyrlur má viðurkenna að hámarki:

   a) 10 tíma, þar af mega allt að 5 tímar vera með kennara, eða

   b) 15 tíma, þar af mega allt að 7 tímar vera fartími með kennara, ef hann hefur aflað næturflugsáritun fyrir loftskip.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar eða 200 tímar ef umsækjandinn er handhafi einkaflugmannsskírteinis.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 50 tímum, þar með talin öll framvindupróf, og mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu. Af þessum 50 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 30 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu,

   b) 20 fartímum sem flugstjóri,

   c) 5 tímum í landflugi með kennara,

   d) 5 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 90 km (50 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á ákvörðunarflugvelli,

   e) 5 fartímum í loftskipum að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

   f) 10 blindflugstímum með kennara, þ.m.t. a.m.k. 5 tímar á loftskipi.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

### N. **Áfangaskipt námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts námskeiðs til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip er að þjálfa handhafa einkaflugmanns-skírteina fyrir loftskip til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal hann:

   a) hafa einkaflugmannsskírteini á loftbelgi sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins:

   b) hafa lokið 200 fartímum sem flugmaður á loftskipum, þ.m.t. 100 tímar sem flugstjóri en þar af skulu 50 tímar vera landflug,

3. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

BÓKLEG ÞEKKING

5. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

6. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

FLUGÞJÁLFUN

7. Umsækjendur án blindflugsáritunar skulu fá a.m.k. 20 fartíma með kennara, þar af:

   10 tíma í sjónflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2,3 eða flugleiðsöguþjálfa II, III, og

   10 tíma í blindflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í a.m.k. loftskipaflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

8. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir loftskip skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugstíma með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun á aðrar gerðir loftfara skulu hafa lokið a.m.k. 5 tímum af blindflugskennslu með kennara á loftskipi.

9. Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir loftskip skulu fá minnst 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 umferðarhringi í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

REYNSLA

10. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip skal hafa lokið a.m.k. 250 fartímum á loftskipi, þ.m.t. 125 tímum sem flugstjóri, þar á meðal 50 landflugsfartímum sem flugstjóri, þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 90 km (50 sjómílur), þar sem stöðvunarlending á sér stað á ákvörðunarflugvelli.

    Tími sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara má viðurkenna sem hluta af þessum 185 fartímum, í eftirfarandi tilvikum:

    a) 30 tíma á flugvélum eða þyrlum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á flugvél eða þyrlu, eftir því sem við á, eða

    b) 60 tíma á flugvélum eða þyrlum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á flugvél eða þyrlu, eftir því sem við á, eða

    c) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

    d) 10 tíma á loftbelg.

FÆRNIPRÓF

11. Þegar umsækjandi hefur lokið viðeigandi flugþjálfun og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip.

*4. viðbætir*

**Færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis**

A. **Almennt**

1. Umsækjandi um færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa hlotið flugkennslu á loftfari í sama flokki eða tegund og nota skal við prófið.

2. Umsækjandi skal hafa staðist alla viðeigandi hluta færniprófsins. Falli umsækjandi á einhverju atriði í prófhluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins í einum prófhluta skal aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færniprófsins skal vera lokið innan 6 mánaða. Hafi umsækjandi ekki staðist alla viðeigandi hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFSINS

4. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem flugprófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn endurtaka allt færniprófið. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem flugprófdómari telur fullnægjandi skal, við frekara flug aðeins prófa í þeim þáttum sem ekki var lokið.

5. Ef flugprófdómari ákveður það, má umsækjandinn endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Flugprófdómara má hvenær sem er stöðva prófið ef hann telur að skortur á færni umsækjanda gefi tilefni til að allt prófið sé endurtekið.

6. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi flugvélinni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

7. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gera í samræmi við gátlistann fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skal umsækjandi ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er.

8. Flugprófdómari skal ekki taka neinn þátt í stjórn loftfarsins nema þegar afskipta er þörf af öryggisástæðum eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

B. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

1. Flugvélin sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluflugvéla og skal hafa tegundarskírteini til flutnings á minnst fjórum mönnum og hafa skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

2. Flugprófdómari skal velja þá leið sem flogin er og skal ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn. Umsækjandinn skal bera ábyrgð á gerð flugáætlana og skal tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Flugið skal vara minnst 90 mínútur.

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

   a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er.

| | |
|---|---|
| Hæð | |
| eðlilegt flug | ±100 fet |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 150 fet |
| Ferli haldið með aðflugstækjum | ± 5° |
| Nefstefna | |
| eðlilegt flug | ± 10° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 15° |
| Hraði | |
| flugtak og aðflug | ± 5 hnútar |
| öll önnur flugsvið | ± 10 hnútar |

EFNI PRÓFSINS

5. Atriði undir c-lið og iv. lið e-liðar í 2. hluta og allan 5. og 6. hluta má framkvæma í flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu.

Notkun gátlista í flugvélinni, flugmennska, flugvél stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir/afísunaraðgerðir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum.

| 1. HLUTI — FYRIRFLUGSAÐGERÐIR OG BROTTFÖR | |
|---|---|
| a | Fyrirflugsskoðun, þar með<br>gerð flugáætlana, flugskjöl, ákvörðun massa og jafnvægis, athugun á veðurskilyrðum, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS) |
| b | Skoðun og viðhald flugvélar |
| c | Akstur og flugtak |
| d | Athugun á afkastagetu, stilling stýra |
| e | Stjórn flugvélar á flugvelli og í umferðarhring |
| f | Verklag við brottför, stilling hæðarmælis, aðgerðir til að forðast árekstur (úthorf) |
| g | Samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| **2. HLUTI — ALMENN FLUGSTÖRF** | |
| a | Flugvélinni stýrt eftir kennileitum, þar með beint og lárétt flug, klifur, lækkun, úthorf |
| b | Flogið með hættulega lágum flughraða, borin kennsl á og komist úr yfirvofandi eða fullu ofrisi |
| c | Beygjur, þar á meðal beygjur í lendingarham Krappar beygjur með 45° halla |
| d | Flogið með hættulega háum flughraða, borin kennsl á og komist úr gormdýfu |
| e | Flogið eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal:<br>i. Lárétt flug, farflugshamur, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða<br>ii. Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með 10°– 30° halla<br>iii. Komist úr óvenjulegri stöðu<br>iv. Notkun mælitækja takmörkuð |
| f | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |

| | |
|---|---|
| 3. HLUTI — STÖRF Á FLUGLEIÐ | |
| a | Flugvél stýrt eftir kennileitum, þar með í farflugsham og athugun á flugdrægi/flugþoli |
| b | Áttun, kortalestur |
| c | Hæð, hraði, stjórnun nefstefnu, úthorf |
| d | Stilling hæðarmælis Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| e | Eftirlit með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, mat á ferilskekkju og leiðrétting |
| f | Athugun veðurskilyrða, flugið metið, áætlun um breytta flugleið |
| g | Ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB), fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni búnaðar (blindflug).<br>Framkvæmd áætlunar um breytta flugleið til varaflugvallar (sjónflug) |
| 4. HLUTI — VERKLAG VIÐ AÐFLUG OG LENDINGU | |
| a | Verklag við aðflug, stilling hæðarmælis, prófanir, úthorf |
| b | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| c | Hætt við lendingu í lítilli hæð |
| d | Hefðbundin lending, lending í hliðarvindi (ef skilyrði leyfa) |
| e | Lending á stuttri braut |
| f | Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi (einungis eins hreyfils flugvélar) |
| g | Lending án notkunar flapa |
| h | Aðgerðir að loknu flugi |
| 5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM | |
| Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta | |
| a | Líkt eftir hreyfilbilun eftir flugtak (í öruggri hæð), brunaæfing |
| b | Tækjabilanir<br>þar með bilun í varabúnaði til að setja niður lendingarhjól, rafmagnsbilun og hemlabilun |
| c | Nauðlending (eftirlíkt) |
| d | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| e | Munnlegar spurningar |
| 6. HLUTI — LÍKT EFTIR FLUGI MEÐ BILUÐUM HREYFLI Í FJÖLHREYFLA FLUGVÉL OG VIÐEIGANDI ATRIÐI EFTIR FLOKKI EÐA TEGUND | |
| Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta | |
| a | Líkt eftir hreyfilbilun við flugtak (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir) |
| b | Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu |
| c | Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending |

| | |
|---|---|
| d | Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju |
| e | Samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti, flugmennska |
| f | Eftir því sem flugprófdómari ákveður – skulu öll viðeigandi atriði færniprófs til flokks- eða tegundaráritunar fela í sér, ef við á:<br>i. flugkerfi, þar með talin meðferð sjálfstýribúnaðar<br>ii. starfrækslu loftþrýstikerfis<br>iii. notkun afísingar- og ísingarvarnarkerfis |
| g | Munnlegar spurningar |

C. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

1. Þyrlan sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluþyrla.

2. Flugprófdómari skal velja svæði og flugleið og allt lágflug og vok skal fara fram á samþykktum flugvelli eða lendingarstað. Leiðinni í 3. hluta má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli og skal einn ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn Færniprófið má taka í tveimur flugum. Heildarflugtíminn skal vera a.m.k. 90 mínútur.

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

   a) starfrækt þyrluna innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

   GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

   Hæð

   | | |
   |---|---|
   | eðlilegt flug | ± 100 fet |
   | líkt eftir hreyfilbilun | ± 150 fet |

   | | |
   |---|---|
   | Ferli haldið með aðflugstækjum | ± 10° |

   Nefstefna

   | | |
   |---|---|
   | eðlilegt flug | ± 10° |
   | líkt eftir hreyfilbilun | ± 15° |

   Hraði

   | | |
   |---|---|
   | fjölhreyfla flugtak og aðflug | ± 5 hnútar |
   | öll önnur flugsvið | ± 10 hnútar |

   Rek miðað við jörð

   | | |
   |---|---|
   | Vokað í flugtaki í jarðhrifum | ± 3 fet |

   lending, ekkert flug afturábak eða til hliðar

EFNI PRÓFSINS

5. Framkvæma má atriði í 4. hluta í þyrluflugleiðsöguþjálfa eða þyrluflughermi með fullri hreyfingu. Notkun gátlista í þyrlu, flugmennska, þyrlu stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum

| 1. HLUTI — FYRIRFLUGS-/EFTIRFLUGSATHUGANIR OG VERKLAG | |
|---|---|
| a | Þyrlufræði (t.d. tækniflugbók, eldsneyti, massi og jafnvægi, afkastageta), gerð flugáætlana, flugskjöl, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS), veður |
| b | Fyrirflugsskoðun/aðgerðir, staðsetning hluta og hlutverk þeirra |
| c | Skoðun stjórnklefa, verklag við gangsetningu |
| d | Prófun fjarskipta- og flugleiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna |
| e | Verklag fyrir flugtak, verklag við talfjarskipti, samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt |
| f | Þyrlunni lagt, slökkt á henni og verklag eftir flug |
| 2. HLUTI — FLUGBRÖGÐ Í VOKI, VANDASÖM STJÓRN OG ÞRÖNG SVÆÐI | |
| a | Flugtak og lending (tekið á loft og snertilent) |
| b | Akstur, loftakstur |
| c | Kyrrstætt vok í mót-/hliðar-/meðvindi |
| d | 360° snúningur til vinstri og hægri í kyrrstæðu voki (snúið á staðnum) |
| e | Vokað áfram, til hliðar og afturábak |
| f | Eftirlíkt hreyfilbilun í voki |
| g | Snöggar stöðvanir í mótvindi og meðvindi |
| h | Lendingar og flugtök á hallandi yfirborði og stöðum sem ekki eru til þess ætlaðir |
| i | Flugtök (með ýmsum hætti) |
| j | Flugtak í hliðarvindi og undan vindi (ef aðstæður eru fyrir hendi) |
| k | Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegt eða eftirlíkt) |
| l | Aðflug (með ýmsum hætti) |
| m | Flugtak og lending með skertu afli |
| n | Sjálfsnúningar, (flugprófdómari skal velja tvö atriði af grunn-, sviðs-, lághraða- og 360° beygjum) |
| o | Lending með sjálfsnúningi |
| p | Æfð nauðlending með aflendurheimt |
| q | Aflprófanir, verklag við könnun, verklag við aðflug og brottför |
| 3. HLUTI — LEIÐSAGA — VERKLAG Á FLUGLEIÐ | |
| a | Flugleiðsaga og rötun í mismunandi hæð/flughæð, kortalestur |
| b | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu, fylgst með loftrými, stilling hæðarmælis |
| c | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, flugþol, áætlaður komutími (ETA), staðfesting á fráviki frá flugleið og komist aftur á rétta flugleið, fylgst með mælitækjum |
| d | Athugun á veðurskilyrðum, breyting á flugleið áætluð |

| | |
|---|---|
| e | Ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB) og/eða fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni tækja |
| f | Samband við flugumferðarstjórn og farið eftir reglum o.s.frv. |
| 4. HLUTI — VERKLAG Á FLUGI OG FLUGBRÖGÐ ÞEGAR EINUNGIS ER FLOGIÐ EFTIR MÆLITÆKJUM | |
| a | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar/flughæðar og hraða |
| b | 1. stigs láréttar beygjur í tilgreinda nefstefnu, 180° til 360° til hægri og vinstri |
| c | Klifur og lækkun, þar á meðal 1. stigs beygjur í tilgreinda nefstefnu |
| d | Komist úr óeðlilegri stöðu |
| e | Beygjur með 30° halla, beygt allt að 90° til vinstri og hægri |
| 5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM (EFTIRLÍKT ÞAR SEM VIÐ Á) | |
| *Aths. 1:* Þegar prófið er tekið á fjölhreyfla þyrlu skal æfing með eftirlíktri hreyfilbilun sem innifelur aðflug og lendingu með einum hreyfli vera innifalin í prófinu. | |
| *Aths. 2:* Flugprófdómarinn skal velja 4 af eftirfarandi atriðum: | |
| a | Hreyfilbilanir, þar á meðal bilun í gangráði, ísing í blöndungi/hreyfli, olíukerfi, eftir því sem við á |
| b | Bilun í eldsneytiskerfi |
| c | Bilun í rafkerfi |
| d | Bilun í vökvakerfi, þar með talið aðflug og lending með vökvakerfi óvirkt, eftir því sem á |
| e | Bilun í aðalþyrli og/eða stélþyrilkerfi (aðeins í flughermi með fullri hreyfingu eða umræða) |
| f | Brunaæfingar, þar með talið reykhindrun og reykræsting, eftir því sem við á |
| g | Annað verklag við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum eins og lýst er í viðeigandi flughandbók, þar með talið fyrir fjölhreyfla þyrlur:<br>Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak:<br>hætt er við flugtak við eða fyrir ákvörðunarpunkt flugtaks (TDP) eða örugg nauðlending við eða fyrir skilgreindan öryggispunkt eftir flugtak (DPATO), skömmu eftir ákvörðunarpunkt flugtaks eða skilgreindan öryggispunkt eftir flugtak.<br>Lending með eftirlíktri hreyfilbilun:<br>lending eða hætt við lendingu eftir hreyfilbilun fyrir ákvörðunarpunkt í lendingu (LDP) eða skilgreindan öryggispunkt fyrir lendingu (DPBL)<br>eftir hreyfilbilun eftir ákvörðunarpunkt í lendingu eða örugg nauðlending eftir skilgreindan öryggispunkt fyrir lendingu. |

## D. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

1. Loftskipið sem notað er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluloftskipa.
2. Flugprófdómari skal velja svæði og flugleið. Leiðinni í 3. hluta má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli og skal einn ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn Færniprófið má taka í tveimur flugum. Heildarflugtíminn skal vera a.m.k. 60 mínútur.
3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:
   a) starfrækt loftskipið innan þeirra takmarka sem því eru sett,
   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,
   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,
   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,
   e) alltaf haldið góðri stjórn á loftskipinu með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftskips sem notað er.

Hæð

| | |
|---|---|
| eðlilegt flug | ± 100 fet |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 150 fet |

| | |
|---|---|
| Ferli haldið með aðflugstækjum | ± 10° |

Nefstefna

| | |
|---|---|
| eðlilegt flug | ± 10° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 15° |

EFNI PRÓFSINS

5. Atriði í 5. og 6. hluta má framkvæma í loftskipaflugleiðsöguþjálfa eða loftskipsflughermi með fullri hreyfingu. Notkun gátlista í loftskipi, flugmennska, loftskipi stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum.

| 1. HLUTI — FYRIRFLUGSAÐGERÐIR OG BROTTFÖR | |
|---|---|
| a | Fyrirflugsskoðun, þar með:<br>gerð flugáætlana, flugskjöl, ákvörðun massa og jafnvægis, athugun á veðurskilyrðum, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS) |
| b | Skoðun og viðhald loftskips |
| c | Verklag þegar loftskip er laust frá mastri, tilfærslur á jörðu og flugtak |
| d | Athugun á afkastagetu, stilling stýra |
| e | Stjórn loftskips á flugvelli og í umferðarhring |
| f | Verklag við brottför, stilling hæðarmælis, aðgerðir til að forðast árekstur (úthorf) |
| g | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 2. HLUTI — ALMENN FLUGSTÖRF | |
| a | Loftskipinu stýrt eftir kennileitum, þar með beint og lárétt flug, klifur, lækkun, úthorf |
| b | Flug í þrýstingshæð |
| c | Beygjur |
| d | Brött lækkun og klifur |
| e | Flogið eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal:<br>i. lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða<br>ii. klifurs- og lækkunarbeygjur<br>iii. komist úr óvenjulegri stöðu<br>iv. notkun mælitækja takmörkuð |
| f | samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 3. HLUTI — STÖRF Á FLUGLEIÐ | |
| a | loftskipi stýrt eftir kennileitum,<br>athugun á flugdrægi/flugþoli |
| b | áttun, kortalestur |

| | |
|---|---|
| c | hæð, hraði, stjórnun nefstefnu, úthorf |
| d | stilling hæðarmælis, samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| e | eftirlit með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, mat á ferilskekkju og leiðrétting |
| f | athugun veðurskilyrða, flugið metið, áætlun um breytta flugleið |
| g | ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB), fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni búnaðar (blindflug). framkvæmd áætlunar um breytta flugleið til varaflugvallar (sjónflug) |
| 4. HLUTI — VERKLAG VIÐ AÐFLUG OG LENDINGU | |
| a | Verklag við aðflug, stilling hæðarmælis, prófanir, úthorf |
| b | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| c | Hætt við lendingu í lítilli hæð |
| d | Eðlileg lending, lending í hliðarvindi (ef viðeigandi skilyrði eru fyrir hendi) |
| e | Lending á stuttri braut |
| f | Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi (einungis eins hreyfils flugvélar) |
| g | Lending án notkunar flapa |
| h | Aðgerðir að loknu flugi |
| 5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM | |
| Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta | |
| a | Líkt eftir hreyfilbilun eftir flugtak (í öruggri hæð), brunaæfing |
| b | Tækjabilanir |
| c | Nauðlending (eftirlíkt) |
| d | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| e | Munnlegar spurningar |
| 6. HLUTI — VIÐEIGANDI ATRIÐI EFTIR FLOKKI EÐA TEGUND | |
| Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta | |
| a | Líkt eftir hreyfilbilun við flugtak (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir) |
| b | Aðflug með biluðum hreyfli/hreyflum og hætt við lendingu |
| c | Aðflug og stöðvunarlending með bilaðan/n hreyfil/hreyfla |
| d | Bilanir í belgþrýstikerfinu |
| e | Samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti, flugmennska |
| f | Eftir því sem flugprófdómari ákveður – skulu öll viðeigandi atriði færniprófs til flokks- eða tegundaráritunar fela í sér, ef við á:<br>i. kerfi loftskips<br>ii. starfræksla belgþrýstikerfis |
| g | Munnlegar spurningar |

*5. viðbætir*

**Samtvinnað námskeið fyrir fjölstjórnarskírteini**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til fjölstjórnarskírteinis er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarflugvél með hverfihreyflum sem ætluð er til flutningaflugs samkvæmt sjónflugs- eða blindflugsreglum og til að fá fjölstjórnarskírteini.

2. Samþykki fyrir námskeið vegna fjölstjórnarskírteinis skal aðeins veitt samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem heyrir undir flugrekanda í flutningaflugi, sem er með skírteini samkvæmt MS-hluta og viðeigandi flugrekstrarkröfum, eða sem hefur sérstakt fyrirkomulag við slíkan flugrekanda. Skírteinið takmarkast við þann tiltekna flugrekanda þar til námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta er lokið.

3. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til fjölstjórnarskírteinis skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Þjálfunin skal byggjast á hæfni og fara fram í fjölstjórnarumhverfi.

4. Aðeins nýnemar mega sækja námskeiðið.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi,

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir starfrækslu fjölstjórnarflugvéla, og

   d) þjálfun til tegundaráritunar.

6. Umsækjanda sem mistekst eða er ófær um að ljúka öllu námskeiðinu fyrir fjölstjórnarskírteini er heimilt að sækja um hjá lögbæru yfirvaldi um próf í bóklegri þekkingu og færnipróf fyrir skírteini fyrir lægri réttindi og blindflugsáritun ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

7. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til fjölstjórnarskírteinis skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem og þeir tímar sem krafist er fyrir kennslu í bóklegri þekkingu til viðeigandi tegundaráritunar í samræmi við H-kafla.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 240 tímum, þar af skulu vera tímar sem flugmaður við stjórn (PF) og sem flugmaður sem er ekki við stjórn (PNF) í raunverulegu og eftirlíktu flugi, og ná yfir eftirfarandi fjóra áfanga þjálfunarinnar:

   a) 1. áfangi — Grunnflugfærni

      Sértæk grunnþjálfun í flugvél fyrir einstjórnarflug.

   b) 2. áfangi — Grunnáfangi

      Kynning á starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og blindflugi.

   c) 3. áfangi — Milliáfangi

      Starfræksla fjölhreyfla flugvélar með hverfihreyfli í fjölstjórnarumhverfi sem vottuð er sem flugvél með mikla afkastagetu í samræmi við 21. hluta.

   d) 4. áfangi — Framhaldsáfangi

      Þjálfun til tegundaráritunar í umhverfi sem samsvarar flugrekanda.

   Flugreynsla í raunverulegu flugi skal fela í sér allar reynslukröfur í H-kafla, þjálfun í viðbrögðum við uppnámi (e. *upset recovery training*), næturflug, flug eingöngu út frá mælitækjum og þá reynslu sem krafist er til þess að öðlast viðeigandi flugmennsku.

Kröfur um áhafnarsamstarf skulu felldar inn í viðkomandi áfanga hér að ofan.

Veita skal þjálfun í flugi með biluðum hreyfli annaðhvort í flugvél eða í flughermi með fullri hreyfingu.

9. Í hverjum þjálfunaráfanga í námskrá flugkennslu skal vera bæði kennsla í grunnþekkingu og verkleg þjálfun.

10. Á þjálfunarnámskeiðinu skal vera samfellt mat á námskránni og samfellt mat á nemendunum sem fylgja henni. Með matinu á að tryggja:

 a) að hæfnin og tilheyrandi mat sé viðeigandi fyrir hlutverk aðstoðarflugmanns á fjölstjórnarflugvél, og

 b) að nemendur öðlist nauðsynlega hæfni með stigvaxandi og fullnægjandi hætti.

11. Á þjálfunarnámskeiðinu skulu vera a.m.k. 12 flugtök og lendingar svo hæfni sé tryggð. Þessi flugtök og lendingar skulu framkvæmd undir umsjón kennara í þeirri flugvél sem tegundaráritunin er gefin út fyrir.

MATSSTIG

12. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa sýnt færni sína í öllum níu hæfniseiningunum, sem tilgreindar eru í 13. lið hér að neðan, á svo háu hæfnisstigi sem krafist er svo hann geti starfað og sinnt samskiptum sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvél með hverfihreyfli við sjónflugs- og blindflugsaðstæður. Mat skal staðfesta að alltaf sé haldið góðri stjórn á flugvélinni eða aðstæðum til að tryggja að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur. Umsækjandinn skal ávallt sýna að hann hafi þá þekkingu, hæfni og viðhorf sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu viðeigandi tegundar flugvélar í samræmi við frammistöðuviðmiðanir fyrir fjölstjórnarskírteini.

HÆFNISEININGAR

13. Umsækjandinn skal sýna fram á hæfni í eftirfarandi níu hæfniseiningum:

 1) beita meginreglum er lúta að mannlegri getu, þar á meðal meginreglum um hættu- og mistakastjórnun,

 2) sjá um starfrækslu flugvélar á jörðu niðri,

 3) framkvæma flugtak,

 4) framkvæma klifur,

 5) framkvæma farflug,

 6) framkvæma lækkun flugs,

 7) framkvæma aðflug,

 8) framkvæma lendingu, og

 9) framkvæma aðgerðir eftir lendingu og eftir flug flugvélarinnar.

EFTIRLÍKT FLUG

14. Lágmarkskröfur fyrir flughermisþjálfa:

 a) 1. áfangi — Grunnflugfærni

 Búnaður fyrir rafræna kennslu og búnaður fyrir tiltekin verkefni sem samþykktur er af lögbæru yfirvaldi sem hafa eftirfarandi eiginleika:

 – aukabúnað umfram þann sem vanalega er finna í borðtölvum, s.s. virka/starfhæfa eftirlíkingu af eldsneytisgjafa, hliðarstýrispinna, eða lyklaborð fyrir flugstýrikerfi, og

 – hefur að geyma skynhreyfibúnað með viðeigandi beitingu afls/krafts og tímasetningu svörunar.

b) 2. áfangi — Grunnáfangi

Flugleiðsöguþjálfi II fyrir áhafnarsamstarf sem líkir eftir almennri fjölhreyfla flugvél með hverfihreyfli.

c) 3. áfangi — Milliáfangi

Flughermisþjálfi, sem líkir eftir fjölhreyfla flugvél með hverfihreyfli, sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni, og er vottaður samkvæmt staðli sem jafngildir B-stigi og hefur enn fremur:

– dagsbirtu-/ljósaskipta-/nætursjónkerfi með samfelldu sjónsviði úr stjórnklefa sem gefur hverjum flugmanni sjónsvið sem er 180° lárétt og 40° lóðrétt, og

– hermiumhverfi flugumferðarstjórnar.

d) 4. áfangi — Framhaldsáfangi

Flughermir með fullri hreyfingu sem er að fullu jafngildur D-stigi eða C-stigi með dagsbirtusjónkerfi, þar með talið hermiumhverfi flugumferðarstjórnar.

*6. viðbætir*

**Áfangaskipt þjálfunarnámskeið til blindflugsáritunar**

A. **Blindflugsáritun á flugvélar — áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs til blindflugsáritunar á flugvélar er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga flugvél samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið samanstendur af tveimur áföngum sem má taka hvorn um sig eða saman:

   a) Grunnblindflugsáfangi

      Þessi áfangi felur í sér 10 blindflugskennslutíma, þar af 5 tíma sem geta verið blindflugsæfingatímar á jörðu í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar grunnblindflugsáfanganum er lokið skal umsækjandinn fá útgefið vottorð um að hann hafi lokið námskeiðinu.

   b) Framhaldsblindflugsáfangi

      Þessi áfangi felur í sér það sem eftir er af þjálfunarskrá fyrir blindflugsáritun á flugvélar, 40 kennslutíma í blindflugi á eins hreyfils flugvél eða 45 tíma á fjölhreyfla flugvél ásamt bóklega námskeiðinu.

2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skal vera handhafi einka- eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar og skulu bæði skírteini vera með næturflugsréttindi. Umsækjandi um framhaldsáfangann í blindflugi sem ekki er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum

   Samþykkt þjálfunarfyrirtæki skal ábyrgjast að umsækjandi um fjölhreyfla blindflugsnámskeið, sem ekki er handhafi skírteinis með flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla flugvél, hafi hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla áður en hann hefur flugþjálfun á blindflugsnámskeiðinu.

3. Umsækjandi sem vill taka framhaldsáfangann á áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði. Áður en framhaldsblindflugsáfangi hefst skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ganga úr skugga um hæfni umsækjandans í grunnblindflugi. Veita skal upprifjunarþjálfun ef þörf er á.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Framhaldsblindflugsáfanganum og færniprófum skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

   b) blindflugskennslu.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar í bóklegum greinum.

FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir eins hreyfils flugvélar skulu vera a.m.k. 50 blindflugstímar með kennara en þar af mega 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 35 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að 10 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

8. Á blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla flugvélar skulu vera a.m.k. 55 blindflugstímar með kennara og þar af mega allt að 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 40 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, Allt að 10 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I. Í þeirri blindflugskennslu sem á vantar skulu vera minnst 15 tímar í fjölhreyfla flugvélum.

9. Handhafi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils flugvél sem einnig er handhafi tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla flugvél og vill fá blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvél í fyrsta sinn skal ljúka með fullnægjandi hætti hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki námskeiði sem felur í sér minnst fimm tíma kennslu í blindflugi í fjölhreyfla flugvélum, þar af mega 3 tímar vera í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II.

10.1. Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis á flugvél eða staðfestingar á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. eða 8. lið hér að framan stytta um 10 tíma.

10.2. Handhafa blindflugsáritunar á þyrlur getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. eða 8. lið hér að framan stytta um 10 tíma.

10.3. Heildarblindflugskennslutími í flugvél skal vera samkvæmt 7. eða 8. lið eftir því sem við á.

11. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á flugvélar skulu fela í sér eftirfarandi:

a) Grunnblindflugsáfangi: Verklag og aðgerðir í grunnblindflugi skuli fela í sér a.m.k.:

Grunnblindflug án ytri viðmiðunar:

– lárétt flug,

– klifur,

– lækkun,

– beygjur í láréttu flugi, klifri, lækkun,

blindflugsmynstur,

brattar beygjur,

flugleiðsögutækni,

komast úr óvenjulegri stöðu,

skertar upplýsingar úr mælaborði,

þekkja og komast úr byrjunar og fullu ofrisi

b) Framhaldsblindflugsáfangi:

i. verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

ii. verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

– að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

– venjulegt brottflug og komu í blindflugi

– verklag í blindflugi á flugleið,

– verklag í biðflugi,

– aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

– verklag í fráflugi,

– lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

iii. flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

iv. Ef um fjölhreyfla flugvél er að ræða skal fljúga ofangreindar æfingar og þar á meðal að fljúga flugvélinni eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II).

B. **Blindflugsáritun á þyrlur— áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs vegna blindflugsáritunar á þyrlur er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga þyrlu samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði.

2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir þyrlur skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með næturflugsáritun eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks. Umsækjandi skal áður en hann byrjar í áfanga blindflugsnámskeiðsins þar sem kennt er á loftfarið vera handhafi tegundaráritunar fyrir þá þyrlu sem notuð er við blindflugsfærniprófið, eða hafa lokið viðurkenndu tegundarnámskeiði fyrir þá tegund. Umsækjandinn skal vera handhafi vottorðs um að hafa lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi með fullnægjandi árangri ef taka á prófið í fjölskipaðri áhöfn.

3. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt blindflugsnámskeið fyrir þyrlur skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Flugkennslunni og færniprófinu skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

   b) blindflugskennslu.

   BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir þyrlur skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar.

   FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir eins hreyfils þyrlur skulu vera a.m.k. 50 blindflugstímar með kennara, þar af:

   a) mega allt að 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlur eða flugvélar. Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlu eða flugvél mega koma 20 tímar með kennara til blindflugsréttinda á þyrlu í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

   b) allt að 35 tímar mega vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í þyrluflugþjálfunartæki 2/3, flugleiðsöguþjálfa II/III eða flughermi með fullri hreyfingu.

   Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í þyrlu sem skráð er fyrir blindflug.

8. Á blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla þyrlur skulu vera a.m.k. 55 blindflugstímar með kennara, þar af:

   a) mega allt að 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlur eða flugvélar. Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlu eða flugvél mega koma 20 tímar með kennara til blindflugsréttinda á þyrlu í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

   b) allt að 40 tímar mega vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í þyrluflugþjálfunartæki 2/3, flugleiðsöguþjálfa II/III eða flughermi með fullri hreyfingu.

   Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í fjölhreyfla þyrlu sem skráð er fyrir blindflug.

9.1. Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu fá tímum í bóklegum greinum fækkað um 50 tíma.

9.2. Handhafa blindflugsáritunar á flugvél getur fengið þá þjálfun sem krafist er stytta um 10 tíma.

10. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á þyrlu skulu fela í sér eftirfarandi:

   a) verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

   b) verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

      að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

      venjulegt brottflug og komu í blindflugi

      verklag í blindflugi á flugleið,

verklag í biðflugi,

aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

verklag í fráflugi,

lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

c) flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

d) Ef um fjölhreyfla þyrlu er að ræða skal fljúga ofangreindar æfingar og þar á meðal að fljúga þyrlunni eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II eða flugþjálfunartæki 2/3).

C. **Blindflugsáritun á loftskip — áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs vegna blindflugsáritunar á loftskip er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga loftskipi samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið samanstendur af tveimur áföngum sem má taka hvorn um sig eða saman:

a) Grunnblindflugsáfangi

Þessi áfangi felur í sér 10 klst. blindflugskennslutíma, þar af 5 tíma sem geta verið blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar grunnblindflugsáfanganum er lokið skal umsækjandinn fá útgefið vottorð um að hann hafi lokið námskeiðinu.

b) Framhaldsblindflugsáfangi

Þessi áfangi felur í sér það sem eftir er af þjálfunarskrá fyrir blindflugsáritun á loftskip, 25 kennslutíma í blindflugi með kennara ásamt bóklega námskeiðinu.

2. Umsækjandi um áfangaskipt blindflugsnámskeið fyrir loftskip skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis á loftskip með næturflugsréttindi eða handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip. Umsækjandi um framhaldsáfangann í blindflugi sem ekki er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal hafa vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum

3. Umsækjandi sem vill taka framhaldsáfangann á áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði. Áður en framhaldsblindflugsáfangi hefst skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ganga úr skugga um hæfni umsækjandans í grunnblindflugi. Veita skal upprifjunarþjálfun ef þörf er á.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Framhaldsblindflugsáfanganum og færniprófum skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

b) blindflugskennslu.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar í bóklegum greinum.

FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir loftskip skulu vera a.m.k. 35 blindflugstímar með kennara og þar af mega allt að 15 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 20 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að 5 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

8. Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip eða staðfestingar á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. lið stytta um 10 tíma. Heildarblindflugskennslutími í loftskipi skal vera samkvæmt 7. lið

9. Ef umsækjandinn er handhafi blindflugsáritunar á aðra gerð loftfars má stytta heildarflugkennsluna sem krafist er á loftskipum um 10 tíma.

10. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á loftskip skulu fela í sér eftirfarandi:

a) Grunnblindflugsáfangi:

Verklag og aðgerðir í grunnblindflugi skuli fela í sér a.m.k.:

grunnblindflug án ytri kennileita:

– lárétt flug,

– klifur,

– lækkun,

– beygjur í láréttu flugi, klifri, lækkun,

blindflugsmynstur,

flugleiðsögutækni,

komast úr óvenjulegri stöðu,

skertar upplýsingar úr mælaborði,

b) Framhaldsblindflugsáfangi:

i. verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

ii. verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

– að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

– venjulegt brottflug og komu í blindflugi

– verklag í blindflugi á flugleið,

– verklag í biðflugi,

– aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

– verklag í fráflugi,

– lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

iii. flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

iv. fljúga loftskip í ofangreindum æfingum og þar á meðal að fljúga loftskipinu eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II).

__________

*7. viðbætir*

**Færnipróf til blindflugsáritunar**

1. Umsækjandi um blindflugsáritun skal hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á við prófið.

2. Umsækjandi skal standast alla viðeigandi hluta færniprófsins. Falli umsækjandi á einhverju atriði í hluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins á einum hluta skal aðeins endurtaka þann hluta. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færniprófsins skal lokið innan 6 mánaða. Hafi umsækjandi ekki staðist alla viðeigandi hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFSINS

4. Prófinu er ætlað að líkja eftir raunverulegu flugi. Prófdómarinn skal velja þá leið sem flogin er. Mikilvægur þáttur er hæfni umsækjanda til að skipuleggja og framkvæma flugið samkvæmt venjubundnum upplýsingagögnum. Umsækjandinn skal gera flugáætlun og tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Flugið skal vara minnst eina klukkustund.

5. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

6. Með leyfi prófdómara er umsækjanda heimilt að endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

7. Umsækjandi skal fljúga flugvélinni í sæti þar sem hann getur sinnt öllum störfum flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn flugvélarinnar nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

8. Umsækjandi tekur ákvörðun um ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð, lágmarkslækkunarhæð/ lágmarkslækkunarflughæð og fráflugspunkt og skal hún samþykkt af prófdómara.

9. Umsækjandi um blindflugsáritun skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir flugið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

10. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

starfrækt loftfarið innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

sýnt góða dómgreind og flugmennsku,

beitt þekkingu á flugleiðsögu, og

alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

11. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftfars sem notað er.

Hæð

| | |
|---|---|
| almennt | ± 100 fet |
| fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |
| í lágmarkslækkunarhæð/fráflugshæð (MAP) | + 50 fet/– 0 fet |

Ferli haldið

| | |
|---|---|
| eftir aðflugstækjum | ± 5° |
| í nákvæmnisaðflugi | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |

Nefstefna

| | |
|---|---|
| allir hreyflar virkir | ± 5° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 10° |

Hraði

| | |
|---|---|
| allir hreyflar virkir | ± 5 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

EFNI PRÓFSINS

**Flugvélar**

| | |
|---|---|
| 1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG<br>Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnar-/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutum | |
| a | Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars. |
| b | Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu |
| c | Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana. |
| d | Fyrirflugsskoðun |
| e | Veðurlágmörk |
| f | Akstur |
| g | Kynning fyrir flugtak. Flugtak |
| h(o) | Skipt yfir í blindflug |
| i (o) | Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum, stilling hæðarmælis |
| j (o) | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN (o) | |
| a | Stjórn flugvélarinnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal lárétt flug á mismunandi hraða, stilling stýra |
| b | Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju |
| c | Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 45° halla og bröttum lækkunarbeygjum. |
| d(*) | Komist hjá yfirvofandi ofrisi í láréttu flugi eða klifurbeygjum/lækkunarbeygjum og í lendingarham — gildir aðeins fyrir flugvélar |
| e | Bilaðir mælar, stöðugt klifur eða lækkun með 1. stigs beygju í gefna nefstefnu, komist úr óvenjulegri stöðu — gildir aðeins fyrir flugvélar |

| | |
|---|---|
| 3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ (o) | |
| a | Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV) |
| b | Notkun leiðsögutækja |
| c | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra |
| d | Stilling hæðarmælis |
| e | Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) (biðflug – ef þörf krefur) |
| f | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa |
| g | Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt, ef þörf krefur |
| h | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 4. HLUTI — VERKLAG VIÐ NÁKVÆMNISAÐFLUG (o) | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(+) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h(+) | Hætt við lendingu |
| i(+) | Verklag við fráflug/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 5. HLUTI — VERKLAG VIÐ GRUNNAÐFLUG (o) | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, stilling hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(+) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h(+) | Hætt við lendingu |
| i(+) | Verklag við fráflug/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |

| 6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN (á eingöngu við um fjölhreyfla flugvélar) (o) | |
|---|---|
| a | Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða í fráflugi |
| b | Aðflug, fráflug og hætt við lendingu samkvæmt verklagsreglum með einn hreyfil óstarfhæfan |
| c | Aðflug og lending með einn hreyfil óstarfhæfan |
| d | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |

(*) Má framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.
(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.
(o) Verður að framkvæma eingöngu út frá mælitækjum.

**Þyrlur**

| 1. HLUTI — BROTTFLUG<br>Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnar-/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutum | |
|---|---|
| a | Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars |
| b | Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu |
| c | Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana. |
| d | Fyrirflugsskoðun |
| e | Lágmarksveðurskilyrði |
| f | Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara |
| g | Kynning fyrir flugtak, verklag og prófanir |
| h | Skipt yfir í blindflug |
| i | Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum |
| 2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN | |
| a | Stjórnun þyrlunnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal: |
| b | Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju |
| c | Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 30° halla og bröttum lækkunarbeygjum. |
| 3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ | |
| a | Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV) |
| b | Notkun leiðsögutækja |
| c | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls, |
| d | Stilling hæðarmælis |
| e | Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma |
| f | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfis |
| g | Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt ef þörf krefur og ef við á |
| h | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |

| | |
|---|---|
| 4. HLUTI — NÁKVÆMNISAÐFLUG | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(*) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h(*) | Hætt við lendingu |
| i(*) | Verklag við fráflug/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 5. HLUTI — GRUNNAÐFLUG | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(*) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug) |
| h(*) | Hætt við lendingu |
| i(*) | Verklag við fráflug(*)/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 6. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM<br>Þennan hluta má tengja 1.-5. hluta Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun þyrlunnar, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, (snertiæfingar), framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður: | |
| a | Eftirlíkt hreyfibilun eftir flugtak og aðflug(**) (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfi II/III eða flugþjálfunartæki 2,3) |
| b | Bilun í stöðugleikakerfi/vökvakerfi (ef við á) |
| c | Takmörkuð mælitæki |
| d | Sjálfsnúningur þyrils og komist aftur í fyrirfram ákveðna hæð |
| e | Nákvæmnisaðflug, handvirkt án flugbeinis(***)<br>Nákvæmnisaðflug, handvirkt með flugbeini(***) |

(*) Skal framkvæmt í 4. eða 5. hluta
(**) Á eingöngu við um fjölhreyfla þyrlu.
(***) Aðeins skal prófa í öðru hvoru atriðinu

**Loftskip**

| | |
|---|---|
| 1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG<br>Notkun gátlista, flugmennska, samband við flugumferðarstjórn, verklag við talfjarskipti, eiga við í öllum hlutum | |
| a | Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars. |
| b | Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu |
| c | Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana. |
| d | Fyrirflugsskoðun |
| e | Lágmarksveðurskilyrði |
| f | Kynning fyrir flugtak, verklag þegar loftskip er laust frá mastri, tilfærslur á jörðu |
| g | Flugtak |
| h | Skipt yfir í blindflug |
| i | Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum, stilling hæðarmælis |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN | |
| a | Stjórn loftskipsins eingöngu eftir mælitækjum |
| b | Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri beygju |
| c | Komist úr óvenjulegri stöðu |
| d | Takmörkuð mælitæki |
| 3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ | |
| a | Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV) |
| b | Notkun leiðsögutækja |
| c | Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra |
| d | Stilling hæðarmælis |
| e | Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma |
| f | Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa |
| g | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 4. HLUTI — VERKLAG VIÐ NÁKVÆMNISAÐFLUG | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, prófun hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(+) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stöðugt aðflug (stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu) |

| | |
|---|---|
| h(+) | Hætt við lendingu |
| i(+) | Verklag við fráflug/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 5. HLUTI — VERKLAG VIÐ GRUNNAÐFLUG | |
| a | Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja |
| b | Verklag við komu, stilling hæðarmælis |
| c | Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar |
| d(+) | Verklag við biðflug |
| e | Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt |
| f | Tímasetning aðflugs |
| g | Stöðugt aðflug (stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu) |
| h(+) | Hætt við lendingu |
| i(+) | Verklag við fráflug/lendingu |
| j | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |
| 6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN<br>Þennan hluta má tengja 1.-5. hluta Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun loftskipsins, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður: | |
| a | Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða í fráflugi |
| b | Aðflug með einn hreyfil óstarfhæfan og hætt við lendingu samkvæmt verklagsreglum |
| c | Aðflug með einn hreyfil óstarfhæfan og lending, verklagsreglur þegar hætt er við lendingu |
| d | Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti |

(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.

*8. viðbætir*

**Viðurkenning veitt fyrir blindflugshluta hæfniprófs fyrir flokks- eða tegundaráritun**

A. **Flugvélar**

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafinn framlengir blindflugsáritanir fyrir annaðhvort eins hreyfils eða fjölhreyfla einstjórnarflugvélar.

| Þegar blindflugshlutinn er tekinn með hæfniprófinu og handhafi hefur í gildi: | Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs: |
|---|---|
| Fjölstjórnar-tegundaráritun (MP),<br>Tegundaráritun fyrir flókna flugvél með mikla afkastagetu | Eins hreyfils-flokksáritun(*) og<br>Eins hreyfils-tegundaráritun(*), og<br>Flokksáritun á fjölhreyfla einstjórnarflugvél og tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu, aðeins metinn 3. hluti B í færniprófinu fyrir flókna einstjórnarflugvél án mikillar afkastagetu í 9. viðbæti(*) |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla- tegundaráritun fyrir flókna flugvél án mikillar afkastagetu í einstjórnarstarfrækslu | Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu, og<br>Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*) |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla- tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu sem takmörkuð er við fjölstjórnarstarfrækslu | a. Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og<br>b. Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu(*), og<br>c. Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*) |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla- flokksáritun í einstjórnarstarfrækslu | Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla flokk, og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla flokksáritun takmörkuð er við fjölstjórnarstarfrækslu | Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*), og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu(*) |
| Einstjórnar-, eins hreyfils- flokksáritun | Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun |
| Einstjórnar-, eins hreyfils-, tegundaráritun | Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun |

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú brottflug og aðflug samkvæmt blindflugsreglum á flugvél í einstjórnarflokki eða -tegund flugvélar í einstjórnarstarfrækslu, eða, hvað varðar einfaldar fjölhreyfla flugvélar án mikillar afkastagetu, að umsækjandinn hafi staðist 6. hluta færniprófsins fyrir einfaldar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu sem flogið er eingöngu út frá mælitækjum í einstjórnarumhverfi.

B. **Þyrlur**

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafinn framlengir blindflugsáritun fyrir annaðhvort eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur.

| Þegar blindflugshlutinn er tekinn með hæfni-prófinu og handhafi hefur í gildi: | Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs: |
|---|---|
| Tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu, | Eins hreyfils-tegundaráritun(*), og<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun(*). |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun í einstjórnarstarfrækslu | Eins hreyfils- tegundaráritun<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun |
| Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun, sem takmörkuð er við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi | Eins hreyfils- tegundaráritun(*).<br>Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun(*). |

(*) Að því tilskildu að síðustu 12 mánuði hafi verið gerð a.m.k. 3 brottflug og aðflug samkvæmt blindflugsreglum á einstjórnarþyrlu í einstjórnarstarfrækslu.

*9. viðbætir*

**Þjálfun, færnipróf og hæfnipróf til fjölstjórnarskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, tegunda- og flokksáritana, og hæfnipróf til blindflugsáritunar**

A. **Almennt**

1. Umsækjandi um færnipróf skal hafa fengið kennslu á sama flokk eða tegund loftfars og notað er við prófið.

2. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

EFNI ÞJÁLFUNAR, FÆRNI- OG HÆFNIPRÓFS

4. Nema kveðið sé á um annað í gögnunum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal námskráin fyrir flugkennslu vera í samræmi við þennan viðbæti. Stytta má námskrána og meta fyrri reynslu á svipaða loftfarstegund, eins og kveðið er á um í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

5. Nema hvað varðar færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, ef kveðið er á um það í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta fyrir þessa tiltekna tegund, er heimilt að meta sömu prófatriði sem flugmaður hefur tekið á aðrar tegundir eða tegundarafbrigði ef hann hefur reynslu sem flugmaður á þær tegundir.

FRAMKVÆMD FÆRNI-/HÆFNIPRÓFSINS

6. Prófdómara er heimilt að velja á milli mismunandi útgáfna færni- og hæfniprófa, þar sem líkt er eftir viðeigandi starfrækslu flugs, sem þróaðar eru og samþykktar af lögbæra yfirvaldinu. Nota skal flughermi með fullri hreyfingu og önnur þjálfunartæki, þegar þau eru tiltæk, eins og kveðið er á um í þessum hluta.

7. Á meðan á hæfniprófinu stendur skal prófdómari ganga úr skugga um að handhafi flokks- eða tegundaráritunarinnar hafi viðunandi bóklega þekkingu.

8. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

9. Með leyfi prófdómara er umsækjanda heimilt að endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

10. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi flugvélinni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur ef færni-/hæfniprófið er tekið í einstjórnarumhverfi. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

11. Við fyrirflugsundirbúning fyrir flugið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við gátlistann fyrir það loftfar sem prófið er tekið á og, ef við á, samkvæmt reglum um samstarf í áhöfn. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er. Prófdómari skal samþykkja ákvörðunarhæð/-flughæð, lágmarkslækkunarhæð/-flughæð og fráflugspunkt.

12. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn flugvélarinnar nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

SÉRSTAKAR KRÖFUR UM FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF TIL TEGUNDARÁRITUNAR FYRIR FJÖLSTJÓRNARLOFTFAR EÐA EINSTJÓRNARFLUGVÉL ÞEGAR FLOGIÐ ER Í FJÖLSTJÓRNARUMHVERFI, TIL FJÖLSTJÓRNARSKÍRTEINIS OG ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINIS 1. FLOKKS

13. Færnipróf fyrir fjölstjórnarloftfar eða einstjórnarflugvél sem starfrækt er í fjölstjórnarumhverfi skal fara fram í fjölstjórnarumhverfi. Annar umsækjandi eða annar flugmaður má taka að sér hlutverk aðstoðarflugmanns. Ef loftfar er notað við prófið skal aðstoðarflugmaðurinn vera prófdómarinn eða kennari.

14. Umsækjandinn skal starfa sem flugmaður við stjórn á öllum stigum færniprófsins, nema við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, sem má framkvæma sem flugmaður við stjórn eða sem flugmaður sem ekki er við stjórn í áhafnarsamstarfi. Auk þess skal umsækjandi um fyrstu útgáfu tegundaráritunar á fjölstjórnarflugvél eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks sýna fram á hæfni sína til að starfa sem „flugmaður sem ekki er við stjórn“. Umsækjandinn má velja um að sitja í vinstra eða hægra sæti við prófið, ef unnt er að framkvæma öll atriði í færniprófinu úr því sæti sem valið er.

15. Prófdómari skal prófa umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar eða fyrir starfrækslu einstjórnarflugvéla í fjölstjórnarumhverfi, sem nær til starfa flugstjóra, sérstaklega í eftirtöldum þáttum, án tillits til þess hvort umsækjandinn gegnir hlutverki flugmanns við stjórn eða ekki við stjórn:

    a) að stjórna áhafnarsamstarfi,

    b) að halda almennri yfirsýn með starfrækslu loftfarins með viðeigandi eftirliti, og

    c) að ákveða forgangsröð og taka ákvarðanir í samræmi við öryggissjónarmið og viðeigandi reglur og reglugerðir sem eiga við aðstæður í fluginu hverju sinni, þ.m.t. neyðarástand.

16. Færniprófið/hæfniprófið skal fara fram samkvæmt blindflugsreglum, ef blindflugsréttindi eru innifalin í prófinu, og, eftir því sem frekast er unnt í umhverfi sem á að líkjast flutningaflugi. Mikilvægur þáttur er að geta gert flugáætlun og stjórnað fluginu eftir venjubundnu upplýsingaefni.

17. Ef minna en tveggja tíma flugþjálfun í flugvél er á tegundaráritunarnámskeiðinu má færniprófið fara fram að öllu leyti í flughermi með fullri hreyfingu og má ljúka því á undan flugþjálfun í flugvél. Í því tilviki skal áframsenda lögbæru yfirvaldi vottorð um að tegundaráritunarnámskeiðinu og flugþjálfun í loftfarinu hafi verið lokið áður en nýja tegundaráritunin er færð inn í skírteini umsækjanda.

### B. **Sértækar kröfur fyrir flugvélar**

PRÓFKRÖFUR

1. Hvað varðar einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, skal umsækjandinn standast alla hluta færniprófs eða hæfniprófs. Falli umsækjandi á einhverju atriði í hluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins í einum hluta skal aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarflugvélar skal umsækjandi standast 6. hluta í viðeigandi prófi sem tekur til flugs með biluðum hreyfli.

2. Hvað varðar flóknar fjölstjórnar- og einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu skal umsækjandinn standast alla hluta færniprófsins eða hæfniprófsins. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur á fimm atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þau atriði sem umsækjandi stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. 6. hluti er ekki hluti af færniprófinu fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða fjölstjórnarskírteini. Ef umsækjandi fellur einungis í eða tekur ekki 6. hluta verður tegundaráritunin gefin út án réttinda í II. eða III. flokki (CAT II/III). Til að fá viðbótarréttindi fyrir tegundaráritun í II. eða III. flokki (CAT II/III) skal umsækjandinn standast 6. hluta á viðeigandi tegund loftfars.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

    a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

    b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

    c) sýnt góða dómgreind og flugmennsku,

    d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

    e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur,

    f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

    g) hafa skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er:

Hæð

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |
| Fráflug hafið í ákvörðunarhæð | + 50 fet/– 0 fet |
| Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |

Ferli haldið

| | |
|---|---|
| eftir aðflugstækjum | ± 5° |

| | |
|---|---|
| Nákvæmnisaðflug | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |

Nefstefna

| | |
|---|---|
| allir hreyflar virkir | ± 5° |
| líkt eftir hreyfilbilun | ± 10° |

Hraði

| | |
|---|---|
| allir hreyflar virkir | ± 5 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

5. Fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum flugvélum með mikla afkastagetu:

a) Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn

X = Nota skal flughermi við þessa æfingu, sé hann tiltækur, að öðrum kosti skal nota flugvél ef við á fyrir flugbragð eða verklag

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón

b) Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = Flugvél

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki (þ.m.t. flugleiðsöguþjálfi II fyrir flokksáritun fjölhreyfla flugvéla)

c) Stjörnumerkt (*) atriði í 3. hluta B og, fyrir fjölhreyfla flugvélar, í 6. hluta, skulu alfarið fara fram við blindflugsskilyrði ef framlenging/endurnýjun blindflugsáritunar er innifalin í færniprófinu eða hæfniprófinu. Ef stjörnumerktu (*) atriðin fara ekki fram einungis við blindflugsskilyrði í færniprófinu eða hæfniprófinu og þegar réttindi blindflugsáritunar eru ekki metin, verður tegundar/flokksáritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

d) Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 3. hluta A til framlengingar á tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritun sem takmörkuð er við sjónflugsreglur eingöngu. 3. hluta A er ekki krafist ef lokið er við 3. hluta B.

e) Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin eða valkostur ef fleiri en ein æfing er sýnd.

f) Nota skal flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II við verklega þjálfun til tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritunar ef þeir eru hluti af samþykktu námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

i. viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II eins og kveðið er á um í OR-hluta,

ii. starfsréttindi kennaranna,

iii. hversu mikla þjálfun er boðið upp á á námskeiðinu í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, og

iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

g) Þegar færnipróf eða hæfnipróf er framkvæmt við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi skal tegundaráritunin takmarkast við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

| EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | FTD | FFS | A | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI | | | | | | |
| 1 Brottför | | | | | | |
| 1.1 Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t.<br>Flugskjöl<br>Massi og jafnvægi<br>Veðurathugun<br>Tilkynningar til flugmanna | | | | | | |
| 1.2 Prófanir fyrir flug | | | | | | |
| 1.2.1 Ytri | P# | | P | | | |
| 1.2.2 Innri | | | P | | M | |
| 1.3 Gangsetning hreyfils:<br>Eðlileg gangsetning<br>Bilanir | P—> | —> | —> | | M | |
| 1.4 Akstur | | P—> | —> | | M | |
| 1.5 Prófanir fyrir brottför:<br>Hreyfill hitaður upp (ef við á) | P—> | —> | —> | | M | |
| 1.6 Verklag við flugtak:<br>Eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók<br>Í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi) | | P—> | —> | | | |
| 1.7 Klifur:<br>Besti klifurhornhraði/hraði sem gefur besta stighraða (Vx/Vy)<br>Beygjur í nefstefnur<br>Farið í lárétt flug | | P—> | —> | | M | |

| EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | FTD | FFS | A | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>A | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1.8 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |
| 2. HLUTI | | | | | | |
| 2 Flugstörf við sjónflugsskilyrði (VMC) | | | | | | |
| 2.1 Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega lágum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að $V_{MCA}$ ef við á) | | P—> | —> | | | |
| 2.2 Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla) | | P—> | —> | | M | |
| 2.3 Ofris og komist úr því:<br>i. Hreint ofris<br>ii. Flogið að ofrisi í lækkunarbeygju með halla í aðflugsham með hreyfilafli<br>iii. Flogið að ofrisi í lendingarham með hreyfilafli<br>iv. Flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaksflapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvél) | | P—> | —> | | M | |
| 2.4 Flogið með sjálfstýringu og flugbeini (má fara fram í 3. hluta), ef við á | | P—> | —> | | M | |
| 2.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |
| 3. HLUTI A | | | | | | |
| 3A Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum<br><br>(sjá c- og d-lið 5. liðar í B-þætti)<br><br>3A.1 Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur | | | | | | |

| EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3A.2 | Hæð, nefstefnu og hraða haldið | | | | | | |
| 3A.3 | Áttun, tímasetning og endur-skoðun áætlaðs komutíma | | | | | | |
| 3A.4 | Notkun leiðsöguvirkja (ef við á) | | | | | | |
| 3A.5 | Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu) | | | | | | |
| 3A.6 | Samband við flugumferðar-stjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |
| 3. HLUTI B | | | | | | | |
| 3B | Blindflug | | | | | | |
| 3B.1* | Brottför samkvæmt blind-flugsreglum | | P—> | —> | | M | |
| 3B.2* | Flogið á flugleið samkvæmt blindflugsreglum | | P—> | —> | | M | |
| 3B.3* | Verklag í biðflugi | | P—> | —> | | M | |
| 3B.4* | Flogið eftir blindlendingar-kerfi (ILS) að lækkunarflug-hæð/þröskuldarhæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að að-flugslágmörkum (nota má sjálfstýringu þar til komið er á aðflugshalla) | | P—> | —> | | M | |
| 3B.5* | Venjulegt aðflug að minnstu lækkunarflughæð/ þröskuldarhæð (MDH/A) og fráflug (MAP) | | P—> | —> | | M | |
| 3B.6* | Flugæfingar, þar á meðal eftirlíkt bilun í áttavita og sjónbaug:<br>1. stigs beygjur,<br>komist úr óvenjulegri stöðu | P—> | —> | —> | | M | |
| 3B.7* | Bilun í miðlínusendi eða hallageisla | P—> | —> | —> | | | |
| 3B.8* | Samband við flugumferðar-stjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |

| EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | FTD | FFS | A | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>A | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| Hér á að vera eyða | | | | | | |
| 4. HLUTI | | | | | | |
| 4 Koma og lendingar | | | | | | |
| 4.1 Verklag við komu að flugvelli | | P—> | —> | | M | |
| 4.2 Eðlileg lending | | P—> | —> | | M | |
| 4.3 Lending án flapa | | P—> | —> | | M | |
| 4.4 Lending í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi) | | P—> | —> | | | |
| 4.5 Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir flugbraut (einungis eins hreyfils flugvél) | | P—> | —> | | | |
| 4.6 Hætt við lendingu í lágmarkshæð | | P—> | —> | | M | |
| 4.7 Fráflug og lendingu að nóttu (ef við á) | P—> | —> | —> | | | |
| 4.8 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |
| 5. HLUTI | | | | | | |
| 5 Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum | | | | | | |
| (Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta) | | | | | | |
| 5.1 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða | | P—> | —> | | M | |
| 5.2 Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar) | | | P | | M | |

| EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | FTD | FFS | A | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>A | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5.3 Eftirlíkt nauðlending án hreyfilafls (einungis eins hreyfils flugvélar) | | | P | | M | |
| 5.4 Eftirlíkt neyðarástand:<br>i. eldur eða reykur á flugi,<br>ii. bilanir í kerfum eftir því sem við á | P—> | —> | —> | | | |
| 5.5 Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (einungis færnipróf í fjölhreyfla flugvél) (í öruggri flughæð ef framkvæmt í loftfarinu) | P—> | —> | —> | | | |
| 5.6 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |
| 6. HLUTI | | | | | | |
| 6 Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli í fjölhreyfla flugvél | | | | | | |
| 6.1* (Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta)<br>Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsögu-þjálfi II) | P—> | —> | —>X | | M | |
| 6.2* Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu | P—> | —> | —> | | M | |
| 6.3* Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending | P—> | —> | —> | | M | |
| 6.4 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | | | | | |

6. Fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

a) Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

X = Nota skal flughermi við þessa æfingu, sé hann tiltækur, að öðrum kosti skal nota loftfar, ef við á fyrir flugbragðið eða verklagið.

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón

b) Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = Flugvél

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

d) Æfing þar sem bókstafurinn „M" kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

e) Nota skal flughermi með fullri hreyfingu við verklega þjálfun og próf ef flughermirinn er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

i. viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II,

ii. starfsréttindi kennaranna,

iii. hversu mikla þjálfun er boðið upp á á námskeiðinu í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, og

iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

f) Flugbrögð og verklag skulu fela í sér áhafnarsamstarf fyrir fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

g) Í flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi skulu flugbrögð og verklag fara fram í einstjórnarumhverfi.

h) Hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu takmarkast tegundaráritunin við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi þegar færnipróf eða hæfnipróf er framkvæmt við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi. Ef sótt er um einstjórnarréttindi skulu flugbrögðin/verklagið í hluta 2.5, 3.9.3.4, 4.3, 5.5 og að minnsta kosti eitt flugbragð/verklag úr hluta 3.4 enn fremur framkvæmd í einstjórnarstarfrækslu.

i) Hvar varðar takmarkaða tegundaráritun, sem gefin er út í samræmi við e-lið FCL.720.A, skal umsækjandinn uppfylla sömu kröfur og aðrir umsækjendur um tegundaráritun nema hvað varðar verklegar æfingar í tengslum við flugtak og lendingu.

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI | | | | | | | |
| 1. Undirbúningur flugs | | | | | | | |
| 1.1 Útreikningur á afkastagetu | P | | | | | | |
| 1.2 Flugvél skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar | P# | | | P | | | |
| 1.3 Skoðun stjórnklefa | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 1.4 Notkun gátlista áður en hreyflar eru ræstir, verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | P——> | ——> | ——> | ——> | | M | |
| 1.5 Akstur samkvæmt flugumferðarstjórn eða fyrirmælum kennara | | | P——> | ——> | | | |
| 1.6 Prófanir fyrir flugtak | | P——> | ——> | ——> | | M | |
| 2. HLUTI | | | | | | | |
| 2. Flugtak | | | | | | | |
| 2.1 Eðlilegt flugtak með mismunandi stillingum flapa, þ.m.t. flugtak í flýti | | | P——> | ——> | | | |
| 2.2* Blindflugtak, þess er krafist að skipt sé yfir í blindflug þegar flugvélin er reist í flugtaki eða strax eftir flugtak | | | P——> | ——> | | | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 2.3 Flugtak í hliðarvindi | | | P——> | ——> | | | |
| 2.4 Flugtak með hámarks-flugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi) | | | P——> | ——> | | | |
| 2.5 Flugtök með eftirlíktri hreyfilbilun: | | | | | | | |
| 2.5.1* Skömmu eftir að $V_2$ er náð (Í flugvélum sem ekki eru skráðar í flutningaflokki eða mjötluflokki (e. *commuter category*), skal ekki líkt eftir hreyfilbilun fyrr en náð hefur verið minnst 500 feta lágmarkshæð yfir brautarenda. Í flugvélum sem hafa sömu afkastagetu og flugvél í flutningaflokki að því er varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun skömmu eftir að $V_2$ hefur verið náð) | | | P——> | ——> | | | |
| 2.5.2* milli $V_1$ og $V_2$ | | | P | X | | M Eingöngu FFS | |
| 2.6 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða áður en $V_1$ er náð | | | P——> | ——>X | | M | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3. HLUTI | | | | | | | |
| 3. Flugbrögð og verklag | | | | | | | |
| 3.1 Beygjur með og án lyftispilla | | | P——> | ——> | | | |
| 3.2 Dýfutilhneiging (e. *tuck under*) og Mach-hristingur (e. *Mach buffet*) eftir að markhraða í Mach-tölu er náð og aðrir sérstakir flugeiginleikar flugvélarinnar (t.d. vængvelta með geigun (e. *Dutch Roll*)) | | | P——> | ——>X Ekki má nota loftfar við þessa æfingu | | | |
| 3.3 Eðlileg starfræksla kerfa og stjórntækja á mælaborði flugkerfastjóra | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| Eðlileg og óeðlileg starf-ræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags: | | | | | | M | Velja skal minnst 3 óeðlileg atriði frá 3.4.0 til 3.4.14, að báðum með-töldum |
| 3.4.0 Hreyfill (skrúfa, ef nauðsynlegt) | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.1 Þrýstijöfnun og loftræsting | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.2 Hraðanemakerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.3 Eldsneytiskerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.4 Rafkerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.4.5 Vökvakerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.6 Stýrakerfi og stýrastillakerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.7 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.8 Sjálfstýring/flugbeinir | P——> | ——> | ——> | ——> | | M (eingöngu ein-stjórnar-starf-ræksla) | |
| 3.4.9 Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleikabúnaður | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.10 Jarðvari, veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.11 Talstöð, leiðsögu-búnaður mælitæki, flugstýrikerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.12 Lendingarbúnaður og hemlakerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.13 Raufungur (e. *slat*) og flapakerfi | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4.14 Aukaaflsstöð | P——> | ——> | ——> | ——> | | | |
| Hér á að vera eyða | | | | | | | |
| 3.6 Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum | | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá 3.6.1 til 3.6.9, að báðum meðtöldum |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.6.1 Brunaæfingar, t.d. bruni í hreyfli, auka-aflstöð, farþegaklefa, farmrými, stjórn-klefa, væng og raf-magnseldar, þar með talin rýming | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.2 Reykhindrun og reykræsting | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.3 Hreyfilbilanir, stöðvun hreyfils og endurgangsetning í öruggri hæð | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt) | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.5 Vindhvörf við flugtak/ lendingu | | | P | X | | Eingöngu FFS | |
| 3.6.6 Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegaklefa/ neyðarlækkun | | | P——> | ——> | | | |
| 3.6.7 Óstarfhæfni flugliða í áhöfn | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.8 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í flughandbók viðeigandi flugvélar | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6.9 Atburður í tengslum við árekstrarvarakerfi (ACAS) | P——> | ——> | ——> | Ekki má nota loftfar | | Eingöngu FFS | |
| 3.7 Krappar beygjur með 45° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri | | P——> | ——> | ——> | | | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.8 Bera fljótt kennsl á yfirvofandi ofris og gera ráðstafanir gegn því (áður en ofrisvari virkar) í flugtaksham (flapar í flugtaksstöðu), í farflugsham og í lendingarham (flapar í lendingarstöðu, hjólabúnaður niðri) | | | P——> | ——> | | | |
| 3.8.1 Komist úr fullu ofrisi eða eftir að ofrisvörn hefur virkað, í klifri, farflugi og aðflugsham | | | P | X | | | |
| 3,9 Verklagsreglur í blindflugi | | | | | | | |
| 3.9.1* Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt | | P——> | ——> | ——> | | M | |
| 3.9.2* Verklagsreglur í biðflugi | | P——> | ——> | ——> | | | |
| 3.9.3* Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð ekki undir 60 m (200 fet) | | | | | | | |
| 3.9.3.1* handflogið, án flugbeinis | | | P——> | ——> | | M (færnipróf eingöngu) | |
| 3.9.3.2* handflogið, með flugbeini | | | P——> | ——> | | | |
| 3.9.3.3* sjálfvirkt, með sjálfstýringu | | | P——> | ——> | | | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.9.3.4* handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu.<br>Í flugvélum sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug með eftirlíktri hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við grunnaðflugið eins og lýst er í 3.9.4. Fráflug skal hafið þegar náð er útgefinni lágmarkshæð yfir hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er minnstu lækkunarflughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við 3.9.3.4. | | | P——> | ——> | | M | |
| 3.9.4* Grunnaðflug niður að lágmarks-lækkunarhæð/-flughæð | | | P*—> | ——> | | M | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.9.5 Hringaðflug við eftirtaldar aðstæður:<br>a)* aðflug að leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs að viðkomandi flugvelli í samræmi við blindaðflugsbúnað á staðnum og við eftirlíkt blindflugsskilyrði,<br>og að því loknu:<br>b) hringaðflug að annarri flugbraut sem er minnst 90° frá miðlínu lokaaðflugs, sem notuð var í a-lið, í leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs.<br>Athugasemd: ef flug-umferðarstjórn leyfir ekki a- og b-lið má líkja eftir aðflugsferli í lélegu skyggni. | | | P*—> | —> | | | |
| 4. HLUTI | | | | | | | |
| 4. Verklagsreglur við fráflug | | | | | | | |
| 4.1 Fráflug með alla hreyfla virka* þegar ákvörðunarhæð er náð eftir blindlendingaraðflug | | | P*—> | —> | | | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 4.2 Aðrar verklagsreglur við fráflug | | | P*—> | —> | | | |
| 4.3* Handflogið fráflug þegar líkt er eftir að markhreyfill sé óvirkur eftir blindaðflug þegar ákvörðunarhæð, lágmarkslækkunarhæð eða fráflugshæð (MAPt) er náð | | | P*—> | —> | | M | |
| 4.4 Hætt við lendingu í 15 m (50 feta) hæð yfir flugbrautarþröskuldi og fráflug | | | P—> | —> | | | |
| 5. HLUTI | | | | | | | |
| 5. Lendingar | | | | | | | |
| 5.1 Venjulegar lendingar*, einnig eftir blindlendingaraðflug, og skipt yfir í sjónflug þegar ákvörðunarhæð er náð | | | P | | | | |
| 5.2 Lending þegar líkt er eftir því að hæðarstýriskambur sé fastur í rangri stöðu | | | P—> | Ekki má nota loftfar fyrir þessa æfingu | | | |
| 5.3 Lendingar í hliðarvindi (í loftfari ef mögulegt er) | | | P—> | —> | | | |
| 5.4 Umferðarhringur og lending með flapa og raufunga óútdregna eða útdregna að hluta | | | P—> | —> | | | |
| 5.5 Lending þegar líkt er eftir að markhreyfill sé óvirkur | | | P—> | —> | | M | |

| FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | A | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>A | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5.6 Lending með tvo hreyfla óvirka:<br>— þriggja hreyfla flugvélar: miðhreyfill og annar ytri hreyfill eftir því sem framkvæmanlegt er samkvæmt flughandbók flugvélarinnar,<br>— fjögurra hreyfla flugvélar: tveir hreyflar sömu megin | | | P | X | | M<br>Eingöngu FFS<br>(færni-próf ein-göngu) | |

*Almennar athugasemdir:*

Sérstakar kröfur vegna viðbótarréttinda við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður að ákvörðunarhæð lægri en 200 fet (60 m), þ.e. til starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki (CAT II/III).

| 6. HLUTI | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blind-aðflug niður í ákvörðunar-hæð minni en 60 m (200 fet) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)).<br><br>Eftirtalin flugbrögð og verk-lag eru lágmarksþjálfunar-kröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað flugvélar sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð lægri en 60 m (200 fet). | | | | | | | |
| 6.1* Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR) | | | P*——> | ——>X<br>Ekki má nota loftfar við þessa æfingu | | M* | |

<table>
<tr><th>FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU</th><th colspan="5">VERKLEG ÞJÁLFUN</th><th colspan="2">ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF</th></tr>
<tr><th rowspan="2">Flugbrögð/Verklag</th><th></th><th></th><th></th><th></th><th rowspan="2">Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið</th><th>Prófað í</th><th rowspan="2">Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið</th></tr>
<tr><th>OTD</th><th>FTD</th><th>FFS</th><th>A</th><th>FFS<br>A</th></tr>
<tr><td>6.2* Blindlendingaraðflug: við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlað verklag við áhafnarsamstarf (verkaskiptingu, verklag við útköll, gagnkvæmt eftirlit, upplýsingaskipti og upplýsingagjöf)</td><td></td><td></td><td>P——></td><td>——></td><td></td><td>M</td><td></td></tr>
<tr><td>6.3* Hætt við lendingu:<br>eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð.<br><br>Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, fráviki flugvélar út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í flugvél áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar er líkt er eftir bilun í tækjabúnaði flugvélar.</td><td></td><td></td><td>P——></td><td>——></td><td></td><td>M</td><td></td></tr>
<tr><td>6.4* Lending(ar):<br><br>þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.</td><td></td><td></td><td>P——></td><td>——></td><td></td><td>M</td><td></td></tr>
</table>

*Athugasemd:* Aðflug skv. II. eða III. flokki (CAT II/III) skal fara fram í samræmi við viðeigandi flugrekstrarkröfur.

7. Flokksáritanir — sjór.

Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 6. hluta til framlengingar á flokksáritun fyrir fjölhreyfils sjóflugvélar, einungis samkvæmt sjónflugsreglum.

| FLOKKSÁRITUN SJÓR | VERKLEG ÞJÁLFUN | |
|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI | | |
| 1. **Brottför** | | |
| 1.1 Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t.<br>Flugskjöl<br>Massi og jafnvægi<br>Veðurathugun<br>Tilkynningar til flugmanna | | |
| 1.2 Prófanir fyrir flug<br>Ytri/innri | | |
| 1.3 Gangsetning hreyfla og verklag eftir gangsetningu<br>Eðlilegar bilanir | | |
| 1.4 Akstur | | |
| 1.5 Hraðakstur á vatni | | |
| 1.6 Legufæri: Strönd<br>Hafnargarður<br>Bauja | | |
| 1.7 Siglt án hreyfilafls | | |
| 1.8 Prófanir fyrir brottför:<br>Hreyfill hitaður upp<br>(ef við á) | | |
| 1.9 Verklag við flugtak:<br>Eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók<br>Í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi) | | |
| 1.10 Klifur<br>Beygjur í nefstefnur<br>Farið í lárétt flug | | |
| 1.11 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |
| 2. HLUTI | | |
| 2. **Flugstörf (í sjónflugi)** | | |
| 2.1 Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega lágum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að $V_{MCA}$ ef við á) | | |

| FLOKKSÁRITUN SJÓR | VERKLEG ÞJÁLFUN | |
|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 2.2 Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla) | | |
| 2.3 Ofris og komist úr því:<br>i. Hreint ofris,<br>ii. Flogið að ofrisi í lækkunar-beygju með halla í aðflugs-ham með hreyfilafli<br>iii. Flogið að ofrisi í lendingar-ham með hreyfilafli<br>iv. Flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaksflapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvél) | | |
| 2.4 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |
| 3. HLUTI | | |
| 3. **Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum** | | |
| 3.1 Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur | | |
| 3.2 Hæð, nefstefnu og hraða haldið | | |
| 3.3 Áttun, tímasetning og endurskoðun áætlaðs komutíma | | |
| 3.4 Notkun leiðsöguvirkja (ef við á) | | |
| 3.5 Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu) | | |
| 3.6 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |
| 4. HLUTI | | |
| 4. **Komur og lendingar** | | |
| 4.1 Verklag við komu að flugvelli (láðs- og lagarflugvélar eingöngu) | | |
| 4.2 Eðlileg lending | | |
| 4.3 Lending án flapa | | |
| 4.4 Lending í hliðarvindi (ef aðstæður leyfa) | | |
| 4.5 Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir vatnsborði (einungis eins hreyfils flugvél) | | |

| FLOKKSÁRITUN SJÓR | VERKLEG ÞJÁLFUN | |
|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 4.6 Hætt við lendingu í lágmarkshæð | | |
| 4.7 Lending á spegilsléttu vatni<br>Lending á úfnu vatni | | |
| 4.8 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |
| 5. HLUTI | | |
| 5. **Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum**<br><br>(Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta) | | |
| 5.1 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða | | |
| 5.2 Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar) | | |
| 5.3 Eftirlíkt nauðlending án hreyfilafls (einungi eins hreyfils flugvélar) | | |
| 5.4 Eftirlíkt neyðarástand:<br>i. eldur eða reykur á flugi,<br>ii. bilanir í kerfum eftir því sem við á | | |
| 5.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |
| 6. HLUTI | | |
| 6. **Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli í fjölhreyfla flugvél**<br><br>(Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta) | | |
| 6.1 Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu og flugleiðsöguþjálfi II) | | |
| 6.2 Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (einungis færniprófi í fjölhreyfla flugvél) | | |
| 6.3 Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu | | |
| 6.4 Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending | | |
| 6.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti | | |

C. **Sértækar kröfur fyrir þyrlur**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skal umsækjandinn standast hluta 1 til 4 og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

2. Hvað varðar hæfnipróf fyrir blindflugsáritun skal umsækjandinn standast 5. hluta í hæfniprófinu. Falli umsækjandinn í fleiri en þremur atriðum verður hann að taka allan 5. hluta aftur. Umsækjandi sem fellur þremur atriðum eða færri skal taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverjum atriðum upptökuprófs, þar með talið í þeim atriðum í 5. hluta sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

   a) starfrækt þyrluna innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

   f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

   g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er.

   a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum

   Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |
| fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |
| Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |

   Ferli haldið:

| | |
|---|---|
| með aðflugstækjum | ± 5° |

| | |
|---|---|
| Nákvæmnisaðflug | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

Hraði:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 10 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

b) Takmarkanir í sjónflugi

Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

Hraði:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 10 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

Rek miðað við jörð:

| | |
|---|---|
| Vokað í jarðhrifum í flugtaki | ± 3 fet |
| Lending | ± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar) |

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

ALMENNT

5. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir einstjórnarþyrlu eða þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður sem er ekki við stjórn fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu.

6. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

   Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

   FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

   FTD = Flugþjálfunartæki

   H = Þyrla

7. Stjörnumerkt atriði (*) skulu einungis fara fram við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði (IMC) ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlu eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund.

8. Verklag við blindflug (5. hluti) skal einungis fara fram ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund. Nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3 í þessum tilgangi.

9. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

10. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef flughermisþjálfinn er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

    i. viðurkenning flughermisþjálfans eins og sett er fram í OR-hluta,

    ii. starfsréttindi kennarans og prófdómarans,

    iii. hversu mikið af þjálfuninni á námskeiðinu er veitt í flughermisþjálfa,

    iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum og

v. hversu mikla reynslu flugmaðurinn fær í flugi undir umsjón eftir að nýja tegundaráritunin er gefin út.

FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR

11. Umsækjendur um færnipróf til útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu og atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu aðeins taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. hluta.

12. Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu skulu taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. hluta.

| EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | FTD | FFS | H | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS H | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug | | | | | | |
| 1.1 Þyrla skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar | | | P | | M (ef framkvæmt í þyrlunni) | |
| 1.2 Skoðun stjórnklefa | | P | ——> | | M | |
| 1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | P | ——> | ——> | | M | |
| 1.4 Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara | | P | ——> | | M | |
| 1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak | P | ——> | ——> | | M | |
| 2. HLUTI — Flugbrögð og verklag | | | | | | |
| 2.1 Flugtök (með ýmsu sniði) | | P | ——> | | M | |
| 2.2 Flugtök og lendingar í halla eða í hliðarvindi | | P | ——> | | | |
| 2.3 Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi) | P | ——> | ——> | | | |
| 2.4 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun rétt áður en ákvörðunarpunkti flugtaks eða skilgreindum öryggispunkti eftir flugtak er náð | | P | ——> | | M | |
| 2.4.1 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun skömmu eftir að ákvörðunarpunkti flugtaks eða skilgreindum öryggispunkti eftir flugtak er náð | | P | ——> | | M | |
| 2.5 Beygjur í klifri og lækkun í ákveðna stefnu | P | ——> | ——> | | M | |

| EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | FTD | FFS | H | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS H | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 2.5.1 Beygjur með 30° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri, þegar einungis er stýrt eftir mælitækjum | P | ——> | ——> | | M | |
| 2.6 Lækkun með sjálfsnúningi þyrils | P | ——> | ——> | | M | |
| 2.6.1 Lending með sjálfsnúningi þyrils (einungis eins hreyfils þyrlur) eða afl endurheimt | | P | ——> | | M | |
| 2.7 Lendingar, með ýmsu sniði | | P | ——> | | M | |
| 2.7.1 Hætt við lendingu eða lending eftir eftirlíkta hreyfilbilun áður en ákvörðunarpunkti í lendingu eða skilgreindum öryggispunkti fyrir lendingu er náð. | | P | ——> | | M | |
| 2.7.2 Lending eftir eftirlíkta hreyfilbilun eftir að ákvörðunarpunkti í lendingu eða skilgreindum öryggispunkti fyrir lendingu er náð. | | P | ——> | | M | |
| 3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags | | | | | | |
| 3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags: | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 3.1 Hreyfill | P | ——> | ——> | | | |
| 3.2 Loftjöfnun (hitun, loftræsting) | P | ——> | ——> | | | |
| 3.3 Hraðanemakerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.4 Eldsneytiskerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.5 Rafkerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.6 Vökvakerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.7 Stýri og stýrisstillar | P | ——> | ——> | | | |
| 3.8 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.9 Sjálfstýring/flugbeinir | P | ——> | ——> | | | |
| 3.10 Stöðugleikabúnaður | P | ——> | ——> | | | |

| EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | FTD | FFS | H | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS H | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.11 Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari | P | ——> | ——> | | | |
| 3.12 Svæðisleiðsögukerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 3.13 Lendingarbúnaður | P | ——> | ——> | | | |
| 3.14 Aukaaflsstöð | P | ——> | ——> | | | |
| 3.15 Talstöð, leiðsögubúnaðar, mælitæki, flugkerfi | P | ——> | ——> | | | |
| 4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum | | | | | | |
| 4. Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 4.1 Brunaæfingar (þ.m.t. rýming, ef við á) | P | ——> | ——> | | | |
| 4.2 Reykhindrun og reykræsting | P | ——> | ——> | | | |
| 4.3 Hreyfilbilanir, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju í öruggri hæð | P | ——> | ——> | | | |
| 4.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt) | P | ——> | ——> | | | |
| 4.5 Bilun í stjórnbúnaði stélþyrils (ef við á) | P | ——> | ——> | | | |
| 4.5.1 Stélþyrill óvirkur (ef við á) | P | ——> | Ekki má nota þyrlu við þessa æfingu | | | |
| 4.6 Flugverji óstarfhæfur — fjölstjórnarþyrlur eingöngu | P | ——> | ——> | | | |
| 4.7 Bilanir í gírkassa | P | ——> | ——> | | | |
| 4.8 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók | P | ——> | ——> | | | |

| EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | FTD | FFS | H | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS H | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði) | | | | | | |
| 5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak. | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.2 Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.3 Verklagsreglur í biðflugi | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4 Blindlendingaraðflug niður í ákvörðunarhæð skv. I. fl. (CAT I) | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4.1 Handflogið, án flugbeinis | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.4.2 Nákvæmnisaðflug, handvirkt með eða án flugbeinis | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.4.3 Með sjálfstýringu tengda | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum. (Líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða að loknu fráflugi) | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.5 Grunnaðflug niður í lágmarks-lækkunarflughæð/-hæð | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.6 Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.6.1 Aðrar verklagsreglur við fráflug | P* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð | P* | | | | M* | |

| EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | | | | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| | FTD | FFS | H | | FFS<br>H | |
| 5.7 Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsaðstæður | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.8 Komist úr óeðlilegri stöðu | P* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 6. HLUTI — Notkun valfrjáls búnaðar | | | | | | |
| 6. Notkun valfrjáls búnaðar | P | ——> | ——> | | | |

D. **Sértækar kröfur fyrir vænghnitur**

1. Hvað varðar færnipróf eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir vænghnitur skal umsækjandinn standast hluta 1 til 5 og 6. hluta (ef við á) í færni eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

a) starfrækt vænghnitu innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

e) alltaf haldið góðri stjórn á vænghnitunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og

g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.

3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar vænghnitu sem notuð er.

a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum:

Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ±100 fet |
| fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |
| Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |

Ferli haldið:

| | |
|---|---|
| eftir aðflugstækjum | ± 5° |
| í nákvæmnisaðflugi | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

Hraði:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 10 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

b) Takmarkanir í sjónflugi

Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

Hraði:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 10 hnútar |
| líkt eftir hreyfilbilun | +10 hnútar/–5 hnútar |

Rek miðað við jörð:

| | |
|---|---|
| Vokað í jarðhrifum í flugtaki | ± 3 fet |
| Lending | ± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar) |

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

PL = Vænghnita

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir vænghnitu skulu aðeins taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á vænghnitu skulu taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. og/eða 7. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þau eru hluti af samþykktu námskeiði til tegundarréttinda. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

   a) viðurkenning flughermisþjálfans eins og kveðið er á um í OR-hluta,

   b) starfsréttindi kennarans.

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS PL | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug | | | | | | | |
| 1.1 Vænghnita skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar | | | | P | | | |
| 1.2 Skoðun stjórnklefa | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | P | ——> | ——> | ——> | | M | |
| 1.4 Akstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara | | P | ——> | ——> | | | |
| 1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak þ.m.t. prófun á afli | P | ——> | ——> | ——> | | M | |
| 2. HLUTI — Flugbrögð og verklag | | | | | | | |
| 2.1 Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum<br>Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL)), þ.m.t. hliðarvindur<br>Upphækkaðir þyrluvellir<br>Þyrluvellir á jörðu niðri | | P | ——> | ——> | | M | |
| 2.2 Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi) | | P | ——> | | | | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS PL | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 2.3.1 Hætt við flugtak:<br>við starfrækslu á flugbraut<br>við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli<br>við starfrækslu nálægt jörðu | | P | ——> | | | M | |
| 2.3.2 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun eftir að farið er yfir ákvörðunarpunkt:<br>við starfrækslu á flugbraut<br>við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli<br>við starfrækslu nálægt jörðu | | P | ——> | | | M | |
| 2.4 Lækkun með sjálfsnúningi þyrils í þyrluham til jarðar (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | P | ——> | ——> | | | M Eingöngu FFS | |
| 2.4.1 Lækkun með sjálfsnúningi skrúfu í flugvélaham (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | | P | ——> | | | M Eingöngu FFS | |
| 2.5 Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjónflugsreglum<br>Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL))<br>Upphækkaðir þyrluvellir<br>Þyrluvellir á jörðu niðri | | P | ——> | ——> | | M | |
| 2.5.1 Lending með eftirlíktri hreyfilbilun eftir að ákvörðunarpunkti er náð:<br>við starfrækslu á flugbraut<br>við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli<br>við starfrækslu nálægt jörðu | | | | | | | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>PL | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 2.6 Fráflug eða lending í kjölfar eftirlíktrar hreyfilbilunar áður en ákvörðunar-punkti er náð | | P | ——> | | | M | |
| 3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags | | | | | | | |
| 3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtal-inna kerfa og ferla/verklags (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viður-kenndur fyrir æfinguna): | | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 3.1 Hreyfill | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.2 Þrýstijöfnun og loftjöfnun (hitun, loftræsting) | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.3 Hraðanemakerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.4 Eldsneytiskerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.5 Rafkerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.6 Vökvakerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.7 Stýri og stýrisstillari | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.8 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun (ef uppsett) | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.9 Sjálfstýring/flugbeinir | P | —> | —> | | | | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>PL | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.10 Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleikabúnaður | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.11 Veðurratsjá, ratsjár-hæðarmælir, ratsjár-svari, jarðvarakerfi (ef uppsett) | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.12 Lendingarbúnaður | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.13 Aukaaflsstöð | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.14 Talstöð, leiðsögu-búnaðar, mælitæki og flugkerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 3.15 Flapakerfi | P | ——> | ——> | | | | |
| 4. HLUTI — VERKLAGSREGLUR VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM | | | | | | | |
| 4. Verklagsreglur við óvenjulegar að-stæður og í neyðar-tilvikum<br>(má ljúka í flug-hermisþjálfa ef hann er viðurkennd-ur fyrir æfinguna) | | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 4.1 Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaafl-stöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þar með talin rýming, ef við á | P | ——> | ——> | | | | |
| 4.2 Reykhindrun og reykræsting | P | ——> | ——> | | | | |
| 4.3 Hreyfilbilun, hreyf-ill stöðvaður og gangsettur að nýju<br>(ekki skal nota loftfar fyrir þessa æfingu) þ.m.t. skipt úr þyrluham í flugvélarham með einn hreyfil óstarfhæfan (e. *OEI conversion*) og öfugt | P | ——> | ——> | | | Ein-göngu FFS | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS PL | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 4.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt, ef uppsett) | P | ——> | ——> | | | | |
| 4.5 Vindhvörf við flugtak og lendingu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | | | P | | | Eingöngu FFS | |
| 4.6 Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegarými/neyðarlækkun (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | P | ——> | ——> | | | Eingöngu FFS | |
| 4.7 Atburður í tengslum við árekstrarvarakerfi (ACAS) (ekki skal nota loftfar fyrir þessa æfingu) | P | ——> | ——> | | | Eingöngu FFS | |
| 4.8 Óstarfhæfni flugverja | P | ——> | ——> | | | | |
| 4.9 Bilanir í gírkassa | P | ——> | ——> | | | Eingöngu FFS | |
| 4.10 Komist úr fullu ofrisi (með og án afls) eða eftir að ofrisvörn hefur virkað, í klifri, farflugi og aðflugsham (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | P | ——> | ——> | | | Eingöngu FFS | |
| 4.11 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók | P | ——> | ——> | | | | |
| 5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði) | | | | | | | |
| 5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak. | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi eftir að ákvörðunarpunkti er náð | P* | ——>* | ——>* | | | M* | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS PL | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5.2 Farið eftir brott-farar- og komu-leiðum og fyrir-mælum flugum-ferðarstjórnar fylgt | P* | ——>* | ——>* | | | M* | |
| 5.3 Verklagsreglur í biðflugi | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.4 Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunar-hæð ekki undir 60 m (200 fet) | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.4.1 Handflogið, án flugbeinis | P* | ——>* | ——>* | | | M* (Færni-próf ein-göngu) | |
| 5.4.2 Handflogið, með flugbeini | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.4.3 Með sjálfstýringu | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu. | P* | ——>* | ——>* | | | M* | |
| 5.5 Grunnaðflug niður í lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð | P* | ——>* | ——>* | | | M* | |
| 5.6 Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.6.1 Aðrar verklagsreglur við fráflug | P* | ——>* | ——>* | | | | |
| 5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð | P* | | | | | M* | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>PL | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5.7 Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsskilyrði til að lenda á flugbraut í þyrluham eingöngu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu) | P* | ——>* | ——>* | | | M*<br>Eingöngu FFS | |
| 5.8 Komist úr óeðlilegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyfingu) | P* | ——>* | ——>* | | | M* | |
| 6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)) | | | | | | | |
| 6. Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)).<br>Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað vænghnitu sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð lægri en 60 m (200 fet). | | | | | | | |
| 6.1 Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR) | | P | ——> | | | M* | |
| 6.2 Blindlendingaraðflug<br>við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlaðar verklagslegur við áhafnarsamstarf | | P | ——> | ——> | | M* | |

| VÆNGHNITUR | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/Verklag | OTD | FTD | FFS | PL | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS PL | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 6.3 Hætt við lendingu eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, frá-viks loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í loftfarinu áður en ákvörðunar-hæð er náð og, hætt við lendingu þegar líkt er eftir bilun í tækjabúnaði loftfarsins. | | P | ——> | ——> | | M* | |
| 6.4 Lending(ar) þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flug-leiðsögukerfi leyfir. | | P | ——> | | | M* | |
| 7. HLUTI — valfrjáls búnaður | | | | | | | |
| 7. Notkun valfrjáls búnaðar | | P | ——> | ——> | | | |

E. **Sértækar kröfur fyrir loftskip**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir loftskip skal umsækjandinn standast hluta 1 til 5 og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

i. starfrækt loftskipið innan þeirra takmarka sem því eru sett,

ii. lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

iii. viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

iv. beitt þekkingu á flugleiðsögu,

v. alltaf haldið góðri stjórn á loftskipinu með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

vi. skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og

vii. haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.

3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftskips sem notað er.

a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum:

Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |
| fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |
| Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð | + 50 fet/– 0 fet |

Ferli haldið:

| | |
|---|---|
| eftir aðflugstækjum | ± 5° |
| í nákvæmnisaðflugi | hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

b) Takmarkanir í sjónflugi:

Hæð:

| | |
|---|---|
| Almennt | ± 100 fet |

Nefstefna:

| | |
|---|---|
| Eðlileg starfræksla | ± 5° |
| Óeðlileg starfræksla/neyðarástand | ± 10° |

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

As = Loftskip

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir loftskip skulu aðeins taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á loftskip skulu taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þau eru hluti af námskeiði til tegundarréttinda. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) viðurkenning flughermisþjálfans eins og kveðið er á um í OR-hluta,

b) starfsréttindi kennarans.

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug | | | | | | | |
| 1.1 Fyrirflugsskoðun | | | | P | | | |
| 1.2 Skoðun stjórnklefa | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti | | P | ——> | ——> | | M | |
| 1.4 Verklag þegar loftskip ef laust frá mastri og tilfærslur á jörðu | | | P | ——> | | M | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak | P | ——> | ——> | ——> | | M | |
| 2. HLUTI — Flugbrögð og verklag | | | | | | | |
| 2.1 Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum | | | P | ——> | | M | |
| 2.2 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun | | | P | ——> | | M | |
| 2.3 Flugtak með þunga > 0 (þungt flugtak) | | | P | ——> | | | |
| 2.4 Flugtak með þunga < 0 (létt flugtak) | | | P | ——> | | | |
| 2.5 Verklag við venjulegt klifur | | | P | ——> | | | |
| 2.6 Klifur í þrýstingshæð | | | P | ——> | | | |
| 2.7 Greining þrýstingshæðar | | | P | ——> | | | |
| 2.8 Flug í eða nálægt þrýstingshæð | | | P | ——> | | M | |
| 2.9 Eðlileg lækkun flugs og aðflug | | | P | ——> | | | |
| 2.10 Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjónflugsreglum | | | P | ——> | | M | |
| 2.11 Lending með þunga > 0 (þung lending) | | | P | ——> | | M | |
| 2.12 Lending með þunga < 0 (létt lending) | | | P | ——> | | M | |
| Hér á að vera eyða | | | | | | | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags | | | | | | | |
| 3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna): | | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 3.1 Hreyfill | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.2 Þrýstijöfnun belgs | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.3 Hraðanemakerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.4 Eldsneytiskerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.5 Rafkerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.6 Vökvakerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.7 Stýri og stýrisstillari | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.8 Loftpokakerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.9 Sjálfstýring/ flugbeinir | P | —> | —> | ——> | | | |
| 3.10 Stöðugleikabúnaður | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.11 Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari, jarðvarakerfi (ef uppsett) | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.12 Lendingarbúnaður | P | ——> | ——> | ——> | | | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í<br>FFS<br>As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 3.13 Aukaaflsstöð | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 3.14 Talstöð, leiðsögubúnaðar, mælitæki og flugkerfi | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| Hér á að vera eyða | | | | | | | |
| 4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum | | | | | | | |
| 4. Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum<br>(má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna) | | | | | | M | Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta |
| 4.1 Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þar með talin rýming, ef við á | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 4.2 Reykhindrun og reykræsting | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 4.3 Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju<br>Á ákveðnum stigum flugs, þ.m.t. hreyfilbilun í mörgum hreyflum | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 4.4 Óstarfhæfni flugverja | P | ——> | ——> | ——> | | | |
| 4.5 Bilanir í skiptingu/gírkassa | P | ——> | ——> | ——> | | Eingöngu FFS | |
| 4.6 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók | P | ——> | ——> | ——> | | | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði) | | | | | | | |
| 5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak. | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.2 Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.3 Verklagsreglur í biðflugi | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4 Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð ekki undir 60 m (200 fet) | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4.1 Handflogið, án flugbeinis | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* (Færnipróf eingöngu) | |
| 5.4.2 Handflogið, með flugbeini | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4.3 Með sjálfstýringu | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu. | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 5.5 Grunnaðflug niður í lágmarkslækkunarflughæð/-hæð | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS As | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 5.6 Hætt við lendingu með alla hreyfla virka þegar ákvörðunarflug-hæð/-hæð eða lág-markslækkunarflug-hæð/-hæð er náð | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.6.1 Aðrar verklags-reglur við fráflug | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | | |
| 5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð | P* | | | | | M* | |
| 5.7 Komist úr óeðlilegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyfingu) | P* | ——>* | ——>* | ——>* | | M* | |
| 6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). | | | | | | | |
| 6. Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunar-kröfur til að blind-aðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftir-talin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað loftskips sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunar-hæð lægri en 60 m (200 fet). | | | | | | | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS As | Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 6.1 Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR) | | P | ——> | | | M* | |
| 6.2 Blindlendingaraðflug<br>Við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlað verklag við áhafnarsamstarf | | P | ——> | | | M* | |
| 6.3 Hætt við lendingu<br>eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð.<br>Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, fráviki loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í flugvél áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar er líkt er eftir bilun í tækjabúnaði flugvélar. | | P | ——> | | | M* | |
| 6.4 Lending(ar)<br>Þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir. | | P | ——> | | | M* | |

| LOFTSKIP | VERKLEG ÞJÁLFUN | | | | | FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flugbrögð/verklag | OTD | FTD | FFS | As | Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið | Prófað í FFS As | Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið |
| 7. HLUTI — valfrjáls búnaður | | | | | | | |
| 7. Notkun valfrjáls búnaðar | | P | ——> | | | | |

*II. VIÐAUKI*

## SKILYRÐI FYRIR BREYTINGU GILDANDI ÞJÓÐARSKÍRTEINA OG ÁRITANA FYRIR FLUGVÉLAR OG ÞYRLUR

A. FLUGVÉLAR

1. **Flugmannsskírteini**

Flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) hvað varðar atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, og atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, standist, í hæfniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar-/flokks- og blindflugsáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

c) sýni fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Þjóðarskírteini | Fartímar alls | Viðbótarkröfur | Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði<br>*(þar sem við á)* | Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini | |
|---|---|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | |
| ATPL(A) | > 1500 sem flugstjóri á fjölstjórnar-flugvélum | Engar | ATPL(A) | á ekki við | a) |
| ATPL(A) | > 1500 á fjöl-stjórnarflug-vélum | engar | eins og í 4. dálki, reit c | eins og í 5. dálki, reit c | b) |
| ATPL(A) | > 500 á fjöl-stjórnarflug-vélum | sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515 | ATPL(A) með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðar-flugmann | sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta | c) |
| CPL/IR(A) og staðist bóklegt ATPL-próf í samræmi við reglur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar í aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins | | i. sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615<br>ii. að uppfylla aðrar kröfur í c-lið FCL.720.A | CPL/IR(A) með viðurkenningu á bóklegu prófi vegna ATPL | á ekki við | d) |
| CPL/IR(A) | > 500 á fjöl-stjórnarflug-vélum, eða við starfrækslu í fjölstjórnar-umhverfi á einstjórnar-flugvélum í CS-23 mjótluflokki, eða jafngildandi, í samræmi við kröfurnar í OPS-hluta fyrir flutningaflug | i. standast bók-legt próf vegna ATPL(A) í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins(*)<br>ii. að uppfylla aðrar kröfur í c-lið FCL.720.A | CPL/IR(A) með viðurkenningu á bóklegu prófi vegna ATPL | á ekki við | e) |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | |
|---|---|---|---|---|---|
| CPL/IR(A) | > 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum | engar | CPL/IR(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnar-flugvélar | | f) |
| CPL/IR(A) | < 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu á viðeigandi stigi fyrir CPL/IR | eins og í 4. dálki, reit f | þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnar-flugvél í samræmi við FCL-hluta | g) |
| CPL(A) | > 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum | næturflugsáritun, ef við á | CPL(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnar-flugvélar | | h) |
| CPL(A) | < 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum | i. næturflugs-áritun, ef við á,<br>ii. að sýna fram á þekkingu í gerð flug-áætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 | eins og í 4. dálki, reit h | | i) |
| Einkaflugmanns-skírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (PPL/IR(A)) | ≥ 75 í samræmi við blindflugs-reglur | næturflugsáritun ef næturflugs-réttindin eru ekki innifalin í blind-flugsréttindunum | PPL/IR(A) (blindflugs-réttindi tak-mörkuð við einkaflugmanns-skírteini) | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615 | j) |
| PPL(A) | > 70 á flugvélum | sýna notkun leiðsöguvirkja | PPL(A) | | k) |

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í 3. dálki, reitum e til i, í töflunni hér að framan.

2. **Kennaravottorð**

Kennaravottorð sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

| Innlend vottorð eða réttindi | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð samkvæmt FCL-hluta |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) |
| FI(A)/IRI(A)/TRI(A)/CRI(A) | eins og krafist er samkvæmt FCL-hluta fyrir viðkomandi vottorð | á ekki við | FI(A)/IRI(A)/TRI(A)/CRI(A) |

3. **Vottorð flugþjálfakennara (SFI)**

Vottorð flugþjálfakennara sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi uppfylli eftirfarandi kröfur:

| Innlent vottorð | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð samkvæmt FCL-hluta |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) |
| SFI(A) | > 1500 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarflugvél | i. að hafa eða hafa haft CPL, MPL eða ATPL fyrir flugvélar sem gefið er út í aðildarríki,<br>ii. hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs þ.m.t. áhafnarsamstarf. | SFI(A) |
| SFI(A) | þriggja ára nýleg reynsla sem SFI | hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs, þ.m.t. áhafnarsamstarf | SFI(A) |

Breytingin skal gilda í þrjú ár hið lengsta. Framlenging skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

4. **Vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarflugvél (STI)**

Vottorði flugþjálfakennara á einstjórnarflugvél, sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur, má breyta í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Innlent vottorð | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) |
| STI(A) | > 500 tímar sem flugmaður á einstjórnarflugvél | i. hafa eða hafa haft flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki,<br>ii. hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda | STI(A) |
| STI(A) | þriggja ára nýleg reynsla sem STI | hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda | STI(A) |

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

B. ÞYRLUR

1. **Flugmannsskírteini**

Flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) standist, í hæfniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar- og blindflugsáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

c) sýni fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Þjóðarskírteini | Fartímar alls | Viðbótarkröfur | Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði (þar sem við á) | Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini | |
|---|---|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | |
| ATPL(H) með blindflugsréttindum | > 1000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) með blindflugs-réttindum | á ekki við | a) |
| ATPL(H) án blind-flugsréttinda | > 1000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum | engar | ATPL(H) | | b) |
| ATPL(H) með blindflugsréttindum | > 1000 á fjölstjórnarþyrlur | engar | ATPL(H) með blindflugs-réttindum, með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann | að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta | c) |
| ATPL(H) án blind-flugsréttinda | > 1000 á fjölstjórnarþyrlur | engar | ATPL(H), með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann | að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta | d) |
| ATPL(H) með blindflugsréttindum | > 500 á fjölstjórnarþyrlur | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515 og b-lið FCL.615 | eins og í 4. dálki, reit c | eins og í 5. dálki, reit c | e) |
| ATPL(H) án blind-flugsréttinda | > 500 á fjölstjórnarþyrlur | eins og í 3. dálki, reit e | eins og í 4. dálki, reit d | eins og í 5. dálki, reit d | f) |
| CPL/IR(H) og stað-ist bóklegt ATPL-próf í samræmi við reglur Alþjóðaflug-málastofnunarinnar í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins | | i. að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615<br>ii. að uppfylla eftirstandandi kröfur í b-lið FCL.720.H | CPL/IR(H) með viðurkenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu að því tilskildu að bóklega ATPL(H)-prófið í samræmi við reglur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar teljist vera á viðeigandi stigi atvinnuflugmanns-skírteinis 1. flokks (ATPL) samkvæmt FCL-hluta | á ekki við | g) |
| CPL/IR(H) | > 500 stundir á fjölstjórnarþyrlum | i. að standast próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflug-mannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks samkvæmt FCL-hluta í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins(*)<br>ii. að uppfylla þær kröfur sem eftir eru í b-lið FCL.720.H | CPL/IR(H) með viðurkenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu samkvæmt FCL-hluta | á ekki við | h) |

| (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | |
|---|---|---|---|---|---|
| CPL/IR(H) | > 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | engar | CPL/IR(H) með tegundaráritun sem takmarkast við einstjórnarþyrlur | þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu eins og krafist er í FCL-hluta | i) |
| CPL/IR(H) | < 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 | eins og í 4. dálki, reit i | | j) |
| CPL(H) | > 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | næturflugsáritun | CPL(H) með tegundaráritun sem takmarkast við einstjórnarþyrlur | | k) |
| CPL(H) | < 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | næturflugsáritun að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 | eins og í 4. dálki, reit k | | l) |
| CPL(H) án næturflugsáritunar | > 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | | eins og í 4. dálki, reit k, og takmarkast við sjónflug að degi til | þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu eins og krafist er í FCL-hluta og næturflugsáritun | m) |
| CPL(H) án næturflugsáritunar | < 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 | eins og í 4. dálki, reit k, og takmarkast við sjónflug að degi til | | n) |
| PPL/IR(H) | ≥ 75 í samræmi við blindflugsreglur | næturflugsáritun ef næturflugsréttindin eru ekki innifalin í blindflugsréttindunum | PPL/IR(H) (blindflugsáritun takmörkuð við einkaflugmannsskírteini) | að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615 | o) |
| PPL(H) | ≥ 75 á þyrlum | sýna notkun leiðsöguvirkja | PPL (H) | | p) |

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í 3. dálki, reitum e til i, í töflunni hér að framan.

*2.* **Kennaravottorð**

Kennaravottorð sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

| Innlend vottorð eða réttindi | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) |
| FI(H)/IRI(H)/TRI(H) | eins og krafist er samkvæmt FCL-hluta fyrir viðkomandi vottorð | | FI(H)/IRI(H)/TRI(H) (*) |

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

3. **Vottorð flugþjálfakennara (SFI)**

Vottorð flugþjálfakennara sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi uppfylli eftirfarandi kröfur:

| Innlent vottorð | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | (4) |
| SFI(H) | > 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu | i. að hafa eða hafa haft CPL, MPL eða ATPL sem gefið er út í aðildarríki,<br>ii. hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs, þ.m.t. áhafnarsamstarf | SFI(H) |
| SFI(H) | þriggja ára nýleg reynsla sem SFI | hafa lokið við flughermishluta viðeigandi tegundaráritunarnámskeiðs, þ.m.t. áhafnarsamstarf | SFI(H) |

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

4. **Vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlu (STI)**

Vottorði flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlu, sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur, má breyta í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

| Innlent vottorð | Reynsla | Viðbótarkröfur | Nýtt vottorð |
|---|---|---|---|
| 1) | 2) | 3) | 4) |
| STI(H) | > 500 tímar sem flugmaður á einstjórnarþyrlu | i. hafa eða hafa haft flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki,<br>ii. hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda | STI(H) |
| STI(H) | Þriggja ára nýleg reynsla sem STI | hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda | STI(H) |

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

*III. VIÐAUKI*

**SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKI SKÍRTEINA SEM GEFIN ERU ÚT AF ÞRIÐJU LÖNDUM EÐA FYRIR HÖND ÞEIRRA**

A. FULLGILDING SKÍRTEINA

**Almenn atriði**

1. Lögbært yfirvald aðildarríkis má fullgilda flugmannsskírteini sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

   Flugmenn skulu leggja inn beiðni til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem þeir hafa búsetu eða staðfestu í eða, ef þeir eru ekki búsettir á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, þar sem flugrekandinn sem þeir fljúga fyrir, eða hafa í hyggju að fljúga fyrir, hefur höfuðstöðvar sínar.

2. Fullgilding skírteinis skal ekki gilda í meira en eitt ár, að því tilskildu að grunnskírteini gildi áfram.

   Lögbæra yfirvaldið sem gaf út fullgildinguna má aðeins framlengja þetta tímabil einu sinni að því tilskildu að flugmaðurinn hafi á fullgildingartímanum sótt um eða hafið þjálfun vegna útgáfu skírteinis samkvæmt FCL-hluta. Þessi framlenging gildir þann tíma sem þarf til að gefa skírteinið út samkvæmt FCL-hluta.

   Handhafar skírteinis sem samþykkt er af aðildarríki skulu neyta réttinda sinna í samræmi við kröfurnar í FCL-hluta.

**Flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi**

3. Hvað varðar flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi, skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) standast, í færniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

   b) sýna fram á að hann/hún hafi aflað sér þekkingar á viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

   c) sýna fram á þekkingu sína í ensku í samræmi við FCL.055,

   d) hafa gilt 1. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við MED-hlutann,

   e) hvað varðar flugvélar, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

| Skírteini | Heildarfartímar | Réttindi | |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | |
| ATPL(A) | > 1500 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum | Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum | a) |
| ATPL(A) eða CPL(A)/IR(*) | > 1500 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstarkröfum | Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum | b) |
| CPL(A)/IR | > 1000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar | Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum | c) |
| CPL(A)/IR | > 1000 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstarkröfum | Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt OPS-hluta | d) |
| ATPL(A), CPL(A)/IR, CPL(A) | > 700 tímar á flugvélum öðrum en ferðavélsvifflugum, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum | Réttinda neytt í flugvélum í öllu flugi nema flutningaflugi | e) |

| (1) | (2) | (3) | |
|---|---|---|---|
| CPL(A) | > 1500 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi, þ.m.t. 500 tímar í starfrækslu sjóflugvéla | Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum | f) |

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(A)/IR) fyrir fjölstjórnarflugvélar skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.

f) hvað varðar þyrlur, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

| Skírteini | Heildarfartímar | Réttindi | |
|---|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) | |
| ATPL(H) með blindflugsréttindum | > 1000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum | Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjón- og blindflugi | a) |
| ATPL(H) án blindflugs-réttinda | > 1000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum | Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi | b) |
| ATPL(H) með blindflugsréttindum | > 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu | Flutningaflug á fjölstjórnar-þyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjón- og blindflugi | (c) |
| ATPL(H) án blindflugs-réttinda | > 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu | Flutningaflug á fjölstjórnar-þyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjónflugi | d) |
| CPL(H)/IR(*) | > 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu | Flutningaflug sem aðstoðar-flugmaður á fjölstjórnarþyrlum | e) |
| CPL(H)/IR | > 1000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar | Flugstjóri í flutningaflugi á einstjórnarþyrlum | f) |
| ATPL(H) með eða án blindflugsréttinda, CPL(H)/IR, CPL(H) | > 700 tímar á þyrlum öðrum en þeim sem skráðar eru sam-kvæmt CS-27/29, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum | Réttinda neytt í þyrlum í öllu flugi nema flutningaflugi | g) |

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.

**Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni með blindflugsréttindi**

4. Hvað varðar einkaflugmannsskírteini með blindflugsáritun, eða atvinnuflugmannsskírteini og atvinnuflugmanns-skírteini 1. flokks með blindflugsáritun, þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) standast færniprófið fyrir blindflugsáritun og þær tegundar- eða flokksáritanir sem eiga við réttindi þess skírteinis sem hann er handhafi að í samræmi við 7. og 9. viðbæti við FCL-hluta,

b) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast þekkingu í lögum og reglum um loftferðir, flugveðurkóðum, gerð flugáætlana og afkastagetu (blindflugsáritun) og mannlegri getu,

c) sýna fram á þekkingu sína í ensku í samræmi við FCL.055,

d) vera minnst handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

e) hafa lágmarksreynslu sem nemur 100 blindflugstímum sem flugstjóri á viðkomandi gerð loftfars.

**Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni án blindflugsréttinda**

5. Hvað varðar einkaflugmannsskírteini, eða atvinnuflugmannsskírteini og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks án blindflugsáritunar þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast þekkingu í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

   b) standast færniprófið til einkaflugmannsskírteinis eins og tilgreint er í FCL-hluta,

   c) uppfylla viðeigandi kröfur FCL-hluta vegna útgáfu tegundar- eða flokksáritunar sem á við réttindi þess skírteinis sem viðkomandi hefur,

   d) hafa minnst 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

   e) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

   f) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 tímum sem flugmaður á viðkomandi gerð loftfars.

**Fullgilding flugmannsskírteina fyrir sérstök tímabundin verkefni**

6. Þrátt fyrir ákvæði liðanna hér að framan er aðildarríkjum heimilt, að því er varðar flug fyrir framleiðendur, að samþykkja skírteini, sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, að hámarki í 12 mánuði fyrir sérstök tímabundin verkefni t.d. kennsluflug áður en loftfar er tekið fyrst í notkun, sýningarflug, ferjuflug eða reynsluflug, að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

   a) sé handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða réttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

   b) starfi beint eða óbeint hjá flugvélaframleiðanda.

   Í því tilviki skulu réttindi handhafans takmarkast við að kenna og prófa fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana, eftirlit með fyrstu leiðarflugsþjálfun flugmanna hjá flugrekandanum, afhendingu flugvéla eða ferjuflug, fyrstu leiðarflugsþjálfun, sýningarflug eða reynsluflug.

B. BREYTING SKÍRTEINA

1. Flugmannsskírteini (PPL/BPL/SPL), CPL eða ATPL sem þriðja land gefur út, í samræmi við kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, má breyta í skírteini samkvæmt FCL-hluta (PPL/BPL/SPL) með flokks- eða tegundaráritun fyrir einstjórnarloftfar frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

   Flugmaðurinn skal leggja inn beiðni til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem hann/hún hefur búsetu eða staðfestu í.

2. Handhafi skírteinisins skal uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur fyrir viðkomandi gerð loftfars:

   a) standast skriflegt próf í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

   b) standast PPL/BPL/SPL færnipróf, eins og við á, í samræmi við FCL-hluta,

   c) uppfylla kröfurnar fyrir útgáfu viðkomandi flokks- eða tegundaráritunar í samræmi við H-kafla,

   d) hafa minnst 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við MED-hlutann,

   e) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

   f) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður.

C. VIÐURKENNING FLOKKS- OG TEGUNDARÁRITANA

1. Gilda flokks- eða tegundaráritun í skírteini sem þriðja land gefur út má yfirfæra í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn:

   a) uppfylli reynslukröfurnar og forsendur fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar samkvæmt FCL-hluta,

   b) standist viðeigandi færnipróf fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar samkvæmt FCL-hluta,

   c) fljúgi stöðugt,

d) hafi ekki minna en:

i. fyrir flugvélaflokksáritun: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki,

ii. fyrir tegundaráritanir fyrir flugvélar: 500 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iii. fyrir eins hreyfils þyrlur með hámarksflugtaksmassa allt að 3175 kg: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iv. fyrir allar aðrar þyrlutegundir: 350 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki.

*IV. VIÐAUKI*

**[MED-hluti (heilbrigðishluti)]**

A-KAFLI

***ALMENNAR KRÖFUR***

*1. ÞÁTTUR*

***Almenn atriði***

**MED.A.001 Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan hluta merkir „lögbært yfirvald“:

a) hvað varðar fluglæknasetur (AeMC):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er staðsett, tilnefnir,

2) Flugöryggisstofnunin, ef fluglæknasetrið er staðsett í þriðja landi,

b) hvað varðar fluglækna (AME):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglækna er staðsett, tilnefnir,

2) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um vottorð fluglæknis, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi,

c) hvað varðar heimilislækna (GMP), yfirvald sem aðildarríkið, þar sem heimilislæknirinn tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir,

d) fyrir lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum (OHMP) sem meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða, yfirvald sem aðildarríkið, þar sem sérfræðingurinn í atvinnusjúkdómum tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir.

**MED.A.005 Gildissvið**

Í þessum hluta eru tilgreindar kröfur fyrir:

a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem gerð er krafa um í tengslum við neytingu réttinda sem tengjast flugmannsskírteini eða flugnema,

b) heilbrigði öryggis- og þjónustuliða,

c) vottun fluglækna, og

d) menntun og hæfi heimilislækna og lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum.

**MED.A.010 Skilgreiningar**

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

– „Viðurkennt læknisfræðilegt mat“: niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af skírteinisyfirvaldi, hafa komist að í tilteknu tilviki á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, í samráði við sérfræðinga í flugrekstri eða aðra sérfræðinga eftir þörfum.

– „Mat“: niðurstaðan varðandi heilbrigði einstaklings, sem byggist á heilsufarssögu einstaklingsins og/eða heilbrigðisskoðun hjá fluglækni eins og gerð er krafa um í þessum hluta og frekari rannsóknum eftir þörf, og/eða heilsufarsprófum s.s., en þó ekki takmarkað við, hjartalínurit, blóðþrýstingsmælingu, blóðrannsókn, röntgenmyndatöku.

– „Litviss“: geta umsækjanda til að greina auðveldlega þá liti sem notaðir eru í flugleiðsögu og greina réttilega lituð ljós sem notuð eru í flugi.

– „Augnsérfræðingur“: augnlæknir eða sérfræðingur í augnumhirðu sem hefur réttindi og hæfi til sjónmælinga og hefur hlotið þjálfun í að greina sjúkdómsástand.

– „Skoðun“: athugun, þreifing, ásláttur, hlustun eða aðrar rannsóknaraðferðir sem notaðar eru við greiningu á sjúkdómum.

– „Rannsókn“: mat á sjúkdómsástandi sem grunur leikur á um að umsækjandi hafi með skoðunum og prófunum til að ákvarða hvort heilsufarsástand sé til staðar eða ekki.

– „Skírteinisyfirvald“: lögbæra yfirvald þess aðildarríkis sem gaf út skírteinið, eða þar sem einstaklingur sækir um skírteini, eða, þegar einstaklingur hefur enn ekki sótt um skírteini, lögbæra yfirvaldið í samræmi við þennan hluta,

– „Takmörkun“: skilyrði, sem skráð er í heilbrigðisvottorð, skírteini eða heilsufarsskýrslu öryggis- og þjónustuliða, sem fara skal eftir þegar neytt er réttinda skírteinis eða staðfestingar öryggis- og þjónustuliða,

– „Sjónlagsgalli“: sjónlag mælt í þeim ás augans sem mest frávik hefur og er mælt með stöðluðum aðferðum í ljósbrotseiningum (e. *dioptres*).

**MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta**

Allir einstaklingar sem koma að heilbrigðisskoðunum, -mati og -vottorðum skulu tryggja að þagnarskyldan sé ávallt virt.

**MED.A.020 Skert heilbrigði**

a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða vottorða ef:

1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,

2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti,

3) þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að hafa áhrif á flugöryggi.

b) Að auki skulu handhafar skírteina, án ástæðulausrar tafar, leita ráða fluglæknis ef þeir:

1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

3) hafa orðið fyrir verulegum líkamsmeiðslum sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

4) hafa glímt við hvers kyns alvarleg veikindi sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

5) eru barnshafandi,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu,

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

c) Í þessum tilfellum:

1) skulu handhafar 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorða leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal meta heilbrigði handhafa skírteinisins og skal skera úr um getu hans til að neyta réttinda sinna áfram,

2) skulu handhafar heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL) leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni, eða heimilislækninum sem skrifaði undir heilbrigðisvottorðið. Fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn skal meta heilbrigði handhafa skírteinis og skera úr um getu þeirra til að neyta réttinda sinna áfram.

d) Öryggis- og þjónustuliðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari og, þar sem við á, ekki neyta réttinda staðfestingu öryggis- og þjónustuliða sé þeim kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að gegna skyldu- og ábyrgðarstörfum sínum á sviði öryggismála.

e) Að auki skulu öryggis- og þjónustuliðar, án ástæðulausrar tafar, leita ráða hjá fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum ef um er að ræða heilsufarsástand af því tagi sem tilgreint er í 1.-5. lið b-liðar. Fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum skal meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða og ákveða hvort þeir séu hæfir að nýju til að sinna öryggisstörfum sínum.

**MED.A.025 Skyldur fluglæknaseturs, fluglækna, heimilislækna og lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum**

a) Þegar fluglæknasetur, fluglæknir, heimilislæknir eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum framkvæmir heilbrigðisskoðun og/eða -mat skal hann:

1) tryggja að samskiptin við einstaklinginn séu án tungumálaerfiðleika,

2) gera einstaklingnum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína.

b) Að lokinni heilbrigðisskoðun og/eða -mati skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn, heimilislæknirinn og læknirinn sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum:

1) upplýsa einstaklinginn um það hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur eða vísa honum til skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetursins eða fluglæknisins, eftir því sem við á,

2) upplýsa einstaklinginn um allar takmarkanir sem kunna að takmarka flugþjálfun eða réttindi skírteinisins eða staðfestingu öryggis- og þjónustuliða, eftir því sem við á,

3) upplýsa einstaklinginn um rétt hans til að fá aðra endurskoðun ef hann hefur verið metinn sem ekki hæfur, og

4) ef um er að ræða umsækjendur um heilbrigðisvottorð, framsenda tafarlaust til skírteinisyfirvaldsins undirritaða skýrslu, eða skýrslu sem er staðfest með rafrænum hætti, sem á að innihalda niðurstöður úr matinu og afrit af heilbrigðisvottorðinu.

c) Fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar eða læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum skulu geyma skýrslur með upplýsingum um heilbrigðisskoðanir og -mat sem framkvæmt er í samræmi við þennan hluta, og niðurstöður þeirra, í samræmi við landslög.

d) Þegar þess er krafist vegna heilbrigðisvottunar og/eða eftirlitsstarfsemi skulu fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar og læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum framsenda allar heilbrigðisskrár og -skýrslur og allar aðrar viðeigandi upplýsingar til heilbrigðisskorar lögbæra yfirvaldsins sé þess óskað.

## *2. ÞÁTTUR*

### ***Kröfur um heilbrigðisvottorð***

**MED.A.030 Heilbrigðisvottorð**

a) Flugnemi skal ekki fljúga einflug nema hann hafi heilbrigðisvottorð eins og krafist er vegna viðeigandi skírteinis.

b) Umsækjendur um og handhafar að flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa a.m.k. samsvarandi heilbrigðisvottorð.

c) Umsækjendur um og handhafar að einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns og flugmannsskírteini fyrir loftbelg skulu hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð.

d) Umsækjendur um og handhafar að skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelg, sem starfrækja svifflugu eða loftbelg í atvinnuflugi, skulu hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð.

e) Sé næturflugsáritun bætt við einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir létt loftför skal skírteinishafi vera litviss.

f) Umsækjendur um og handhafar að atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu hafa 1. flokks heilbrigðisvottorð.

g) Ef blindflugsréttindum er bætt í einkaflugmannsskírteini skal skírteinishafi gangast undir heyrnarmælingu með hreinum tónum í samræmi við þá tíðni og þann staðal sem krafist er af handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða.

h) Skírteinishafi skal aldrei hafa nema eitt heilbrigðisvottorð í einu, útgefið í samræmi við þennan hluta.

**MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð**

a) Umsóknir um heilbrigðisvottorð skulu vera með því sniði sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

b) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu, eftir því sem við á, láta fluglæknasetrinu, fluglækninum eða heimilislækninum, í té:

1) sönnun um hverjir þeir eru,

2) undirritaða yfirlýsingu:

i. um læknisfræðileg atriði sem varða heilsufarssögu þeirra,

ii. um hvort þeir hafi áður gengist undir skoðun vegna heilbrigðisvottorðs og, ef svo er, hjá hverjum og með hvaða niðurstöðu,

iii. um hvort þeir hafi verið einhvern tímann verið metnir ekki hæfir eða að heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið tímabundið fellt úr gildi eða afturkallað.

c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun á heilbrigðisvottorði skulu umsækjendur framvísa heilbrigðisvottorði í fluglæknasetrinu, hjá fluglækninum eða heimilislækninum áður en viðeigandi skoðanir fara fram.

**MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða**

a) Aðeins skal gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð þegar heilbrigðisskoðunum og/eða -mati, sem gerð er krafa um, er lokið og umsækjandi hefur verið metinn hæfur.

b) Fyrsta útgáfa:

1) Fluglæknasetur skal gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út 2. flokks heilbrigðisvottorð.

3) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gefin út af fluglæknasetri, fluglækni eða af heimilislækni ef landslög aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út heimila það.

c) Framlenging og endurnýjun:

1) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út, framlengja eða endurnýja 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gefin út, framlengd eða endurnýjuð af fluglæknasetri, fluglækni eða af heimilislækni ef landslög aðildarríkisins þar sem skírteinið er útgefið heimila það.

d) Fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn skulu aðeins gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð ef:

1) umsækjandinn hefur látið þeim í té alla heilsufarssögu sína og, ef fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn fer fram á það, niðurstöður heilbrigðisskoðana og -prófana sem framkvæmdar hafa verið af lækni umsækjandans eða öðrum sérfræðilæknum, og

2) fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn hafa framkvæmt mat á flugheilbrigði sem byggir á heilbrigðisskoðunum og -prófunum, eins og gerð er krafa um vegna viðeigandi heilbrigðisvottorðs, til að sannreyna að umsækjandinn uppfylli allar viðeigandi kröfur þessa hluta.

e) Ef um er að ræða vísun máls getur fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða skírteinisyfirvaldið farið fram á að umsækjandinn gangist undir frekari heilbrigðisskoðanir og rannsóknir þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi áður en heilbrigðisvottorð er gefið út, framlengt eða endurnýjað.

f) Skírteinisyfirvald má gefa út eða endurútgefa heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, ef:

1) um er að ræða vísun máls,

2) yfirvaldið hefur sýnt fram á að nauðsynlegt sé að breyta upplýsingunum á vottorðinu.

**MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða**

a) *Gildistími*

1) 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda í 12 mánuði.

2) Gildistími 1. flokks heilbrigðisvottorða styttist í sex mánuði fyrir handhafa vottorðs sem:

i. flytja farþega í einstjórnarloftförum í flutningaflugi og hafa náð 40 ára aldri,

ii. hafa náð 60 ára aldri.

3) 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til handhafi vottorðsins nær 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði fyrir þá sem eru á milli 40 og 50 ára. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 50 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 51 árs aldri, og

iii. í 12 mánuði eftir að 50 ára aldri er náð.

4) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til handhafi vottorðsins nær 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði eftir að 40 ára aldri er náð.

5) Gildistími heilbrigðisvottorðs, þ.m.t. allar tengdar skoðanir eða sérstakar rannsóknir, skal:

i. ákveðinn eftir aldri umsækjanda á þeim degi sem heilbrigðisskoðunin fer fram, og

ii. reiknaður út frá dagsetningu heilbrigðisskoðunarinnar, ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá deginum sem fyrra heilbrigðisvottorð fellur úr gildi, ef um er að ræða framlengingu.

b) *Framlenging*

Skoðun og/eða mat vegna framlengingar heilbrigðisvottorðs má eiga sér stað allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi.

c) *Endurnýjun*

1) Uppfylli handhafi heilbrigðisvottorðs ekki ákvæði b-liðar skal farið fram á skoðun vegna endurnýjunar og/eða mats.

2) Þegar um er að ræða 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð gildir eftirfarandi:

i. Ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en 2 árum má fluglæknasetrið eða fluglæknirinn aðeins framkvæma skoðun vegna endurnýjunar eftir að heilbrigðisskýrslur umsækjandans hafa verið metnar,

ii. Ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en 5 árum gilda kröfurnar um skoðanir til fyrstu útgáfu og skal matið byggt á kröfunum um framlengingu.

3) Ef um er að ræða heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn meta heilsufarssögu umsækjanda og framkvæma heilbrigðisskoðun og/eða -mat í samræmi við MED.B.095.

**MED.A.050 Tilvísun**

a) Ef umsækjanda um 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð er vísað til skírteinisyfirvalda í samræmi við MED.B.001, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn til skírteinisyfirvaldsins.

b) Ef umsækjanda um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför er vísað til fluglæknis eða fluglæknaseturs í samræmi við MED.B.001 skal heimilislæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn yfir til fluglæknasetursins eða fluglæknisins.

B-KAFLI

***KRÖFUR UM HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGMANNA***

*1. ÞÁTTUR*

***Almenn atriði***

**MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum**

a) *Takmarkanir í 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorðum*

1) Ef umsækjandinn uppfyllir ekki að fullu kröfurnar fyrir viðeigandi flokk heilbrigðisvottorðs, en er ekki talinn líklegur til að ógna flugöryggi, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn:

i. hvað varðar umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorðs, vísa ákvörðuninni um hæfi umsækjandans til skírteinisyfirvaldsins, eins og tilgreint er í þessum hluta,

ii. hvað varðar tilfelli þar sem tilvísun til skírteinisyfirvalds er ekki tilgreind í þessum hluta, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur,

iii. hvað varðar umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, meta það hvort umsækjandi er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti til samræmis við eina eða fleiri takmarkanir áritaðar á heilbrigðisvottorðið og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um), eftir því sem þörf krefur, í samráði við skírteinisyfirvaldið,

iv. fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjanda til skírteinisyfirvaldsins.

b) *Takmarkanir í heilbrigðisvottorði vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför*

1) Komist heimilislæknir að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til sjúkrasögu umsækjanda, að umsækjandi uppfylli ekki að fullu kröfur um heilbrigði skal hann vísa umsækjanda til fluglæknaseturs eða fluglæknis, að undanskildum þeim sem óska eftir takmörkun sem varðar einungis notkun leiðréttingarlinsa.

2) Ef umsækjanda um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför hefur verið vísað áfram skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn, að teknu tilhlýðilegu tilliti til MED.B.095, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, til samræmis við eina eða fleiri takmarkanir áritaðar á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal alltaf meta þörfina á því að takmarka möguleika flugmanns á því að fljúga með farþega (takmörkun við flug án farþega (OPL)).

3) Heimilislæknir getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjanda til fluglæknaseturs eða fluglæknis.

c) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg skal sérstaklega skoða:

1) hvort viðurkennt læknisfræðilegt mat gefi til kynna að undir sérstökum kringumstæðum stofni umsækjandinn ekki flugöryggi í hættu með því að neyta réttinda sinna þrátt fyrir að hann uppfylli ekki allar tölulegar kröfur eða aðrar kröfur,

2) getu, hæfni og reynslu umsækjanda sem skipta máli fyrir fyrirhugaða starfrækslu.

d) *Kóðar fyrir starfrækslutakmarkanir*

1) Takmörkun við fjölstjórnarumhverfi (OML — einungis 1. flokkur)

i. Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða fjölstjórnarskírteinis stenst ekki að fullu kröfur um 1. flokks heilbrigðisvottorð og honum hefur verið vísað til skírteinisyfirvalds skal meta hvort gefa megi heilbrigðisvottorðið út með takmörkunina „gildir einungis sem aðstoðarflugmaður eða með aðstoðarflugmanni með réttindi". Þetta mat skal vera í höndum skírteinisyfirvaldsins.

ii. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi skal aðeins starfrækja loftfar í fjölstjórnarumhverfi þegar hinn flugmaðurinn hefur full réttindi á viðeigandi tegund loftfars, er ekki háður takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi og hefur ekki náð 60 ára aldri.

iii. Einungis skírteinisyfirvaldið getur gefið út eða afnumið takmörkunina við fjölstjórnarumhverfi fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Takmörkun við öryggisflugmann (OSL — 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkun við öryggisflugmann skal aðeins starfrækja loftfar að því tilskildu að annar flugmaður sé um borð með full réttindi sem flugstjóri á viðeigandi flokk eða tegund loftfars, að loftfarið sé útbúið tvöföldum stjórntækjum og að hinn flugmaðurinn sitji við stjórntækin.

ii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út eða afnema takmörkun við öryggisflugmann fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð, að höfðu samráði við skírteinisyfirvaldið.

3) Takmörkun við flug án farþega (OPL – 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkun við flug án farþega skal aðeins starfrækja loftfar án þess að hafa farþega um borð.

ii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út takmörkun við flug án farþega fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð, að höfðu samráði við skírteinisyfirvaldið.

iii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út takmörkun við flug án farþega fyrir heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför.

e) Leggja má aðrar takmarkanir á handhafa heilbrigðisvottorðs sé farið fram á það til að tryggja flugöryggi.

f) Allar takmarkanir sem lagðar eru á handhafa skulu tilgreindar á heilbrigðisvottorði.

## *2. ÞÁTTUR*

## ***Heilbrigðiskröfur vegna 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorða***

### MED.B.005 Almenn atriði

a) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu ekki þjást af:

1) neinum galla, meðfæddum eða ákomnum,

2) neinum virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða skerðingu á starfsgetu,

3) neinu sári, meiðsli eða afleiðingum aðgerðar,

4) verkun eða aukaverkun lyfs hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils og hvort sem það er ætlað til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika sinna,

sem gæti valdið skerðingu á starfhæfni sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti eða gæti valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) Í tilfellum þar sem vísað er til skírteinisyfirvaldsins að ákvarða heilbrigði umsækjanda um 1. flokks heilbrigðisvottorð er þessu yfirvaldi heimilt að fela fluglæknasetri ákvörðunina, nema þegar þörf er á takmörkun við fjölstjórnarumhverfi.

c) Í tilfellum þar sem vísað er til skírteinisyfirvaldsins að ákvarða heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð er þessu yfirvaldi heimilt að fela fluglæknasetri eða fluglækni ákvörðunina, nema þegar þörf er á takmörkun við öryggisflugmann eða takmörkun við flug án farþega.

### MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

a) *Skoðun*

1) Ef klínísk ábending er fyrir hendi skal framkvæma staðlað 12-leiðara hjartalínurit í hvíld með skýrslu, og:

i. vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs, við skoðun til fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, svo á fimm ára fresti til 30 ára aldurs, annað hvert ár til 40 ára aldurs, árlega til 50 ára aldurs og eftir það við allar skoðanir vegna framlengingar eða endurnýjunar,

ii. vegna 2. flokks heilbrigðisvottorðs, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og svo á tveggja ára fresti eftir 50 ára aldur.

2) Gerð skal krafa um ítarlegt hjarta- og æðamat ef klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

3) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal framkvæma ítarlegt hjarta- og æðamat við fyrstu skoðun til framlengingar eða endurnýjunar eftir 65 ára aldur og á fjögurra ára fresti eftir það.

4) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal mæla magn lípíða í sermi, þ.m.t. kólesteról, við skoðun til fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs og við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur.

b) *Hjarta- og æðakerfi — almennt*

1) Umsækjendur skulu ekki þjást af neinum hjarta- og æðakvilla sem er líklegt til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

2) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð sem þjást af einhverju eftirfarandi sjúkdómsástandi skulu ekki metnir hæfir:

i. með slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða á kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. með marktæk starfræn frábrigði í einhverri af hjartalokunum,

iii. hafa farið í hjartaígræðslu eða hjarta-/lungnaígræðslu.

3) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð með staðfesta sögu um eða greiningu á einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi skal vísað áfram til skírteinisyfirvaldsins:

i. með útslagæðasjúkdóm, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. með slagæðargúlp í kviðarholshluta ósæðar, ofan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

iii. með afbrigðileika í hjartalokum sem hefur litla starfræna þýðingu,

iv. eftir skurðaðgerð á hjartalokum,

v. með galla í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartaþeli,

vi. með meðfæddan hjartagalla, fyrir eða eftir lagfæringu með skurðaðgerð,

vii. með endurtekin æðavíkkunaraðsvif,

viii. með segamyndun í slagæð eða bláæðum,

ix. með lungnablóðrek,

x. með hjarta- og æðasjúkdóm sem krefst kerfistengdrar meðferðar með segavarnarlyfi.

4) Hjartasérfræðingur skal meta umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem hafa staðfesta sjúkdómsgreiningu á einhverju sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 2. og 3. lið hér að framan, áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) *Blóðþrýstingur*

1) Blóðþrýstingur skal mældur við hverja skoðun.

2) Blóðþrýstingur umsækjanda skal vera innan eðlilegra marka.

3) Umsækjandi um 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. með lágþrýstingseinkenni, eða

ii. með blóðþrýsting við skoðun sem er stöðugt yfir 160 mm Hg slagbilsþrýstingi [og/eða] 95 mm Hg þanbilsþrýstingi, með eða án meðferðar,

skal ekki metinn hæfur.

4) Við upphaf lyfjameðferðar þarf að nema heilbrigðisvottorð úr gildi um tíma til að ganga úr skugga um að engar hliðarverkanir sem máli skipta séu fyrir hendi.

d) *Kransæðasjúkdómur*

1) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með:

i. grun um blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. einkennalausan, minni háttar kransæðasjúkdóm sem ekki þarfnast meðferðar

skal vísað til skírteinisyfirvalds og þeir gangast undir hjartarannsókn til að útiloka blóðþurrð í hjartavöðva áður en hægt er að meta þá hæfa.

2) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með eitthvað af því sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 1. lið skulu gangast undir hjarta- og æðamat áður en hægt er að meta þá hæfa.

3) Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðasjúkdóm með einkennum,

iii. einkenni um kransæðasjúkdóm sem haldið er niðri með lyfjum.

4) Umsækjendur um fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs, sem hafa sögu um eða greiningu á eitthvert af eftirfarandi sjúkdómsástandi, skulu ekki metnir hæfir:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðastífla,

iii. enduræðun vegna kransæðasjúkdóma.

5) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem eru einkennalausir í kjölfar kransæðastíflu eða skurðaðgerðar vegna kransæðasjúkdóms skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvald. Umsækjendum um framlengingu á 1. flokks heilbrigðisvottorði skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

e) *Truflun á slætti eða leiðni*

1) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins þegar þeir hafa marktækar truflanir á hjartaleiðni eða hjartslætti, þ.m.t. eitthvað af eftirtöldu:

i. truflanir á ofanslegilstakti, þar á meðal gúls- og gáttartruflanir, hvort sem þær eru köstóttar eða stöðugar, gáttatif og/eða -flökt og einkennalausa gúlsstöðvun,

ii. algert vinstra greinrof,

iii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 2,

iv. hraðslátt með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd,

v. slegilforörvun,

vi. einkennalaus lenging á QT-bilinu,

vii. Brugada-heilkenni (kemur í ljós á hjartariti).

2) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í 1. lið skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvald.

3) Umsækjendur með eitthvað af eftirtöldu:

i. ófullkomið vinstra greinrof,

ii. fullkomið hægra greinrof,

iii. stöðugt vinstra öxulfrávik,

iv. einkennalaus skútahægsláttur,

v. einkennalausan skútahraðtakt,

vi. einkennalaus, einangruð og einsleit aukaslög ofan slegils eða frá slegli (e. *supra-ventricular/ventricular ectopic complexes*),

vii. gáttasleglarof, fyrsta stig,

viii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 1,

má meta hæfa ef ekki er um neinn annan galla að ræða og með fyrirvara um að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðu.

4) Umsækjendur með sögu um:

i. brottnámsmeðferð,

ii. ígræðslu á gangráði

skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

5) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. gúls- og gáttarsjúkdóm með einkennum,

ii. fullkomið gáttasleglarof,

iii. lengingu á QT-bilinu með einkennum,

iv. sjálfvirkt, ígræðanlegt hjartastuðtæki,

v. gangráð til að stöðva sleglahraðslátt.

**MED.B.015 Öndunarfæri**

a) Umsækjendur með verulega skerðingu á lungnastarfsemi skal ekki meta hæfa. Viðkomandi verður metinn hæfur þegar lungnastarfsemi er aftur orðin eðlileg og telst fullnægjandi.

b) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorða er gerð krafa um að umsækjendur gangist undir próf á lungnastarfsemi við fyrstu skoðun og ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

c) Vegna 2. flokks heilbrigðisvottorða er gerð krafa um að umsækjendur gangist undir próf á lungnastarfsemi ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

d) Umsækjendur sem hafa sögu um eða staðfesta greiningu á:

1) asma sem krefst lyfjameðferðar,

2) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum,

3) virku sarklíki,

4) loftbrjósti,

5) kæfisvefnsheilkenni,

6) meiri háttar brjóstholsaðgerð,

7) lungabrottnámi,

skulu gangast undir öndunarfæraskoðun með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendur sem hafa staðfesta greiningu á sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 3. og 5. lið skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi árangri áður en hægt er að meta þá hæfa.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í d-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal alla umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í d-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

f) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal ekki meta hæfa ef þeir hafa farið í lungnabrottnám.

**MED.B.020 Meltingarkerfið**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina starfræna eða vefræna sjúkdóma í meltingarvegi eða viðhengjum þess sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans sem líklegt er að valdi óstarfhæfni í flugi, einkum allar hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar, skulu ekki metnir hæfir.

c) Umsækjendur skulu vera fullkomlega lausir við kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til óstarfhæfni.

d) Umsækjendur með kvilla í meltingarkerfinu, þ.m.t.:

1) ítrekaðar meltingartruflanir sem þarfnast lyfjameðferðar,

2) brisbólga,

3) gallsteinar með einkennum,

4) staðfest greining á eða saga um langvinna bólgusjúkdóma í þörmum,

5) eftir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra,

skal ekki meta hæfa. Íhuga má að meta þá heilbrigða að lokinni árangursríkri meðferð eða fullum bata eftir skurðaðgerð og með fyrirvara um fullnægjandi þróun meltingarfæra.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með greiningu á sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 2., 4. og 5. lið til skírteinisyfirvaldsins,

2) heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem eru með brisbólgu skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

**MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinar starfrænar eða vefrænar efnaskipta-, næringar- eða innkirtlaraskanir sem eru líklegar til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti,

b) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlatruflanir má meta hæfa með fyrirvara um að sýnt hefur verið fram á að ástandið sé stöðugt og mat á flugheilbrigði hafi farið fram með fullnægjandi niðurstöðu.

c) *Sykursýki*

1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlíns skal ekki meta hæfa.

2) Umsækjendur með sykursýki sem ekki krefst insúlíns skal ekki meta hæfa nema hægt sé að sýna fram á að búið sé að ná stjórn á blóðsykrinum.

d) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykri í samráði við skírteinisyfirvaldið.

**MED.B.030 Blóðsjúkdómar**

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neinn blóðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal blóðrauði prófaður við hverja skoðun vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs.

c) Umsækjendur með blóðsjúkdóm, s.s.:

1) blóðstorknunar-, blæðinga- eða segamyndunarröskun,

2) langvinnt hvítblæði,

má meta hæfa með fyrirvara um mat á flugheilbrigði með fullnægjandi niðurstöðu.

d) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í c-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði allra umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í c-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

e) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með einn af blóðsjúkdómunum sem tilgreindir eru hér á eftir skal vísað til skírteinisyfirvaldsins:

1) óeðlilegan blóðrauða, þ.m.t. en ekki einskorðað við blóðleysi, rauðkornadreyra eða blóðrauðakvilla,

2) marktæka eitlastækkun,

3) miltisstækkun.

**MED.B.035 Þvag- og kynfæri**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina starfræna eða vefræna sjúkdóma í nýrum eða þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Þvagrannsókn skal vera hluti af öllum heilbrigðisskoðunum. Í þvaginu skulu ekki vera nein efni sem benda til sjúkdóma.

c) Umsækjendur með eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í nýrum eða þvagvegi sem eru líklegar til að valda óstarfhæfni, einkum hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.

d) Umsækjendur með röskun á þvag- eða kynfærum, s.s.:

1) nýrnasjúkdóm,

2) einn eða fleiri þvagfærasteina eða sögu um nýrnasteina,

má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi rannsókn á nýrum/þvagfærum.

e) Umsækjendur sem gengist hafa undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum sem felur í sér að líffærin eru fjarlægð að fullu eða að hluta, eða hjáveitu þessara líffæra, skulu ekki metnir hæfir og þeir endurmetnir að hafa náð fullum bata áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins vegna endurmatsins.

**MED.B.040 Smitsjúkdómar**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á neinum smitsjúkdómi sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem eru HIV-jákvæðir má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi mat á flugheilbrigði. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

**MED.B.045 Fæðingar- og kvensjúkdómafræði**

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neitt starfrænt eða vefrænt ástand á sviði fæðingar- eða kvensjúkdómafræði sem er líklegt til að koma í veg fyrir að réttinda viðeigandi skírteina verði neytt með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem gengist hafa undir meiri háttar kvensjúkdómaaðgerð skulu ekki metnir hæfir þar til þeir hafa náð fullum bata.

c) *Þungun*

1) Þegar um er að ræða þungun, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn telur að leyfishafi sé fær um að neyta réttinda sinna skal gildistími heilbrigðisvottorðsins takmarkast við lok 26. viku meðgöngu. Að þeim tíma loknum skal vottorðið falla tímabundið úr gildi. Afturkalla skal tímabundnu niðurfellinguna þegar viðkomandi hefur náð sér að fullu að meðgöngu lokinni.

2) Handhafar 1. flokks heilbrigðisvottorða skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna fram að 26. viku meðgöngu með takmörkun við fjölstjórnarumhverfi (OML). Þrátt fyrir ákvæði MED.B.001 er fluglæknasetrinu eða fluglækninum heimilt í slíku tilviki að setja eða afmá takmörkunina við fjölstjórnarumhverfi.

**MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn galla í beinum, liðum, vöðvum eða sinum, meðfædda eða áunna, sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Umsækjandi skal hafa nægilega sethæð, lengd handleggja og fótleggja og vöðvastyrk til að neyta réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

c) Umsækjandi skal hafa fullnægjandi starfræn not vöðva- og beinakerfis til að tryggja að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti. Heilbrigði umsækjanda skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

**MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu eða klíníska greiningu á geðrænum sjúkdómum eða fötlun, ástandi eða röskun, bráðum eða langvinnum, meðfæddum eða áunnum, sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur með geð- eða atferlisröskun vegna notkunar áfengis eða annarrar notkunar eða misnotkunar á geðvirkum efnum skulu ekki metnir hæfir meðan beðið er eftir bata og að viðkomandi verði laus við notkun vímuefna og með fyrirvara um fullnægjandi geðmat að lokinni árangursríkri meðferð. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) Umsækjendur með geðræna kvilla, s.s.:

1) lyndisröskun,

2) hugsýki,

3) persónuleikaröskun,

4) geð- eða atferlisröskun,

skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.

d) Umsækjendur sem hafa sögu um að hafa einu sinni eða ítrekað reynt að valda sjálfum sér skaða skulu metnir ekki hæfir. Umsækjendur skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í b-, c- eða d-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði allra umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í b-, c- eða d-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

f) Umsækjendur með staðfesta sögu eða klíníska greiningu á geðklofa, geðklofagerðarröskun eða hugvilluröskun skulu metnir ekki hæfir.

**MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta sálræna kvilla sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Sálfræðilegs mats getur verið krafist sem hluta af, eða til viðbótar við, geðfræðilega eða taugafræðilega rannsókn sérfræðings.

**MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á neinum taugasjúkdómi sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem hafa staðfesta sögu um eða klíníska greiningu á:

1) flogaveiki,

2) ítrekuðum truflunum á meðvitund án þekktrar orsakar,

skal ekki meta hæfa.

c) Umsækjendur sem hafa staðfesta sögu um eða klíníska greiningu á:

1) flogaveiki, án upptekningar eftir 5 ára aldur,

2) flogaveiki, án upptekningar og án meðhöndlunar í meira en tíu ár,

3) flogaveikilegum frábrigðum á heilalínuriti og staðbundnum hægum bylgjum,

4) ágengum eða stöðugum sjúkdómi í taugakerfinu,

5) einu atviki þar sem truflun verður á meðvitund án þekktrar orsakar,

6) meðvitundarleysi í kjölfar höfuðáverka,

7) áverki á heila sem nær inn í heilavef,

8) meiðslum á mænu eða úttaugum,

skulu gangast undir frekara mat áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

**MED.B.070 Sjónkerfi**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn galla á virkni augna eða viðhengja þeirra eða sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða eftirstöðvar augnaaðgerðar eða meiðsli, sem líklegt er að komi í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) *Skoðun*

1) Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. skal ítarleg augnskoðun vera hluti af fyrstu skoðun sem skal framkvæmd með reglulegu millibili með hliðsjón af sjónlagi og starfhæfni augans, og

ii. venjuleg augnskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar.

2) Fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð:

i. skal venjuleg augnskoðun vera hluti af fyrstu skoðun og öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar og

ii. gengist skal undir ítarlega augnskoðun ef klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

c) Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án leiðréttingar, skal vera:

1) ef um er að ræða 1. flokks heilbrigðisvottorð, 6/9 (0,7) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri,

2) ef um er að ræða 2. flokks heilbrigðisvottorð, 6/12 (0,5) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/9 (0,7) eða betri. Umsækjandi með skerta sjón á öðru auga má meta hæfan í samráði við skírteinisyfirvaldið með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu,

3) umsækjendur um fyrsta 1. flokks heilbrigðisvottorð með skerta sjón á öðru auga skulu metnir ekki hæfir. Við framlengingu skal vísa umsækjendum með áunna sjónskerðingu á öðru auga til skírteinisyfirvaldsins og má meta þá hæfa ef ólíklegt er að það komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

d) Umsækjandi skal geta lesið N5 spjald (eða jafngilt) í 30-50 cm fjarlægð og N14 spjald (eða jafngilt) í 100 cm fjarlægð með leiðréttingu ef hún sé notuð.

e) Gerð er krafa um að umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu hafa eðlilegt sjónsvið og eðlilega virkni á báðum augum (tvísæi).

f) Umsækjendur sem gengist hafa undir augnaðgerð má meta hæfa með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu.

g) Umsækjendur með klíníska greiningu á keiluglæru má meta hæfa með fyrirvara um rannsókn augnlæknis með fullnægjandi niðurstöðu. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

h) Umsækjendur með:

1) sjónskekkju,

2) sjónlagsmun,

má meta hæfa með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu.

i. Umsækjendur með tvísýni skulu metnir ekki hæfir.

j) Gleraugu og snertilinsur. Ef aðeins er hægt að ná fullnægjandi sjón með notkun sjónleiðréttingar:

1) i. fyrir fjarsýni skal nota gleraugu og snertilinsur á meðan réttinda viðeigandi skírteinis er neytt,

ii. fyrir nærsýni skal hafa nærsýnisgleraugu við höndina á meðan réttinda viðeigandi skírteinis er neytt,

2) varagleraugu með sams konar leiðréttingu skulu vera við hendina þegar réttinda viðkomandi skírteinis/skírteina er neytt,

3) sjónleiðréttingin skal veita bestu mögulega sjón, ekki valda óþægindum og vera hæf til notkunar við flug,

4) ef snertilinsur eru notaðar skulu það vera ólitaðar einskerpulinsur fyrir fjarsýni og ekki valda óþægindum.

5) Umsækjendur með mikinn ljósbrotsgalla skulu nota snertilinsur eða sjóngler af háum gæðum,

6) ekki má nota fleiri en ein gleraugu til að uppfylla sjónkröfurnar,

7) ekki skal nota hornhimnumótandi linsur (e. *orthokeratological lenses*).

**MED.B.075 Litsjón**

a) Gerð er sú krafa á umsækjendur að þeir geti auðveldlega greint þá liti sem nauðsynlegir eru til að þeir geti gengt skyldum sínum með öruggum hætti.

b) *Skoðun*

1) Umsækjendur skulu standast Ishihara-prófið fyrir fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs.

2) Umsækjendur sem ekki standast Ishihara-prófið skulu gangast undir frekari litskynjunarpróf til að staðfesta að þeir séu litvissir.

c) Ef um er að ræða 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu umsækjendur hafa eðlilegt litskyn eða vera litvissir. Umsækjendur sem ekki standast frekari litskynjunarpróf skulu metnir ekki hæfir. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

d) Ef um er að ræða 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu flugréttindi umsækjanda takmörkuð við flug að degi til þegar hann/hún hefur ekki fullnægjandi litskyn.

**MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur**

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina galla á starfsemi eyrna, nefs, hola eða háls, að meðtöldu munnholi, tönnum og barka, eða neitt virkt sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða einhver eftirköst skurðaðgerðar eða meiðsla sem líklegt er að komi í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Heyrn skal vera fullnægjandi til að neyta af öryggi réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina.

c) *Skoðun*

1) Heyrn skal prófuð við allar skoðanir.

i. Hvað varðar 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð, ef bæta á blindflugsréttindum í viðeigandi skírteini, skal heyrn prófuð með heyrnarmælingu með hreinum tónum við fyrstu skoðun og síðari skoðanir til framlengingar eða endurnýjunar, á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð og eftir það á tveggja ára fresti.

ii. Við prófun með heyrnarmælingu með hreinum tónum mega umsækjendur við fyrstu skoðun ekki vera með meira heyrnartap en 35 dB við neina af tíðnunum 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meira en 50 dB við 3000 Hz í hvoru eyra fyrir sig. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun með meira heyrnartap skulu sýna fram á viðunandi heyrn.

iii. Umsækjendur með heyrnarskerðingu skulu sýna fram á viðunandi heyrn.

2) Við fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal gerð ítarleg háls-, nef- og eyrnaskoðun og með reglulegu millibili eftir það ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

d) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með:

1) virkt sjúkdómsferli, brátt eða langvinnt, í innra- eða miðeyra,

2) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu(m),

3) röskun á jafnvægisstarfsemi,

4) marktæka þrengingu nefganga,

5) vanvirkni hola,

6) marktæka aflögun eða marktæka, bráða eða langvinna sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi,

7) marktæka truflun á tali eða rödd,

skal gangast undir frekari heilbrigðisskoðun og -mat til að staðfesta að ástandið komi ekki í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með röskun á jafnvægisstarfsemi til skírteinisyfirvaldsins,

2) heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með röskun á jafnvægisstarfsemi skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

**MED.B.085 Húðsjúkdómafræðilegar kröfur**

Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan húðsjúkdóm sem líklegt er að hafi áhrif á örugga nýtingu réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina.

**MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur**

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdóm sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Eftir meðferð á illkynja sjúkdómi skulu umsækjendur gangast undir fullnægjandi mat hjá krabbameinsfræðingi áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks vottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) Umsækjendur með staðfesta sögu eða klíníska greiningu á illkynja heilaæxli skulu metnir ekki hæfir.

*3. ÞÁTTUR*

***Sérstakar kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL)***

**MED.B.095 Heilbrigðisskoðun og/eða -mat á umsækjendum um heilbrigðisvottorð fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför**

a) Umsækjandi um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför metinn í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

b) Sérstakur gaumur skal gefinn að allri heilsufarssögu umsækjandans.

c) Frummat, síðara endurmat eftir að 50 ára aldri er náð og mat í þeim tilvikum sem fluglæknirinn hefur ekki aðgang að heilsufarssögu umsækjanda skal a.m.k. fela í sér:

1) klíníska skoðun,

2) mælingu blóðþrýstings,

3) þvagpróf,

4) sjónpróf,

5) heyrnarpróf.

d) Að loknu frummati skal síðara endurmat fram að 50 ára aldri fela í sér:

1) mat á heilsufarssögu handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, og

2) þættina í c-lið eins og fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir telur nauðsynlegt í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

C-KAFLI

***KRÖFUR UM HEILBRIGÐI ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA***

*1. ÞÁTTUR*

***Almennar kröfur***

**MED.C.001 Almenn atriði**

Öryggis- og þjónustuliðar mega aðeins sinna þeim skyldum og þeirri ábyrgð, sem krafist er í reglum um flugöryggi í loftfari, ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur í þessum hluta.

**MED.C.005 Mat á flugheilbrigði**

a) Öryggis- og þjónustuliðar skulu gangast undir mat á flugheilbrigði til að sannreyna að þeir séu lausir við alla líkamlega eða geðræna sjúkdóma sem leitt gæti til óstarfhæfni eða óhæfni til að gegna þeim öryggisstörfum og þeirri ábyrgð sem þeim eru falin.

b) Hver öryggis- og þjónustuliði skal gangast undir mat á flugheilbrigði áður en honum eru fyrst falin skyldustörf í loftfari, og eftir það með að hámarki 60 mánaða millibili.

c) Mat á flugheilbrigði skal vera í höndum fluglæknaseturs, fluglæknis eða læknis sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum ef kröfur MED.D.040 eru uppfylltar.

*2. ÞÁTTUR*

***Kröfur um mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða***

**MED.C.020 Almenn atriði**

Öryggis- og þjónustuliðar skulu ekki þjást af:

a) neinum galla, meðfæddum eða ákomnum,

b) neinum virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða fötlun,

c) neinum sárum, meiðslum eða afleiðingum aðgerða, og

d) neinum verkunum eða aukaverkunum lyfs, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem ætlað er til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika sinna, sem tekið er og gæti valdið skerðingu á starfsgetu og gæti leitt til óstarfhæfni eða óhæfni til að gegna þeim öryggisstörfum og þeirri ábyrgð sem þeim eru falin.

**MED.C.025 Efni mats á flugheilbrigði**

a) Frummat á flugheilbrigði skal a.m.k. fela í sér:

   1) mat á heilsufarssögu öryggis- og þjónustuliðans sem leggur fram umsóknina, og

   2) klíníska rannsókn á eftirfarandi:

      i. hjarta- og æðakerfinu,

      ii. öndunarfærunum,

      iii. vöðva- og beinakerfinu,

      iv. hálsi, nefi og eyrum,

      v. sjónkerfinu, og

      vi. litsjón.

b) Allt síðara mat á flugheilbrigði skal fela í sér:

   1) mat á heilsufarssögu öryggis- og þjónustuliða, og

   2) klíníska rannsókn, ef það telst nauðsynlegt í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

c) Hvað varðar a- og b- liði, í vafatilfellum eða þegar klínískar ábendingar gefa tilefni til, skal mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða einnig fela í sér auka heilbrigðisskoðun, -próf eða -rannsókn sem fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum telur nauðsynlega.

*3. ÞÁTTUR*

***Viðbótarkröfur fyrir umsækjendur um, eða handhafa að, staðfestingu öryggis- og þjónustuliða***

**MED.C.030 Læknisskýrsla öryggis- og þjónustuliða**

a) Að loknu hverju mati á flugheilbrigði skulu umsækjendur um, og handhafar að, staðfestingu öryggis- og þjónustuliða:

1) hljóta læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða frá fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum, og

2) veita þeim flugrekanda/flugrekendum sem hafa ráðið þá til starfa viðeigandi upplýsingar eða afrit af læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða.

b) *Læknisskýrsla öryggis- og þjónustuliða*

Í læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða skal koma fram dagsetning er mat á flugheilbrigði fór fram, óháð því hvort öryggis- og þjónustuliðinn hafi verið metinn hæfur eða ekki, dagsetning næsta mats sem krafist er og allar takmarkanir ef við á. Um alla aðra þætti gildir þagnarskylda heilbrigðisstétta í samræmi við MED.A.015.

**MED.C.035 Takmarkanir**

a) Ef handhafar staðfestingar öryggis- og þjónustuliða uppfylla ekki að fullu heilbrigðiskröfurnar sem kveðið er á um í 2. þætti skal fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum meta hvort þeir geti verið færir um að gegna skyldum öryggis- og þjónustuliða með eina eða fleiri takmarkanir.

b) Allar takmarkanir í tengslum við neytingu þeirra réttinda sem staðfesting öryggis- og þjónustuliða veitir skulu tilgreindar í læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða og skal aðeins aflétt af fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum í samráði við fluglækni.

D-KAFLI

***FLUGLÆKNAR (AME), HEIMILISLÆKNAR (GMP), LÆKNAR SEM ERU SÉRFRÆÐINGAR Í ATVINNUSJÚKDÓMUM (OHMP)***

*1. ÞÁTTUR*

***Fluglæknar***

**MED.D.001 Réttindi**

a) Réttindi fluglæknis er að gefa út, framlengja og endurnýja 2. flokks heilbrigðisvottorð og heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför og að framkvæma viðeigandi heilbrigðisskoðun og -mat.

b) Handhafar vottorðs fluglæknis geta sótt um viðbótarréttindi þannig að þau nái yfir heilbrigðisskoðun vegna framlengingar og endurnýjunar á 1. flokks heilbrigðisvottorðum ef þeir uppfylla kröfurnar í MED.D.015.

c) Gildissvið réttinda fluglæknis og öll skilyrði í tengslum við það skulu tilgreind á vottorðinu.

d) Handhafar vottorðs sem fluglæknir skulu ekki framkvæma heilbrigðisskoðun eða -mat í öðru aðildarríki en því sem gaf út vottorð þeirra sem fluglæknir, nema þeir hafi:

1) fengið heimild gistiaðildarríkisins til að sinna atvinnustarfsemi sinni sem sérmenntaður læknir,

2) upplýst lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins að þeir hyggist framkvæma heilbrigðisskoðun og -mat og gefa út heilbrigðisvottorð innan gildissviðs réttinda þeirra sem fluglæknir, og

3) fengið upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins.

**MED.D.005 Umsókn**

a) Umsókn um vottorð fluglæknis skal lögð fram með því sniði og með þeim hætti sem lögbært yfirvald tilgreinir.

b) Umsækjendur um vottorð fluglæknis skulu leggja eftirfarandi fram til lögbærs yfirvalds:

1) persónuupplýsingar og heimilisfang starfseminnar,

2) gögn sem sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar sem settar eru í MED.D.010, þ.m.t. vottorð um að þeir hafi lokið námskeiði í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sótt er um,

3) skriflega yfirlýsingu um að fluglæknirinn muni gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli krafna í þessum hluta.

c) Ef fluglæknirinn framkvæmir heilbrigðisskoðanir á fleiri en einum stað skal hann veita lögbæru yfirvaldi viðeigandi upplýsingar um allar starfsstöðvarnar.

**MED.D.010 Kröfur vegna útgáfu á vottorði fluglæknis**

Umsækjendur um vottorð fluglæknis með réttindi fyrir fyrstu útgáfu, framlengingu og endurnýjun á 2. flokks heilbrigðisvottorðum skulu:

a) vera með full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf og hafa undir höndum vottorð um að hafa lokið sérnámi,

b) hafa lokið grunnnámskeiði í fluglæknisfræði,

c) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að þeir:

1) hafa viðunandi aðstöðu, verklag, skjalahald og rekstrarbúnað sem er viðeigandi fyrir heilbrigðisskoðanir, og

2) hafa tiltækt nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta.

**MED.D.015 Kröfur fyrir viðbótarréttindi**

Umsækjendur um vottorð fluglækna með viðbótarréttindi vegna framlengingar og endurnýjunar á 1. flokks heilbrigðisvottorðum skulu hafa gilt vottorð sem fluglæknir og:

a) hafa lokið a.m.k. 30 skoðunum í tengslum við útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á 2. flokks heilbrigðisvottorðum á að hámarki 5 ára tímabili fyrir umsóknina,

b) hafa lokið framhaldsnámskeiði í fluglæknisfræði, og

c) hafa farið í verklega þjálfun hjá fluglæknasetri eða undir umsjón skírteinisyfirvaldsins.

**MED.D.020 Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði**

a) Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði skulu samþykkt af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem sú stofnun sem veitir námskeiðið hefur aðalstarfsstöð sína. Stofnunin sem veitir námskeiðið skal sýna fram á að námsefni þess sé fullnægjandi og að þeir einstaklingar sem veita þjálfunina búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu.

b) Námskeiðunum skal lokið með skriflegu prófi um þau viðfangsefni sem falla undir innihald námskeiðsins, nema hvað varðar upprifjunarþjálfun.

c) Stofnunin sem veitir námskeiðið skal gefa út vottorð til umsækjenda um að þeir hafi lokið við námskeiðið þegar þeir hafa staðist prófið.

**MED.D.025 Breytingar á vottorði fluglæknis**

a) Fluglæknar skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um eftirfarandi breytingar sem gætu haft áhrif á vottorð þeirra:

1) fluglæknirinn sætir meðferð agabrota eða rannsókn af hálfu eftirlitsstofnunar heilbrigðismála,

2) breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem veiting vottorðsins byggði á, þ.m.t. innihaldi þeirra yfirlýsinga sem lagðar eru fram með umsókninni,

3) kröfurnar fyrir útgáfunni eru ekki lengur uppfylltar,

4) starfsstöð(var) fluglæknis eða heimilisfang hefur breyst.

b) sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkt leiðir það til tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar á réttindum vottorðsins á grundvelli ákvörðunar þess lögbæra yfirvalds sem sviptir tímabundið eða afturkallar vottorðið.

**MED.D.030 Gildistími vottorða fluglækna**

Vottorð fluglæknis skal gefið út til þriggja ára hið lengsta. Það skal framlengt með fyrirvara um að handhafi:

a) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skráningu sem starfandi læknir samkvæmt landslögum,

b) hafi fengið upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði innan síðustu þriggja ára,

c) hafi framkvæmt a.m.k. 10 heilbrigðisskoðanir á hverju ári,

d) uppfylli enn skilyrðin í vottorði sínu, og

e) neyti réttinda sinna í samræmi við þennan hluta.

*2. ÞÁTTUR*

***Heimilislæknar (GMP)***

**MED.D.035 Kröfur fyrir heimilislækna**

a) Heimilislæknar skulu aðeins starfa sem fluglæknar í tengslum við útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför:

   1) ef starfsemi þeirra fer fram í aðildarríki þar sem heimilislæknar hafa viðeigandi aðgang að allri heilsufarsskrá umsækjanda, og

   2) í samræmi við allar viðbótarkröfur sem gilda í samræmi við landslög.

b) Til þess að gefa út heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu heimilislæknar hafa full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf í samræmi við landslög.

c) Heimilislæknar sem starfa sem fluglæknar skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um starfsemi sína.

*3. ÞÁTTUR*

***Læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum (OHMP)***

**MED.D.040 Kröfur fyrir lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum**

Læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum skulu aðeins framkvæma mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða ef:

a) lögbæra yfirvaldið hefur hlotið fullvissu um að viðeigandi innlent fyrirkomulag varðandi heilbrigði starfsmanna geti tryggt að farið verði að viðeigandi kröfum þessa hluta,

b) þeir hafa leyfi til að stunda læknisstörf og menntun á sviði atvinnusjúkdómafræði í samræmi við landslög, og

c) þeir hafa öðlast þekkingu í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir starfsumhverfi öryggis- og þjónustuliða.

---